**HELENA JÓNSDÓTTIR**

*Dansverkin verða til hjá Jóhanni*

bílar ferðir tíska heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HEIMA ER BEST**

*Þjóðlegt silfur í nýrri mynd*

Sérblað um heimili og mat

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




www.expressferdir.is

**FERÐABLAÐ EXPRESS FERÐA**

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. mars 2007 — 61. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Konur vilja líka klám

Jóna Ingibjörg segir konur sífellt sækja í sig veðrið hvað varðar kaup á kynferðislega opinskáu efni og að fólk eigi að hætta að stinga höfðinu í sandinn.



**HELGAREFNI 34**

### Smjörát á kúrekastað

Keppt verður í smjöráti á veitinga- og kúrekastaðnum Tony´s County í kvöld. Sigurvegarinn fær fimmtíu þúsund í verðlaun.



**FÓLK 66**

### Hamingjan er innan í þér

„Við verðum að rækta þá hugsun og þá staðreynd að verðmætin koma ekki utan frá. Hvorki í peningunum, firringunni né innantómu glysinu. Þau eru í okkur sjálfum,“ segir Ellert B. Schram.

**Í DAG 18**

### Tímamót hjá Giggs

Ryan Giggs, sem hefur spilað hjá Man. Utd frá árinu 1991, spilar sinn 700. leik með félaginu í dag þegar liðið sækir Liverpool heim



**ÍÞRÓTTIR 62**

## VEÐRIÐ Í DAG




**FROSTLAUST** Í dag verður suðaustan strekkingur eða allhvasst á austurhluta landsins annars mun hægari. Rigning suðaustan til en víða skúrir annars staðar sést þó á Norðurlandi. Hiti 1-8 stig, mildast síðdegis.

**VEÐUR 4**

# Stjórnarslit ef ekki næst sátt um auðlindaákvæði

**Stjórnarslit blasa við ef sameign þjóðarinnar á auðlindum verður ekki bundin í stjórnarskrá fyrir þinglok. Formaður Framsóknarflokksins og heilbrigðisráðherra lýsa þessu yfir. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir þetta óviðeigandi málflutning, settan fram í hótunarstíl. Stjórnarskráin sé hafin yfir atkvæðaveiðar.**

**STJÓRNMÁL** „Við verðum að ná samkomulagi um þetta í ríkisstjórninni á næstunni og ef það tekst ekki er augljóslega komin gjá á milli flokkanna því við erum ákveðin í að láta reyna á þetta mál,“ segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra sagði á flokksþingi framsóknarmanna í gær að ríkisstjórnin geti átt erfitt með að lifa af ef ekki næst samkomulag um að binda auðlindaákvæði í stjórnarskrá.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að binda beri í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávar. Framsóknarmenn leggja þunga áherslu á að við það verði staðið og það undirstrikaði Jón í yfirlitsræðu sinni á flokksþinginu í gær.

Jón samsinnir Siv um að bregðist það verði stjórnarslit. Minnihlutastjórn verði þá að brúa bilið fram til alþingiskosninganna í maí eða að mynduð verði starfsstjórn.

„Við höfum verið í umræðum um þetta innan ríkisstjórnarinnar, og einnig ég og forsætisráðherra, og honum er vel kunnugt um okkar afstöðu.“ segir Jón. „Tíminn er naumur og við þurfum að hafa hraðar hendur í þessu máli. En eins og menn heyra þá er hugur okkar mjög einarður í þessu máli.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir óviðeigandi að ráðherrar setji fram málefni í hótunarstíl. „Sérstaklega finnst mér óviðeigandi að nota stjórnarskrána til að hífa sig upp um eitt, tvö eða þrjú prósentustig í skoðanakönnunum eða kosningum. Stjórnarskráin er mikilvægara plagg en það.“

Þorgerður segir að í stjórnarsáttmálanum sé ekki klárt orðalag varðandi auðlindirnar. „Stjórnarskrárnefnd, sem hefur lengi verið starfandi undir forystu framsóknarmanns, hefur örugglega gert ágæta hluti. En hún hefur ekki náð endanlegri niðurstöðu um þetta ákvæði. Við höfum gert það sem við höfum viljað og getað gert, einmitt með það í huga að uppfylla skilyrði stjórnarsáttmálans. Stjórnarsamstarfið fram til þessa hefur verið farsælt og gott. Ég hef enga trú á öðru en að formenn flokkanna muni leysa þetta mál. Stjórnarsáttmálinn stendur og svo einfalt er það.“

- shá / - gar sjá síðu 4




**TIL SÓKNAR** Góður rómur var gerður að ræðu Jóns Sigurðssonar við upphaf 29. flokksþings framsóknarmanna í gær. Framsóknarfólk reis úr sætum og fagnaði formanni sínum eftir ræðu hans. Efnt var til hátíðardagskrár í Borgarleikhúsinu þar sem boðið var upp á aðtriði frá Íslenska dansflokknum og Lay Low flutti lag sitt Please don't hate me. - sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Húsleit Samkeppnisstofnunar:

## Grunur um víðtækt samráð í ferðaþjónustu

**SAMKEPPNI** Fundargerðir Samtaka ferðaþjónustunnar var helsti grundvöllur húsleitar Samkeppniseftirlitsins hjá tveimur ferðaskrifstofum og Samtökunum í gær.

Í fundargerðunum kemur meðal annars fram að rætt var um „hótelverð“ og „blokkbókanir“ og hvernig fyrirtæki í ferðaþjónustu gætu brugðist við þeim. Þá var á fundi Samtakanna rætt um óhagstæða gengisþróun og ákveðið að senda félagsmönnum skilaboð vegna verðlagningar. Í beiðni Samkeppniseftirlitsins um húsleitarheimild kemur fram að flestar ferðaskrifstofur hafi í framhaldinu hækkað verðið á utanlandsferðum. - bþs / sjá síðu 2

Íslendingar gætu lent í klemmu með orðanotkun ef evran yrði tekin upp:

## Yrðu að nota „euro“ í lögum

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar gætu þurft að breyta orðanotkun sinni um gjaldmiðilinn, að minnsta kosti í lögum, ef evran yrði tekin upp. Mjög stífar reglur eru innan Evrópusambandsins og Myntbandalagsins um að gjaldmiðillinn skuli kallaður euro.

Þetta er mat Inigo Arruga Oleaga, lögfræðings hjá Seðlabanka Evrópu, sem var staddur á Íslandi á dögunum. Oleaga segir mörg vandkvæði vera á einhliða upptöku Íslendinga á evru. Líklega sé einfaldara að ganga í Evrópusambandið enda geti það tekið skemmri tíma. Þó sé ekkert sem banni að taka evruna upp smám saman og með óformlegum hætti, til dæmis með því að semja um og greiða laun í evrum.

Oleaga segir að þó Ísland gangi í ESB þurfi að uppfylla fern skilyrði til að taka upp evru. Verðbólga á tólf mánaða grundvelli verði að vera innan ákveðinna marka, fjárhagshalli megi mest vera þrjú prósent, þjóðin verði að hafa tekið þátt í gengissamstarfi Evrópu í þrjú ár og langtímavextir verði að vera innan marka. - ghs

**DELTALIGHT**



**Rafkaup**

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

**STÓRI BÓKAMARKAÐURINN**

Perlunni 1. – 11. mars

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18

**Einungis 50 eintök!**

Fyrstur kemur fyrstur fær

~~12.980,-~~ 4.990,-




**SÝNING UM HELGINA**



VÍKUR VERK

VÍKURHVARFI 6

**SPURNING DAGSINS**



*Sigurður, eru dónalegar limrur bannaðar í þingveislunni á Hótel Sögu?*

„Nei, ég vona að menn haldi sig á mottunni svo húsið verði ekki rýmt.“

Árleg veisla alþingismanna var haldin á Hótel Sögu í gærkvöldi. Samkvæmt gamalli venju verða allir þeir sem taka til máls í veislunni að tala í bundnu máli. Sigurður Kári Kristjánsson er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Félagsmálaráðherra segir hækkun íbúðalána alltaf hafa staðið til:

# Tímabært að hækka núna

**HÚSNÆÐISMÁL** Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir að ákvörðunin um að lækka lánshlutfall og hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði síðasta sumar hafi verið tímabundin ráðstöfun sem alltaf hafi staðið til að endurskoða þegar fært þætti. „Ég taldi einfaldlega að það væri tímabært að gera þetta núna,“ segir hann.

Magnús segir að framsóknarmenn vilji almennt standa við kosningaloforð sín.

Þegar ákvörðunin um lækkunina hafi verið tekin þá hafi framkvæmdum meðal annars verið frestað. Þær hafi verið settar af stað aftur á haustmánuðum. Íbúðalánin hafi beðið þar til núna.



**EKKI Í HÆTTU** „Ég hef ekki trú á að þetta geti stofnað efnahagsávinningnum í hættu,“ segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra.

„Ég hef ekki trú á því að þetta geti stofnað þeim efnahagsávinningi sem hefur verið í hættu. Þó lánshlutfall sé hækkað þá miðast lánin við brunabótamat, ekki kaupverð, og hámarksfjárhæðin er 18 milljónir, var 17, þannig að það eru miklar skorður í þessu. Það er ekki þannig að þetta hlaupi villt og galið út um allt.“

Sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt ákvörðunina harkalega. „Við vorum í sambandi við forsætisráðherra en þetta var ekkert rætt sérstaklega í ríkisstjórn, ekki frekar en ýmislegt annað sem menn gera af þessu tagi,“ segir hann og telur ákvörðunina ekki þungan bita fyrir ríkisstjórnarsamstarfið. **- ghs**

Framkvæmdastjóri ASÍ:

## Þensluhvetjandi



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, telur „mjög óráðið“ hjá félagsmálaráðherra að hækka hámarkslán og lánshlutfall íbúðalána. Íslendingar þurfi ekki á svona þensluhvetjandi ákvörðun að halda núna.

„Svona breytingar eru til þess fallnar að hvetja til meiri viðskipta á fasteignamarkaði og það er væntanlega það sem ráðherrann er að gera. Verðbólga er langt fyrir ofan það sem við getum talið viðunandi. Seðlabankinn er með stýrivexti í algjöru hámarki. Þessar breytingar hvetja til þenslu og skila sér í verðbólgu,“ segir Gylfi. **- ghs**

Unglingum hent í fangelsi:

## Lét soninn sofa úr sér á stöðinni

**LÖGREGLUMÁL** Móðir sextán ára pilts, sem látið hafði ófriðlega á skólaballi á fimmtudagskvöld, ákvað að skilja son sinn eftir í fangelsi frekar en að taka hann með sér heim.

Lögreglan hafði fært drenginn í fangelsi ásamt öðrum sextán ára dreng. Þeir höfðu verið í áflogum á skólaballi hjá einum framhaldsskólanna. Foreldrar drengjanna komu í fangelsið til að sækja þá. Móðir yngri drengsins ákvað að láta hann sofa úr sér í fangaklefa því það væri honum fyrir bestu. Móðirin fór heim til sín en drengurinn gisti fangageymslur og var sleppt á föstudagsmorgun. **- ifv**

## Séra Pétur Þórarinsson látinn



**SÉRA PÉTUR ÞÓRARINSSON**

Séra Pétur Þórarinsson, sóknarprestur í Laufási, lést á Landspítalanum fimmtudaginn 1. mars, 55 ára að aldri. Hann fæddist á Akureyri 23. júní 1951, varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1971 og vígðist prestur 3. október 1976. Hann var meðal annars sóknarprestur í Hálsprestakalli, Möðruvallaprestakalli og Laufásprestakalli.

Árið 1996 kom út bókin Lífskraftur, baráttusaga Séra Péturs og Ingu í Laufási. Þar var farið yfir lífssögu Péturs, sem barðist nær alla ævi við skæða sykursýki. Hann lætur eftir sig eiginkonu og þrjú börn.

# Ræddu um verðlag og gengisþróunina

**Samkeppniseftirlitið telur sig hafa rökstuddan grun um víðtækt samráð fyrirtækja í ferðaþjónustu. Húsleit var gerð hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðaskrifstofu Íslands og Heimsferðum í gær að fengnum úrskurði héraðsdóms.**

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið telur að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafi með sér víðtækt samráð. Eftirlitið gerði í gær húsleit hjá tveimur ferðaskrifstofum og Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) og hafði með sér gögn í kassavís.

Eftirlitið telur samráðið ná til gististaða, bílaleiga og veitingahúsa og ná til „ákvörðun verðs, álagningar, skiptingu markaða og samræmingu viðskiptamála,“ eins og segir í gögnum sem eftirlitið lagði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur þegar heimildar til húsleitar var óskað.

Samkeppniseftirlitið telur sig hafa rökstuddan grun um að Samtök ferðaþjónustunnar og félög innan þeirra hafi með alvarlegum hætti brotið samkeppnislög. Í beiðninni um húsleitarheimild er meðal annars byggt á fundargerðum samtakanna. Gögn sýni að forsvarsmenn fyrirtækja innan SAF hafi ítrekað rætt saman um verðlagningu og álagningu fyrir þjónustu sína um árabil.

Vitnað er til fundargerðar frá 7. september 2004. „Rætt var um hótelverð eins og þau birtast á netinu sem virðast hærri en í nágrannalöndunum. Miklar umræður urðu um blokkbókanir og ljóst að víða eru þær sívaxandi vandamál. JKÓ [Jón Karl Ólafsson, formaður SAF] sagði að nauðsynlegt væri að halda fund innan SAF og ræða þessa þróun og hvernig fyrirtækin gætu brugðist við henni. Ákveðið var að ræða þetta á næsta stjórnarfundi við formenn fagnefndanna. EH [Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF] sagði að ferðaskrifstofunefnd og gististaðanefnd ætluðu að halda fljótlega sameiginlegan fund til að ræða samskipti ekki síst vegna blokkbókana og siðareglna almennt.“



**GÖGNIN FLUTT Á BROTT** Starfsmenn Samkeppniseftirlitsins höfðu með sér gögn í kassavís frá tveimur ferðaskrifstofum og Samtökum ferðaþjónustunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STÖÐ 2

> [Hann] ræddi hvort ekki þyrfti að senda félagsmönnum einhver skilaboð vegna verðlagningar 2006.
>
> **ÚR FUNDARGERÐ SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR**

Samkeppniseftirlitið telur ofantalið skýra vísbendingu um ólögmætt samráð. Ennfremur segir í beiðni um húsleitarheimild. „JKÓ sagðist hafa áhyggjur af sumrinu vegna gengisþróunar og hægara innstreymis bókana. Hann velti fyrir sér næsta ári og sagði ákveðna hættu á kollsteypu og ræddi hvort ekki þyrfti að senda félagsmönnum einhver skilaboð vegna verðlagningar 2006. Tóku stjórnarmenn undir það. Var ákveðið að senda hugleiðingu í fréttabréfi.“

Í beiðninni er svo reifað hvernig á vormánuðum 2006 hafi flestar ferðaskrifstofur hækkað verð sín á utanlandsferðum um allt að 12 prósent í kjölfar gengislækkunar. **klemens@frettabladid.is**

Harður árekstur í gærkvöldi:

## Loka þurfti gatnamótum

**ÁREKSTUR** Harður árekstur varð á gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar í gærkvöldi. Tvær fólksbifreiðar skullu saman af miklu afli.

Að sögn lögreglu komu bifreiðarnar úr gagnstæðum áttum þegar önnur beygði skyndilega fyrir hina með fyrrgreindum afleiðingum.

Gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu var lokað um tíma á meðan hreinsað var til á slysstað og hlúð að ökumönnum bifreiðanna. Meiðsli þeirra reyndust þó ekki vera störvægileg. **- þsj**

Afkoma 365 á síðasta ári:

## Tapaði tæpum sjö milljörðum

**VIÐSKIPTI** **Tap fjölmiðla- og afþreyingarfélagsins 365 hf. nam 6.943 milljónum króna á síðasta ári.**

**Mikil umskipti urðu á fyrirtækinu undir lok ársins og voru rekstrareiningarnar NFS, DV og tímaritaútgáfan lagðar niður.**

**Sé aðeins horft til reksturs þeirra eininga sem fyrirtækið starfrækir í dag nam tap síðasta árs rúmum 1,2 milljörðum.**

**Stjórnendur 365 meta rekstrarhorfur ársins 2007 nokkuð góðar enda aðgerðir á borð við lokun NFS og salan á DV og tímaritum til þess fallnar að ná fram hagræðingu.**

**Megin rekstrareiningar félagsins eru 365 miðlar, Sena, D3 og Sagafilm. 365 er útgefandi Fréttablaðsins.** **- bþs /** sjá síðu 16

**HVALSNESSKRIÐUR**

### Snjóflóð féll í gær

Snjóflóð féll í Hvalsnesskriðum síðdegis í gær. Samkvæmt tilkynningu frá Vegagerðinni var þó búið að ryðja veginn undir kvöld. Þrátt fyrir það var enn varað við snjóflóðahættu í skriðunum.


**BÍLL DAGSINS**

**MERCEDES BENZ E240**

Nýskr. 12.98 - Sjálfskiptur - Ekinn 115 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Erlendur karlmaður dæmdur í fjórtán mánaða fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás:

# Stakk vinnufélagann tvívegis

**DÓMSMÁL** Kínverskur karlmaður var dæmdur í fjórtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Austurlands í gær fyrir að stinga ítalskan vinnufélaga sinn tvívegis með hnífi.

Verknaðurinn átti sér stað síðustu nýársnótt í áramótagleði sem haldin var í vinnubúðum Kárahnjúkavirkjunar, en báðir mennirnir störfuðu við framkvæmdirnar. Fórnarlambið sagðist hafa verið að hjálpa kínverskri stúlku á fætur þegar árásarmaðurinn hefði ráðist að honum. Hann hefði ekki séð hann nálgast heldur einungis fundið þegar hann var stunginn. Vitni bar fyrir dómi að árásarmaðurinn hefði staðið upp úr sófa, sveigt framhjá fólki til að nálgast fórnarlambið sitt og síðan lagt til hans.

Árásarmaðurinn játaði frá upphafi að hafa stungið fórnarlamb sitt. Hann hélt því hins vegar fram að hann hefði gripið til hnífsins til að beita honum í átökum gegn hópi manna þar sem hallaði töluvert á hann. Sagðist hann ekki hafa greint á milli þeirra manna sem hann hefði þurft að eigast við heldur stungið þann sem næst honum stóð.

Við dómsuppkvaðninguna var tekið tillit til þess að áverkar fórnarlambsins voru ekki lífshættulegir og ekki þótti þörf á að flytja hann á sjúkrahús eftir árásina. Á hinn bóginn var litið til þess að hann hefði beitt fyrir sér hættulegu eggvopni og hending ein ráðið því hvaða áverkar hlutust af stungunni. **- þsj**



**KÁRAHNJÚKAR** Bæði árásarmaðurinn og fórnarlambið störfuðu við virkjunarframkvæmdirnar við Kárahnjúka.




# Túlipanasýning
## í Skútuvogi

**Stórsýning á túlipönum að hollenskri fyrirmynd**

**Blómaval, garðyrkjubændur og nemendur Garðyrkjuskólans** efna til stórsýningar á túlipönum. Sýndar verða allt að 100 afbrigði af túlipönum í öllum stærðum og gerðum.

**Skreytingarfólk og fagfólk á staðnum um helgina**

Opið til kl.
21.00
alla daga
í Skútuvogi

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 02.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,76 | 67,08 |
| Sterlingspund | 130,26 | 130,9 |
| Evra | 87,84 | 88,34 |
| Dönsk króna | 11,79 | 11,858 |
| Norsk króna | 10,825 | 10,889 |
| Sænsk króna | 9,453 | 9,509 |
| Japanskt jen | 0,5678 | 0,5712 |
| SDR | 100,38 | 100,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 120,2721

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi grunnskólakennari dæmdur til fangelsisvistar vegna vörslu barnakláms:

# Með ellefu þúsund ljósmyndir

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær dæmdur í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Vesturlands fyrir að hafa verið með 11.382 ljósmyndir og tíu hreyfimyndir í vörslu sinni sem sýndu börn á klámfenginn eða kynferðislegan hátt. Sex mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir.

Maðurinn hafði starfað sem kennari við grunnskóla á Akranesi í 27 ár. Hann var handtekinn á vinnustað sínum í október síðastliðnum eftir að hafa notað tölvu sína í skólanum til að prenta út barnaklám af netinu og vista ljósmyndir af sama efni. Við húsleit á heimili hans fannst síðan gríðarlegt magn af útprentuðu og tölvutæku barnaklámi. Honum var sagt upp störfum samstundis.



**BARNAKLÁM** Gífurlegt magn ljósmynda og tölvuskráa sem innihéldu gróft barnaklám fundust á heimili og vinnustað mannsins.

Við ákvörðun refsingarinnar var litið til þess að maðurinn var með hreint sakavottorð og hafði leitað sér sálfræðihjálpar vegna sjúklegrar klámfíknar. Á hinn bóginn var það virt til refsiþyngingar að magn þess klámefnis sem maðurinn hafði í vörslu sinni var gífurlegt og sýndi börn á ýmsum aldri á klámfenginn og kynferðislegan hátt.

Þá var mikill hluti myndanna þess eðlis að þær töldust af allra grófasta tagi þar sem fram kæmu svívirðileg kynferðisbrot gegn börnum. Einnig bæri að líta til þess að maðurinn hefði verið með hluta efnisins á vinnustað sínum sem væri grunnskóli. Með því braut hann gróflega gegn því trausti sem hann naut sem kennari við skólann. - þsj

Frjóvgaðist eftir getnaðarvörn:

# Læknir sýknaður í Hæstarétti

**HEILBRIGÐISMÁL** **Læknir hefur verið sýknaður í skaðabótamáli fyrir Hæstarétti. Honum hafði mistekist að setja getnaðarvarnarstaf í konu og varð hún þunguð mánuði eftir aðgerðina. Konan fór í fóstureyðingu og kærði lækninn fyrir stórfellt gáleysi.**

**Með vísan til þess að læknirinn hefði fylgt í einu og öllu leiðbeiningum heildsala lyfsins og fengið mikla þjálfun í sams konar aðgerðum, þótti Hæstarétti sýknudómur réttmætur.**

**Konan hafði farið fram á 2,5 milljónir króna með vöxtum í skaðabætur vegna andlegs áfalls af fóstureyðingunni.** - kóþ

Bæjarráð Mosfellsbæjar:

# Sjónmengun af háspennulínum

**UMHVERFISMÁL** **Bæjarráð Mosfellsbæjar óttast sjónmengun vegna fyrirhugaðra háspennulína frá Hellisheiði að álverinu í Straumsvík.**



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** bæjarstjóri í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Um sé að ræða umfangsmiklar framkvæmdir í landi Mosfellsbæjar, sem feli í sér fjölgun lína frá Kolviðarhóli og til Hafnarfjarðar auk endurbyggingar núverandi lína að hluta með hærri möstrum.**

**„Mosfellsbær lýsir yfir áhyggjum af neikvæðum sjónrænum áhrifum loftlína í landslaginu og leggur áherslu á að í matsferlinu verði fjallað um það sem raunverulegan valkost að nýjar og/eða núverandi línur verði lagðar sem jarðstrengir," segir bæjarráðið.** - gar



**FRÁ FLOKKSÞINGI** Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi formaður og ráðherra Framsóknarflokksins, situr flokksþingið á Hótel Sögu. Hann spjallaði við núverandi forystumenn, þá Guðna Ágústsson varaformann og Jón Sigurðsson formann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Viðræður um aðild að ESB ótímabærar

**Jón Sigurðsson blés í herlúðra í ræðu sinni við upphaf 29. flokksþings Framsóknarflokksins í gær. Hann telur ókyrrð einkenna íslensk stjórnmál og trúverðug ríkisstjórn verði ekki mynduð án þátttöku Framsóknarflokksins.**

**STJÓRNMÁL** Ekki er tímabært að hefja viðræður um Evrópusambandsaðild og ósanngjarnt að kenna krónunni um verðbólgu og háa vexti, því fleira kemur til, sagði Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, í ræðu sinni á 29. flokkþingi Framsóknarflokksins sem var framhaldið í gær. Hann telur að staða flokksins hafi eflst að undanförnu en sé þó óásættanleg. Stjórnarandstöðuflokkarnir reka óábyrga kosningabaráttu að hans mati.

„Við teljum ekki tímabært að taka núverandi afstöðu Íslands til endurmats fyrr en við höfum tryggt hér langvarandi jafnvægi og varanlegan stöðugleika í efnahags-, atvinnu- og gjaldeyrismálum. Slíkt tekur ekki minna en 4-5 ár," sagði Jón í ræðu sinni fyrir framan troðfullan sal Borgarleikhússins í gær.

Jón sendi stjórnarandstöðuflokkunum tóninn í ræðu sinni og vill meina að ókyrrð ríki í íslenskum stjórnmálum. Hann telur líkur á að stjórnarandstaðan sé að klofna, yfirlýsingar vinstri grænna veki furðu og ofstopi þeirra á nýafstöðnum landsfundi hafi gengið fram af flestum landsmönnum. Hann segir Frjálslynda flokkinn leita sér að málefnagrunni í ofstæki „með skelfilega óheppilegum hætti", eins og hann komst að orði. Hann segir togstreitu einkenna Samfylkinguna en stjórnarsamstarfið sagði hann hafa gengið ágætlega þó augljóslega væru ólíkar áherslur innan Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. „Við erum ósammála um umfang einkavæðinga, samfélagshlutverk markaðarins, byggðaframlög, velferðarþróun og fleira," sagði Jón.

Jón kom víða við í ræðu sinni og ítrekaði yfirlýsingu sína um að stuðningur við Írak hefði verið byggður á röngum upplýsingum og því mistök. Hann vildi þó ítreka að þjóðin ætti að taka þátt í uppbyggingar- og líknarstörfum erlendis og styðja við ályktanir Sameinuðu þjóðanna.

Jón sagði það verkefni flokksþingsins að marka stefnu flokksins fyrir alþingiskosningar en hnykkti á þeim atriðum sem hann telur að næsta ríkisstjórn eigi að sinna og skeri sig úr í mikilvægi á næstu árum. „Í fyrsta lagi fjölskyldu- og velferðarmál, í öðru lagi atvinnuöryggi og byggðamál, í þriðja lagi auðlindir og náttúruvernd, í fjórða lagi þróun menntunar og nýsköpunar, og í fimmta lagi jafnvægi og stöðugleiki í atvinnu- og efnahagsmálum."

svavar@frettabladid.is

Ranghugmyndir ökumanns:

# Ætlar að skila radarvaranum

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður sem tekinn var fyrir hraðakstur á Kringlumýrarbraut á fimmtudag sagðist ætla að skila radarvara, sem hann hafði keypt nokkrum klukkutímum áður, og krefjast endurgreiðslu vegna þess að hann virkaði ekki sem skyldi.

Á vef lögreglunnar segir að maðurinn hafi verið stöðvaður á 117 kílómetra hraða og fengið fimmtíu þúsund króna sekt fyrir. Þegar lögreglumenn stöðvuðu hann átti hann erfitt með að leyna vonbrigðum sínum með virkni radarvarans og sagðist mundu skila honum vegna þess að hann gerði ekkert gagn. - sþs

Óvænt ummæli Gingrich:

# Segir Hillary illgjarna konu

**BANDARÍKIN** **Newt Gingrich, fyrrverandi forseti neðri deildar bandaríska þingsins, kom mörgum á óvart með ummælum sínum um að Hillary Clinton væri „illgjörn kona" sem ræki „endalaust vægðarlausa" kosningavél í berorðu viðtali við New York Post í fyrradag.**



**NEWT GINGRICH** Sagði ómögulegt að sigra Clinton og lið hennar með herkænsku. Til þes væri það of vel skipulagt og vægðarlaust.

**Þetta þykir koma á óvart þar sem Gingrich, sem er repúblikani, hefur áður hrósað hæfileikum Clinton og vann með henni undanfarið ár að heilbrigðismálum.**

**Í viðtalinu sagðist Gingrich ætla að ákveða á næstu mánuðum hvort hann myndi sækjast eftir tilnefningu Repúblikanaflokksins til forseta Bandaríkjanna.** - sdg

## NEYTENDAMÁL

### Reiknivél á netinu

ASÍ hefur sett upp reiknivél á vef sínum, www.asi.is, og getur fólk slegið þar inn verð á vöru fyrir breytingu og séð hvernig verðið á að vera hafi skattalækkunin skilað sér að fullu í verslunum. Neytendasamtökin hvetja neytendur til að láta vita skili breytingarnar sér ekki í vöruverði.

## ÁRÉTTING

Til athugunar er að Götusmiðjan verði flutt að Efri-Brú þar sem Byrgið hafði áður starfsemi. Byrgið - sem hefur verið aflagt - mun ekki hýsa Götusmiðjuna eins og sagði í fyrirsögn í Fréttablaðinu í gær. Þá var rangt farið með nafn forstöðumanns Götusmiðjunnar, hann heitir Guðmundur Týr Þórarinsson.


Ólöf Arnalds í dag kl. 15.00



Ólöf Arnalds spilar lög af nýju plötunni sinni „Við og við" í dag, laugardag kl. 15.00

Aðeins í dag og á morgun

1.499 kr.

„Þótt platan Við og við sé frumburður er ekkert óburðugt við hana. Hún gerir við mann það sama og kertaljós gerir; lyftir andanum á næsta plan fyrir ofan. Fínstillir andrúmsloftið og lætur það titra."
- Guðrún Eva Mínervudóttir.

- opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**MILDARA VEÐUR**
Í dag eru horfur á því að meginhluti landsins verði frostlaus. Heiðar og hálendi verða þó áfram úti í kuldanum. Það er myndarlegt úrkomusvæði við suðausturvert landið en annars staðar má búast við skúraveðri og þá slyddu þar sem svalast er. Semsagt ekki brakandi þurrkur í þessu. Það verður nokkur vindur austan til á landinu annars yfirleitt hægur.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg suðaustlæg átt. Hætt við skúraveðri af og til í dag. Hiti 3-5 stig.

um hádegi »




» á morgun




» mánudagur




um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C | hálfskýjað | London | 12°C skúrir | | Alicante | 24°C heiðskírt |
| Billund | 7°C | léttskýjað | París | 14°C hálfskýjað | | Mallorca | 18°C hálfskýjað |
| Osló | 1°C | snjóél | Frankfurt | 10°C rigning | | Algarve | 2o°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C | alskýjað | Friedrichshafen | 7°C rigning | | Krít | 20°C heiðskírt |
| Gautaborg | 1°C | alskýjað | Berlín | 6°C skúrir | | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Mögnuð tilboð á
nýjum vörum
frá fimmtudegi til mánudags
NÚ LÍKA Á MÁNUDAGINN!
1. - 5. mars
Kauphlaup
í Smáralind
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
25% afsláttur af töskum
6.495 kr.
Hvít leðurtaska
3.795 kr.
Svart spariveski
UNITED COLORS OF BENETTON.
20% afsláttur
af öllum vörum
í heimilisdeild
DEBENHAMS
EVITA PERONI
sólgleraugu
teg. VARLA
3.990 kr.
verð áður 9.990 kr.
ISIS
Handsmíðaðir silfurkrossar
Silfurmen m. blóðsteinsperlu
20% afsláttur
CARAT
HAUKUR GULLSMIÐUR
S. 577 7740 · Smáralind · www.carat.is
George Foreman
SNÚNINGSGRILL
Aðeins 4.500 kr.
Verð áður 8.999 kr.
Maturinn snýst í grillinu á meðan
glóðarteinninn grillar hann.
OFURTILBOÐ!
byggtogbúið
Smáralind
Kringlunni
DÚNDURTILBOÐ!
Skór
1.990 kr.
Verð áður 3.990 kr.
St: 30-41
Zink
8.500 kr.
verð áður 13.400 kr.
3.900 kr.
verð áður 6.200 kr.
BIANCO.®
FOOTWEAR
Kauphlaupstilboð
Collet Friday vesti 990
Buy Penny gold bolir 1490
Final pils 1490
Cille 2/4 dress 2990
VERO MODA®

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér dómurinn í Bubba-málinu réttlátur?*

| | |
|---|---|
| Já | 63% |
| Nei | 37% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ferðu til útlanda í sumarfríinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum segir lögmenn olíufélaga verja vondan málstað:

# Skýrar sannanir fyrir samráði

**DÓMSMÁL** „Þegar menn hafa vondan málstað að verja eiga þeir til að draga athyglina frá kjarna málsins,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, um orð Gísla Baldurs Garðarssonar lögmanns, sem heldur því fram að ekki liggi fyrir neinar sannanir um að olíufélögin hafa haft með sér samráð í öðrum tilfellum en fyrir útboð Reykjavíkurborgar.

Vestmannaeyjabær hefur stefnt olíufélögunum og krefst 27 milljóna króna skaðabóta vegna samráðs þeirra um útboð bæjarins í apríl 1997.

Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður Olís og stjórnarformaður félagsins, sagði í Fréttablaðinu eftir að héraðsdómur dæmdi olíufélögin til að greiða Reykjavíkurborg og Strætó bs. 78 milljónir króna vegna samráðs fyrir útboð, að önnur mál „væru ekkert lík“ máli Reykjavíkurborgar.



ELLIÐI VIGNISSON



GÍSLI BALDUR GARÐARSSON

Þessu mati Gísla Baldurs er Elliði ósammála. „Mál Vestmannaeyjabæjar er alveg sambærilegt við mál Reykjavíkurborgar. Það liggja fyrir skýrar sannanir um að olíufélögin höfðu samráð fyrir útboðið. Meðal annars kemur fram í gögnum málsins að olíufélögin greiddu hlutdeild í framlegð sín á milli, og það er fullkomlega sambærilegt við það sem gert var fyrir útboð Reykjavíkurborgar.“

Hæstiréttur á eftir að dæma í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum. **- mh**

Svissneskir hermenn villtust:

# Réðust inn í Liechtenstein

**SVISS, AP Nærri tvö hundruð fótgönguliðar í svissneska hernum réðust óvart inn í nágrannaríkið Liechtenstein aðfaranótt fimmtudags, en sem betur fer tók enginn heimamanna eftir „innrásinni“.**

**Svissnesku hermennirnir voru á ósköp venjulegri heræfingu í niðamyrkri þegar þeir villtust og vissu ekki fyrr en þeir voru komnir tvo kílómetra yfir landamærin.**

**Embættismenn í báðum löndunum sögðu ólíklegt að þessi vandræðalegu mistök myndu hafa nokkur eftirmál.** **- gb**




# Vissi ekki um kaupréttinn

**Endurskoðandi sem áritaði ársreikninga Baugs vissi ekki um kauprétt æðstu stjórnenda félagsins fyrr en rúmum mánuði eftir að lögreglurannsókn hófst.**

**BAUGSMÁL** Endurskoðandi Baugs sem áritaði ársreikninga félagsins frá stofnun þess vissi ekki um kaupréttarákvæði í ráðningarsamningum þriggja æðstu stjórnenda félagsins, sem gerðir voru árið 1998, fyrr en síðla árs 2002, eftir að rannsókn lögreglu á Baugi var hafin.

Þetta kom fram í vitnisburði Stefáns H. Hilmarssonar í Baugsmálinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en Stefán var endurskoðandi og meðeigandi hjá KPMG endurskoðun og áritaði ársreikninga Baugs frá árunum 1998 til 2002.

Komið hefur fram við meðferð málsins í héraðsdómi að kaupréttarákvæði voru í ráðningarsamningum Baugs við þá Óskar Magnússon stjórnarformann, Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóra, og Tryggva Jónsson aðstoðarforstjóra, en samningarnir voru gerðir árið 1998. Einnig hefur komið fram að hluti kaupréttarákvæðanna var fullnustaður árið 1999.

Jón Ásgeir sagði í skýrslutöku fyrir dómi að kaupréttarsamningar stjórnenda hefðu legið fyrir hjá KPMG, sem sá um greiðslur á launum og hlunnindum stjórnenda.

Ákæruvaldið heldur því fram að vegna kaupréttarákvæðanna hafi hlutabréf í Baugi sem félagið átti sjálft, samtals fjögur prósent af bréfum í félaginu, verið færð á vörslureikning Baugs hjá Kaupþingi í Lúxemborg, sjálfstæðu dótturfélagi Kaupþings, og bókuð sem seld bréf í bókum Baugs.



**FYRIR DÓMI** Stefán Hilmarsson bar vitni í Baugsmálinu í gær, í baksýn eru Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í málinu (til vinstri), og Jón Þór Ólason, aðstoðarmaður hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stefán sagði í gær að hann hafi fengið að vita af kaupréttarákvæðunum, og að þau hafi að hluta til verið uppfyllt, í október 2002, en rannsókn lögreglu hófst seint í ágúst það sama ár. Upplýsingar um þessi kaupréttarákvæði hafi hann fengið frá innri endurskoðun Baugs. Á sama tíma hafi hann fengið að vita af vörslureikningnum í Kaupþingi Lúxemborg.

Kaupréttarsamningarnir tengjast málinu þar sem í einum lið ákærunnar eru þeir Tryggvi og Jón Ásgeir ákærðir fyrir að færa sölu á hlutabréfum í Baugi á reikning hjá Kaupþingi í Lúxemborg, en þau bréf voru meðal annars notuð til að uppfylla kaupréttarákvæðin. Segir í ákærunni að markmiðið hafi verið að draga dul á að stjórnendurnir væru raunverulegir viðtakendur.

**brjann@frettabladid.is**

## BAUGSMÁLIÐ Á MÁNUDAG

Vitnaleiðslur munu halda áfram í næstu viku, og eru fjölmörg vitni boðuð fyrir dóm á mánudag. Mest mun sennilega mæða á Önnu Þórðardóttur, endurskoðanda KPMG, sem var meðal sakborninga í fyrra Baugsmálinu, en er nú kölluð fyrir sem vitni.

## ORÐRÉTT



*„Við fáum frí fram að hádegi ef hann kemur ekki, við getum farið og lagt okkur.“*

Greina mátti vonarglætu um rólegan dag í réttarsalnum í gamansömum orðum Arngríms Ísbergs dómsformanns þegar fyrsta vitni gærdagsins varð seint fyrir.



*„Ég var sakaður um að skrifa lygar til embættisins.“*

Stefán H. Hilmarsson, fyrrverandi endurskoðandi Baugs hjá KPMG, var harðorður í garð lögreglunnar vegna rannsóknar á Baugsmálinu og sagðist hafa verið sakaður um lygar í greinargerð sem hann skrifaði að beiðni embættis ríkislögreglustjóra.



*„Þú veist sem sagt ekki í hvaða súpu þú sast, að mati Tryggva?“*

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, vitnaði í tölvupóst Tryggva Jónssonar, eins sakborninga, sem sagði Stefán H. Hilmarsson hafa setið í súpunni.



*„Það hljómar þannig fyrir lögfræðing að það hefði verið nær að ákæra ykkur fyrir að vanmeta eignina í Arcadia en að ofmeta stöðu Baugs.“*

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, hváði við þegar Stefán Hilmarsson hafði skýrt frá því að eign Baugs á Arcadia hefði verið vanmetin um 4,4 milljarða í ársreikningi, þó að rétt mat hefði mátt finna í skýringum með ársreikningnum.



*„Það sem vekur athygli er að einungis einu sinni af þessum skiptum var fagmaður með, frá Deloitte.“*

Stefán Hilmarsson var yfirheyrður sautján sinnum við rannsókn málsins og þótti ámælisvert að aðeins einu sinni hefði menntaður endurskoðandi verið viðstaddur.

Rafrænt eintak af fölsuðum tölvupósti verjanda í Baugsmáli fékkst ekki afhent:

# Ekki hægt að rannsaka falsið

**BAUGSMÁL** Engin úttekt hefur verið gerð á fölsuðum tölvupósti sem lagður var fram í Baugsmálinu á dögunum, þar sem verjandi hefur ekki orðið við kröfum sækjanda um að afhenda rafrænt eintak af póstinum.

Tryggvi Jónsson, einn ákærðu í málinu, minntist fyrst á tölvupóstinn falsaða fyrir dómi, og sagði hann einn aðstoðarmann lögmanna Baugsmanna hafa falsað póstinn á skömmum tíma, í þeim tilgangi að sýna fram á hversu auðvelt væri að falsa slíkan póst.

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva, afhenti síðan útprentun af póstinum, og sækjandi lagði hann fram sem skjal í málinu.



SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagði aðspurður í gær að þrátt fyrir áskorun ákæruvaldsins hefði ekki verið lagt fram rafrænt eintak af þessum meinta tölvupósti. Þegar pósturinn kom fram sagði Sigurður að hann myndi láta kanna hvort sérfræðingar lögreglu sæju í gegnum falsið, en til þess þarf rafrænt eintak af póstinum.

Sigurður Tómas segir að þar sem pósturinn hafi ekki verið afhentur verði ekki á öðru byggt í málinu en að tölvupósturinn hafi verið búinn til í ritvinnsluforriti en ekki sendur í gegnum tölvupóstforrit. Skjalið eigi því ekkert sameiginlegt með þeim rafrænu gögnum sem byggt sé á í málinu. **- bj**

# Danskir dagar




## Jensen´s vörur í úrvali
- frábær matur sem þarf aðeins að hita
- kaldar sósur frábærar með öllum mat




**Hot dog**
- ekta danskar pølser




**Dönsk** ostaveisla
- yfir 30 tegundir af dönskum ostum




**Underground** ís
- 5 bragðtegundir




**Andrés Önd** krakkakex
- skemmtileg nýjung




**Jolly**
- á dönskum dögum




**Merrild**
- mest selda kaffið á Íslandi í dag



**Danevang** rúllutertur
- 3 tegundir




**Bähncke** remulaði
- og sósa á frönsku kartöflurnar




**Odense** frosnar desertkökur
- Ómótstæðilega góðar




**Tulip** álegg og kæfur
- í úrvali á dönskum dögum

Gildir til 12. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Uppfærsla Baltasars Kormáks á þekktu leikverki eftir Ibsen var frumsýnd í Barbican-menningarmiðstöðinni í Lundúnum á miðvikudaginn. Hvað heitir verkið?*
2. *Ummæli um Bubba Morthens sem birtust á forsíðu Hér og nú voru dæmd dauð og ómerk í Hæstarétti á fimmtudag. Hver voru þessi ummæli?*
3. *Hvað heitir landlæknir?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 66.

Götusmiðjan starfrækt á undanþágu vegna lélegs húsakosts að Akurhóli:

# Heldur hvorki vatni né vindi

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við setjum bala á gólfin þegar rignir, það er ekki hægt að opna glugga því glerið dettur út á tún, skólpið er bilað, hitalagnir ónýtar og það blæs hér í gegnum allt.“

Þetta er myndin sem Guðmundur Týr Þórarinsson, forstöðumaður meðferðarheimilisins Götusmiðjunnar, dregur upp af húsakosti heimilisins að Akurhóli.

Þegar Götusmiðjan fluttist þangað fyrir tæpum þremur árum lá fyrir að ráðast þyrfti í gagngerar endurbætur á húsakostinum. Þrátt fyrir endurtekin samtöl við ráðherra og vilyrði fyrir úrbótum hefur ekkert gerst.

„Ég hef rætt málið við fjóra ráðherra, það er alltaf að taka það upp upp á nýtt því þeir hafa hætt hver af öðrum,“ segir Guðmundur, sem sér nú ljós í myrkrinu enda flutningar áformaðir á ný.

Á fimmtudag litaðist hann um á Efri-Brú þar sem Byrgið var áður, en í athugun er að Götusmiðjan flytjist þangað. Guðmundi þykir annar kostur þó álitlegri, nefnilega Arnarholt á Kjalarnesi. „Við höfum ekki efni á að vera vandlát en ég hef í eitt og hálft ár beðið eftir að fá viðtal við heilbrigðisráðherra sem hefur með Arnarholt að gera. En ef Efri-Brú er málið erum við auðvitað til viðtals um það.“ Rúm er fyrir fimmtán ungmenni í meðferð Götusmiðjunnar á Akurhóli og er hvert þeirra skipað. - bþs



**GUÐMUNDUR TÝR ÞÓRARINSSON** forstöðumaður Götusmiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fékk lifrarbólgu við blóðgjöf:

# Ríkið dæmt skaðabótaskylt

**DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur verið dæmt skaðabótaskylt gagnvart konu sem smitaðist af lifrarbólgu C við blóðgjöf á lyflækningadeild Landspítala - árið 1990.**

**Konan greindist með alvarlegan lifrarsjúkdóm og fólst meðferð hennar meðal annars í blóðgjöf og -skiptum. Konan veiktist í kjölfar blóðgjafarinnar.**

**Héraðsdómur Reykjavíkur taldi að þar sem konan hefði ekki vitað af ástæðu veikinda sinna fyrr en 1999 væri skaðabótakrafa hennar ekki fyrnd, en skaðabótakröfur fyrnast á tíu árum. - ifv**

Íbúar vilja stokk í gatnakerfið:

# Svifryksmengunin ólíðandi

**SAMGÖNGUMÁL** Íbúar í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri, krefjast þess að gert verði ráð fyrir stokki á vegaáætlun sem nú er til meðferðar hjá Alþingi. Pálmi Finnbogason, formaður íbúasamtaka hverfanna, óttast að stokkurinn – sem sé meginhagsmunamál íbúa – hverfi af vegaáætlun.

„Við viljum aðgerðir til að draga úr umferð um hverfið,“ segir Pálmi og bendir á að svifryksmengun sé mikil enda skeri þrjár stofnbrautir; Miklabraut, Kringlumýrarbraut og Bústaðavegur, hverfið. „Þetta er ólíðandi og ekki hægt að bjóða upp á þetta ástand. Hér eru skólar og leikskólar innan þess svæðis þar sem svifryk og loftmengun eru hvað mest.“ Íbúasamtökin halda fund um málið á mánudag í Háteigsskóla. - ghs

Framkvæmdastjóri Mjólku segir norskan samkeppnisúrskurð einnig eiga við hér:

# Telur MS einoka markaðinn

**SAMKEPPNI** Samkeppnisyfirvöld í Noregi hafa lagt á mjólkursamlagið TINE að greiða því sem svarar til um 500 milljóna íslenskra króna í sekt fyrir brot á samkeppnislögum.

Að því er kemur fram í vefsetri Samkeppniseftirlitsins á Íslandi braut TINE á keppinauti sínum, Synnøve Finden, með því að semja um einkarétt á sölu mjólkurvara í tilteknum verslunum. Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir þetta sambærilegt við aðstæður á Íslandi þar sem Mjólka keppi við Mjólkursamsöluna (MS).

„TINE gerði samninga um framsetningu á sínum vörum og aðrir fengu ekki framsetningu á sínum vörum. Þetta snýst um alveg sama grundvallaratriðið hér á Íslandi,“ fullyrðir Ólafur.

Að því er Ólafur segir selur MS mjólkurduft til Mjólku á helmingi hærra verði en til annarra framleiðenda þrátt fyrir að samkeppnisyfirvöld hafi úrskurðað það vera brot á lögum. Ofurtollar hindri Mjólku í að flytja inn fjórfalt ódýrara mjólkurduft frá Norðurlöndunum. Nauðsynlegt sé að fá tollana fellda niður og skapa virkari samkeppni.

„Við erum alltaf að fá fleiri og fleiri dæmi um að Mjólkursamsalan stundar markviss undirboð til að koma Mjólku út af markaðinum. Það er algerlega ljóst að Mjólka mun ekki láta það yfir sig ganga,“ segir Ólafur. - gar



**ÓLAFUR GUNNARSSON** Framkvæmdastjóri Mjólku sakar Mjólkursamsöluna um markviss undirboð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Báðar þingdeildir styðja Prodi:

# Krísan á enda

**RÓM, AP Romano Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, hlaut stuðning meirihluta þingmanna í neðri deild ítalska þingsins í kosningu í gær. Þar með er pólitískri krísu síðustu vikna lokið.**

**Fyrr í vikunni vann Prodi naumlega kosningu um stuðningsyfirlýsingu við hann í öldungadeild ítalska þingsins.**

**Enn ríkir þó vafi um hversu vel ríkisstjórn Prodis muni ganga með nauman þingmeirihluta en að henni standa flokkar allt frá Kommúnistaflokknum til Kristilegra demókrata. - sdg**



**ROMANO PRODI FORSÆTISRÁÐHERRA ÍTALÍU** Fagnaði eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar í öldungardeildinni urðu ljós þar sem hann vann nauman sigur.


UT-dagurinn 8. mars 2007

# Nýtum tímann – Notum tæknina

Í tilefni UT-dagsins standa forsætis- og fjármálaráðuneyti að ráðstefnu undir yfirskriftinni **Nýtum tímann – Notum tæknina** í Salnum, Kópavogi, 8. mars nk. kl. 13:00 til 16:30.

Kynnt verða nokkur af stærstu verkefnum ríkis og sveitarfélaga í rafrænni stjórnsýslu. Meðal annars verður fjallað um vefinn Ísland.is sem þá verður öllum opinn, notkun og útbreiðslu rafrænna skilríkja hér á landi auk þess sem fulltrúar tveggja sveitarfélaga fjalla um nýjungar í rafrænni þjónustu við borgarana.

Ráðstefna UT-dagsins er öllum opin en ráðstefnugjald er kr. 7.900. Tilkynna þarf þátttöku á netfangið skraning@appr.is eða í síma 511 1230 fyrir hádegi 5. mars. Athugið að sætafjöldi er takmarkaður.

**Dagskrá í Salnum í Kópavogi 8. mars 2007**

| | |
|---|---|
| 12:45 | **Skráning og afhending ráðstefnugagna** |
| 13:10 | **Ávarp: Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra** |
| 13:30 | **Þegar þér hentar...**<br>Halla Björg Baldursdóttir, verkefnisstjóri í rafrænni stjórnsýslu, forsætisráðuneyti |
| 13:50 | **Ísland.is vísar þér veginn**<br>Bolli Þór Bollason ráðuneytisstjóri, forsætisráðuneyti<br>Fjóla Agnarsdóttir, verkefnisstjóri Ísland.is, forsætisráðuneyti |
| 14:10 | **Rafræn stjórnsýsla í Reykjanesbæ**<br>Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar |
| 14:25 | **Borgin í einum smelli – sjálfsafgreiðsla á vef Reykjavíkurborgar**<br>Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar |
| 14:40 | **Kaffiveitingar** |
| 15:00 | **Alla leið: Lykill að rafrænu Íslandi**<br>Haraldur Sverrisson skrifstofustjóri, fjármálaráðuneyti<br>Sæmundur Sæmundsson, stjórnarformaður Auðkennis |
| 15:20 | **Rafræn skilríki í hnotskurn – hagnýt dæmi um notkun**<br>Haraldur Bjarnason sérfræðingur, fjármálaráðuneyti |
| 15:50 | **Innkaup án inngripa - rafrænir reikningar og stefna ríkisins í rafrænum innkaupum**<br>Stefán Jón Friðriksson sérfræðingur, fjármálaráðuneyti<br>Bergþór Skúlason tölvunarfræðingur, Fjársýslu ríkisins |
| 16:10 | **Umræður og lokaorð** |
| 16:30 | **Ráðstefnuslit** |
| 17:00 | **Tækni og vit 2007**<br>Ráðstefnugestum er boðið á opnun sýningarinnar **Tækni og vit 2007** í Fífunni, Kópavogi. Léttar veitingar. |

**Nánari upplýsingar á ut.is og taekniogvit.is**

Forsætisráðuneyti Fjármálaráðuneyti UT DAGURINN Tækni og vit




**ÞEKKIRÐU STAÐINN Á MYNDINNI?**
Ef svo er þá fyllir þú út miða þegar þú kemur og reynsluekur L-200.
Heppinn þátttakandi vinnur úttekt í Ellingsen að verðmæti 100.000 kr.

Mitsubishi L-200 er ótrúlega fjölhæfur jeppi. Hann er kraftmikill, rúmgóður, glæsilega hannaður og vel búinn. Super Select drifbúnaðurinn tryggir frábæra akstureiginleika við allar aðstæður. Beygjuradíusinn (sá minnsti í bílum í hans flokki) gerir hann lipran í öllum akstri, ekki síst innanbæjar. L-200 er fjölnota fjölskyldubíll, kjörinn til að komast á þá áfangastaði sem þig dreymir um.

*L200 Inforce*
2,5 l Common-rail vél – hljóðlátari og sparneytnari • Stöðugleikastýring
Enn aflmeiri – 163 hestöfl • Spólvörn • Krómpakki • 17" felgur – 32" dekk

**Verð 3.475.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**ÖRVÆNTING Í KAUPHÖLLINNI** Þessi kínverski fjárfestir gerðist harla dapur í Kauphöllinni í Sjanghæ í gær þegar ljóst var að bréfin héldu áfram að falla í verði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðarmorðsákæra:

## Króatar vilja nú semja við Serba

**KRÓATÍA, AP Ivan Simonovic, fulltrúi Króatíu hjá Alþjóðadómstólnum í Haag, segir að hugsanlega muni Króatía falla frá ákæru á hendur Serbíu fyrir þjóðarmorð, eftir að dómur er fallinn í sambærilegu máli Bosníu á hendur Serbíu.**

**Dómstóllinn sýknaði Serbíu af þjóðarmorðsákæru Bosníumanna, en sagði jafnframt að Serbar hefðu brugðist skyldum sínum með því að gera ekki allt sem þeir gátu til að koma í veg fyrir þjóðarmorðið í Srebrenica árið 1995.**

**Simonovic segir að Króatar muni líklega reyna að semja beint við Serba um bætur, en láta því aðeins reyna á dómsmálið að engir samningar takist. - gb**

# Staðráðnir í því að ná Ungdómshúsinu

**Lögreglan í Kaupmannahöfn hafði mikinn viðbúnað í gær og reiknaði með átökum í gærkvöldi og nótt. Mótmælendur eru staðráðnir í því að ná Ungdómshúsinu aftur á sitt vald. Frekari mótmælaaðgerðir eru boðaðar næstu daga.**

**KAUPMANNAHÖFN** Mótmælendur í Kaupmannahöfn létu til skarar skríða á ný í gærkvöldi, daginn eftir að lögreglan hafði rýmt Ungdómshúsið á Norðurbrú, sem áratugum saman hefur verið vinsæll samkomustaður unga fólksins í Kaupmannahöfn.

Mikil átök urðu þar í fyrrakvöld og var búist við að hamagangurinn yrði ekki minni í gærkvöldi. Mótmælendur voru staðráðnir í að ná húsinu aftur á sitt vald.

„Það er samt búið að vera mjög rólegt hérna í dag, en ég hugsa að það sé lognið á undan storminum," sagði Guðrún Ísaksdóttir hárgreiðslukona í Kaupmannahöfn þegar Fréttablaðið náði tali af henni síðdegis í gær. Guðrún starfar ásamt fjórum öðrum Íslendingum á hárgreiðslustofunni Street Cut við Nørrebrogade, sem er skammt frá Ungdómshúsinu á Jagtvej 69 sem lætin snúast öll um.

„Við erum í miðri baráttunni. Það var bál hérna fyrir utan í gærkvöldi," segir Guðrún. „Það var leitað á einum fyrir framan gluggann hjá okkur. Hann var með mótmælaspjald grey maðurinn og var bara tekinn og þreifaður upp og niður."

Annars hafði starfsfólkið á hárgreiðslustofunni lítið orðið vart við átökin, hvorki á fimmtudaginn né í gær: „Við lokum klukkan fjögur, en klukkan fimm hófust mótmælin og þá varð allt vitlaust."




**UNGDÓMSHÚSIÐ VIÐ JAGTVEJ** Mótmælendur hafa boðað frekari aðgerðir næstu daga og ætla sér að ná húsinu aftur á sitt vald. FRETTABLADID DNY/PELLE

Í gærmorgun hófust aðgerðir á því að nokkrir mótmælendur lögðu undir sig höfuðstöðvar Sósíaldemókrataflokksins í Kaupmannahöfn. Tveimur tímum síðar yfirgáfu þeir flokksskrifstofurnar friðsamlega.

Lítið bar síðan til tíðinda fyrr en undir kvöldið þegar mótmælendur söfnuðust saman klukkan 19 í Folkets Park. Klukkan 22 hófst síðan fjöldaganga frá Gamlatorgi á Strikinu með lifandi tónlist og var haldið þaðan í áttina að Norðurbrú, aðalvettvangi átakanna. Loks var planið að safnast saman við Sankt Hans Torv á miðnætti og fylgja þaðan „græna fánanum" á vit frekari aðgerða, eins og það var orðað á heimasíðu mótmælenda.

„Annars er merkilegt að yfirleitt í kringum þessa stóru götubardaga gengur lífið hérna sinn vanagang," sagði Jón Runólfsson, forstöðumaður í Jónshúsi í Kaupmannahöfn, sem hafði fylgst grannt með fréttum af atburðunum þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær. „Maður getur jafnvel séð konu á hjóli fara sína leið í gegnum mannfjöldann eða einhver með barnavagn. Það er mjög danskt."

gudsteinn@frettabladid.is

Íslenska ríkið dæmt bótaskylt:

## Hægra eyrað bitið af manni

**DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða þrítugum karlmanni rúmar sexhundruð þúsund krónur í skaðabætur. Hluti af hægra eyra mannsins var bitið af honum í áflogum í miðbæ Reykjavíkur í febrúar árið 2004. Ekki er vitað hver beit í eyra mannsins.**

**Í slíkum tilfellum er íslenska ríkið skaðabótaskylt.**

**Íslenska ríkið vildi sýknu af kröfu mannsins því talið er að hann hafi meðal annarra átt upptök að slagsmálunum. Dómurinn féllst ekki á þetta en jánkaði þessum rökum þegar manninum voru dæmdar lægri skaðabætur en þær rúmlega fjórtánhundruð þúsund krónur sem hann fór fram á. - ifv**

Kosning.is opinn almenningi:

## Fróðleikur um kosningar

**KOSNINGAR** Upplýsingavefur vegna alþingiskosninganna 12. maí opnaði í gær. Vefurinn, sem er í eigu og umsjón dómsmálaráðuneytisins veitir hagnýtar upplýsingar um kosningarnar. Á vefnum er að finna fróðleik sem á að nýtast bæði almennumkjósendum og stjórnmálasamtökum.

Ennfremur er fjallað um lög og reglugerðir, framkvæmd kosninga og birtar tölulegar upplýsingar fyrir alla sem vinna að kosningunum.

Kjósendur geta nýtt sér vefinn þegar nær dregur kosningum til að fá upplýsingar um framboðslista og kjörstaði. Slóðin er kosning.is - bej



*Íslenska ánægjuvogin 2006*



# Ánægðustu viðskiptavinir landsins eru hjá SPRON!

Samkvæmt mælingu Íslensku ánægjuvogarinnar 2006 eru viðskiptavinir **SPRON** ánægðastir allra viðskiptavina banka og sparisjóða – ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur á landinu öllu!

Við erum stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu viðskiptavina okkar og er hún okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

## Komdu í hóp landsins ánægðustu viðskiptavina!




**Ánægjuvog banka og sparisjóða**
– landið allt 2006

spron

# Mataræði hefur áhrif á myndun nýrnasteina

**Íslenskar rannsóknir benda til þess að hlutfallslega fleiri íslensk börn greinist með nýrnasteina en börn í flestum öðrum vestrænum löndum. Tíðni nýrnasteina meðal fullorðinna Íslendinga er hins vegar svipuð og í öðrum vestrænum samfélögum. Á undanförnum árum hafa orðið miklar framfarir á skilningi manna á orsökum nýrnasteina en vitað er að þarna er á ferðinni mjög flókið samspil erfða og umhverfisþátta þar sem mataræði leikur veigamikið hlutverk.**

Hópur íslenskra vísindamanna undir forystu Viðars Eðvarðssonar barnalæknis hefur unnið að brautryðjendarannsóknum á þessu sviði hérlendis undanfarin ár og á dögunum hlaut Viðar viðurkenningu úr Verðlaunasjóði Óskars Þórðarsonar læknis fyrir rannsóknir á steinsjúkdómi í nýrum. „Það er auðvitað mikill heiður að fá þessa viðurkenningu og hvetjandi eftir alla þá gríðarlegu vinnu sem búið er að leggja í þessar rannsóknir,“ segir Viðar og leggur áherslu á að þeir félagar hans Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga á LSH, og Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðingur í nýrnalækningum, eigi ekki síður sinn þátt í þeim árangri sem náðst hafi.

### Sjúkdómur hvíta mannsins

Steinsjúkdómur í nýrum eða nýrnasteinar eins og fólk þekkir þetta vandamál í daglegu tali herjar einkum á hinn hvíta kynstofn mannkyns, óháð búsetu, og á sér því erfðafræðilegar skýringar.

Hugmyndin að því að rannsaka erfðafræðiþáttinn að baki auknu kalsíum í þvagi og myndunar nýrnasteina meðal Íslendinga kviknaði hjá Viðari er hann var í þjálfun í nýrnalækningum barna í Bandaríkjunum 1992-1995. Hann og Runólfur Pálsson höfðu einnig rætt þessi mál á námsárum í Bandaríkjunum en þarna mótaðist hugmyndin. „Við settum síðan saman formlegan rannsóknarhóp kringum aldamótin og það sem við lögðum áherslu á var nýrnasteinar og síðan langvinnir nýrnasjúkdómar í framhaldi af því,“ segir Viðar.

Þeir byrjuðu á að gera faraldsfræðirannsókn til að átta sig á hversu algengir þessir sjúkdómar væru á Íslandi og hvort þeir legðust mismunandi á karla og konur, og kortlögðu útbreiðslu og alvarleika þeirra. „Þannig höfum við á síðustu árum safnað upplýsingum um liðlega 6.000 Íslendinga sem greinst hafa með nýrnasteina allt frá árinu 1984 og höfum borið þær saman við sambærilegar erlendar upplýsingar.“

### Kalsíum í þvagi stór áhættuþáttur

Niðurstöður rannsóknanna benda eins og áður segir til þess að algengi nýrnasteina í fullorðnum Íslendingum sé svipað og í öðrum vestrænum samfélögum. „Það sem hins vegar kom okkur á óvart var að nýgengi sjúkdómsins í íslenskum börnum er með því hæsta sem greinst hefur á Vesturlöndum ef miðað er við sambærilegar erlendar rannsóknir.“

Ástæður þessa eru ekki fyllilega ljósar að sögn Viðars en hann segir líklegast að erfðafræðiþátturinn ráði miklu, það er að myndun nýrnasteina sé ættlæg. „Of mikið kalsíum í þvagi eykur hættu á myndun nýrnasteina hjá bæði börnum og fullorðnum en þessi áhættuþáttur er algengur hjá íslenskum börnum. Niðurstöður fjölda erlendra rannsókna benda eindregið til þess að of mikið kalsíum í þvagi sé ættlægt vandamál sem í mörgum fjölskyldum erfist ríkjandi.“

### Tengist breyttu neyslumunstri

Þá vakti það einnig athygli vísindamannanna að algengi nýrnasteina virðist hafa aukist umtalsvert hér á landi síðustu 20-25 árin, sem er svipað því sem lýst hefur verið í fleiri vestrænum samfélögum. Telur Viðar líklegt að breytt neyslumynstur samfélagsins hafi þarna mikið að segja. „Ýmislegt bendir til þess að tengsl séu á milli aukinnar stærðar matarskammta, gríðarlegrar aukningar á neyslu sætra gosdrykkja, ofþyngdar og aukinnar neyslu á salti og hitaeiningum annars vegar og myndunar nýrnasteina hins vegar. Sama gildir reyndar einnig um ýmsa aðra sjúkdóma svo sem sykursýki.“

Ekki er ljóst að sögn Viðars hvernig ofþyngd og aukin neysla hitaeininga eykur hættu á nýrnasteinum en vitað er að truflanir á virkni insúlíns auka hættu á steinmyndun í nýrum. Flestir sjúklingar með nýrnasteina eru hins vegar í eðlilegum holdum.

### Komu í veg fyrir veikindi

Í tengslum við rannsóknir sínar á um 6.000 Íslendingum sem greinst hafa með nýrnasteina hafa Viðar og félagar hans fundið um það bil þrjátíu sjúklinga með gríðarlega sjaldgæfan efnaskiptasjúkdóm sem leiðir oftast til myndunar nýrnasteina og jafnvel nýrnabilunar. Efnaskiptasjúkdómurinn var sem sagt þekktur og lækningin við honum sömuleiðis en vandinn fólst í því að erfiðlega gekk að greina sjúklingana. „Með þau rannsóknargögn sem við höfðum aflað okkur gátum við farið kerfisbundið í gegnum ákveðnar fjölskyldur og fundið þá einstaklinga sem voru í augljósri áhættu með að fá nýrnasteina og jafnvel nýnabilun. Þetta fólk var síðan sett í meðferð og þannig tókst í nánast öllum tilfellum að koma í veg fyrir að það veiktist. Þröstur Laxdal barnalæknir vann mikið frumkvöðlastarf á þessu sviði en þessi hluti rannsóknarinnar var að miklu leyti byggður á starfi hans.“

### Vilja rannsaka erfðafræði nýrnasteina

Í framhaldi af niðurstöðum rannsókna sinna hafa Viðar og félagar hans í auknum mæli beint sjónum að því að finna ástæður þess að fólk fær nýrnasteina. „Okkur langar til að nýta það fé sem fylgir viðurkenningunni sem við fengum til að undirbúa rannsókn á erfðafræði nýrnasteina. Slík erfðafræðirannsókn er að minnsta kosti tíu ára langtímaverkefni þó í raun megi segja að rannsóknum sem þessum ljúki aldrei.“

Þeir hafa þegar unnið ýtarlega rannsóknaráætlun og ætla að sækja um styrk til bandarísku heilbrigðismálastofnunarinnar, The National Institute of Health, en rannsókn af þessu tagi kostar gríðarlega peninga. „Við ætlum að vinna þetta í nánu samstarfi við þekkta bandaríska vísindamenn frá University of Chicago, New York University, Case Western Reserve University í Ohio og University of Pennsylvania. Þetta er hópur sem við höfum náð að setja saman en þetta er eina leiðin til að gera rannsóknir sem þessar. Það skiptir öllu að geta fengið stóra fjármögnun úr samkeppnissjóði erlendis.“

> Of mikið kalsíum í þvagi eykur hættu á myndun nýrnasteina hjá bæði börnum og fullorðnum en þessi áhættuþáttur er algengur hjá íslenskum börnum

### Dreymir um erlendan styrk

Um líkurnar á því að þeim takist að hljóta þennan styrk segir Viðar að vitað sé að bandaríska heilbrigðismálastofnunin vilji fá góða styrkumsókn á þessu tiltekna sviði, en rannsókn sem þessi hefur ekki áður verið gerð. „Við vitum að fulltrúar stofnunarinnar eru mjög hrifnir af hugmyndum okkar, en valinn hópur bandaríska vísindamanna með sérþekkingu á þessu sviði ræður hins vegar hvaða umsóknir eru styrktar hverju sinni, ekki bara stofnunin sem slík. En góð umsókn á alltaf möguleika og við höfum vandað mjög til verksins.

Það er frekar óvenjulegt að styrkumsókn fari í gegn í fyrstu umferð, ef hún kemur til greina koma yfirleitt einhverjar spurningar og svo lagfæringar í kjölfarið og síðan styrkur. Þetta kemur í ljós í haust en okkur dreymir um að fá þessa fjármögnun, það væri afar gott fyrir okkar rannsóknahóp að fá erlendan styrk af þessu tagi,“ segir Viðar Eðvarðsson barnalæknir.

ssal@frettabladid.is



**VIÐAR EÐVARÐSSON BARNALÆKNIR** Segir ýmislegt benda til að tengsl séu á milli aukinnar stærðar matarskammta, aukinnar neyslu sætra gosdrykkja, salts og hitaeininga annars vegar og myndunar nýrnasteina hins vegar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

## VÍSINDAMAÐURINN

Viðar Eðvarðsson er fæddur á Akureyri árið 1961. Hann stundaði nám við Menntaskólann á Akureyri og síðan Háskóla Íslands og brautskráðist frá læknadeild HÍ árið 1987. Hann lauk sérfræðinámi í almennum barnalækningum frá Medical College of Georgia í Bandaríkjunum árið 1992 og sérfræðinámi í nýrnalækningum barna frá St. Christopher´s Hospital for Children, Temple University School of Medicine, árið 1995.
Viðar hefur lokið bandarískum sérfræðiprófum í almennum barnalækningum og nýrnalækningum barna. Hann hefur starfað sem sérfræðingur í barnalækningum og nýrnalækningum barna við Landspítala - háskólasjúkrahús og er gæðastjóri lækninga við Barnaspítala Hringsins. Enn fremur er hann umsjónarlæknir nýrnaígræðslu á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og stundakennari við læknadeild og hjúkrunardeild Háskóla Íslands. Eiginkona Viðars er Guðlaug Þorsteinsdóttir geðlæknir.


Síminn

# Aðalfundur Símans 2007

Aðalfundur Símans hf. verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 17.00 á Nordica hotel.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Skýrsla forstjóra um rekstur félagsins og endurskoðaður reikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning löggilts endurskoðanda.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
8. Ákvörðun um skiptingu Símans hf.
   i. Skipting A. Tillaga stjórnar Símans hf. um að félaginu verði skipt í samræmi við fyrri skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í skiptingunni felst að tilteknir eignarhlutar í Símanum hf. og dótturfélögum Símans hf. renna inn í sérstakt hlutafélag, sem verður móðurfélag samstæðunnar, sbr. nánari skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og hins nýja móðurfélags liggja fyrir.
   ii. Skipting B. Tillaga stjórnar Símans hf. um að félaginu verði skipt í samræmi við seinni skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Við skiptinguna færast fasteignir félagsins ásamt tilteknum skuldum yfir í sérstakt einkahlutafélag. Þá færist fjarskiptanet félagsins, viðskiptavild því tengd ásamt tilteknum skuldum inn í sérstakt einkahlutafélag, sbr. nánari skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og viðtökufélaga liggja fyrir.
9. Tillaga félagsstjórnar um að móðurfélag samstæðunnar verði skráð í kauphöll fyrir árslok 2007.
10. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
11. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Gögn vegna skiptingar skv. 8. dagskrárlið hafa legið frammi frá birtingu skiptingaráætlana í Lögbirtingablaðinu, 25. janúar 2007, og eru hluthöfum Símans hf. aðgengileg á skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

**Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhent hluthöfum á aðalfundardaginn frá kl. 16.00 á fundarstað að Nordica hotel.**

**Stjórn Símans**

800 7000 - **siminn.is**

ENNEMM / SÍA / NM26385

100% FJÁRMÖGNUN

# Nýr Chevrolet **Kalos** á aðeins 19.890,- á mán.*

100% fjármögnun ☑
Engin útborgun ☑
Í erlendri mynt, vextir 4,27% ☑
3 ára ábyrgð ☑

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%)




Chevrolet **Kalos**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.369.000,-**

DYNAMO REYKJAVÍK

## Engin útborgun…
## …og þú ert kominn á **nýjan bíl!**

Kalos

## **Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan bíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **19.890 kr.** á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum. **Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET




LAMBAINNRALÆRI
THAI MAHAL

**2.498** kr. kg




KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR

**1.886** kr. kg



GIRNILEGIR TÓMATAR ÚR GRÆNMETISTORGINU
BUFFTÓMATAR, CHERRÝ, GULIR, KIRSUBERJA, LÝKÓPEN OG PLÓMU TÓMATAR




KELLOGG'S
MORGUNKORN
**299** kr. 500 g




PEPSI
PEPSI LIGHT
**99** kr. 2 l



MYLLU
HEILHVEITIBRAUÐ
**199** kr. pk.

NÓATÚN
Bestir í kjöti

# Nautatilboð úr kjötborði!



Úr Kjötborði Nóatúns

28% afsláttur

UNGNAUTA RIB-EYE
ÚR KJÖTBORÐI
2.498 kr. kg

## Frábært verð!



38% afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

UNGNAUTAHAKK
ÚR KJÖTBORÐI
799 kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

29% afsláttur

KEILUSTEIK MEÐ KARRÝ
ÚR FISKBORÐI
998 kr. kg

## Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN

5 á dag

### Rautt reynist vel

Með því að auka hlutfall rauðra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Góðu minni*
- *Minni líkum á þvagrásar- og þvagfærasýkingum*
- *Minni líkum á krabbameini*

### Gult gleður

Með því að auka hlutfall gulra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Sterku ónæmiskerfi*
- *Sjónheilsu*
- *Minni líkum á krabbameini*

### Hvítt heillar

Með því að auka hlutfall hvítra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Heilbrigðu hjarta*
- *Lágu kólesterólmagni*
- *Sterkum beinum og tönnum*
- *Minni líkum á krabbameini*

### Grænt er gaman

Með því að auka hlutfall grænna ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Minni líkum á krabbameini*
- *Sjónheilsu*
- *Sterkum beinum og tönnum*

### Blátt bætir

Með því að auka hlutfall blárra ávaxta og grænmetis í mataræði þínu viðheldur þú:

- *Minni líkum á krabbameini*
- *Minni líkum á þvagrása- og þvagfærasýkingum*
- *Góðu minni*
- *Heilsusamlegri öldrun*

### Borðaðu 5 á dag

*Með því að borða 5 eða fleiri skammta af litríkum ávöxtum og grænmeti á dag stuðlar þú að heilsusamlegra lífi. Litríkir ávextir og grænmeti sjá þér fyrir fjölbreyttri flóru vítamína og bætiefna sem líkami þinn þarfnast til að viðhalda góðri heilsu og orku. Auk þess minnka þeir líkur á krabbameini og hjartasjúkdómum.*

### Veldu heilsulitina

*Rauður, gulur/ appelsínugulur, hvítur, grænn, blár/fjólublár. Láttu litina ráða ferðinni þegar þú gerir matarinnkaupin, skipuleggur máltíðirnir eða ferð út að borða og lifðu lífinu í lit.*

### Auðveldara en þú heldur

*Það er auðveldara en þú heldur að borða fimm ávexti eða grænmeti á dag í öllum litum. Einn skammtur er til dæmis meðalstór ávöxtur, 100 g af grænmeti eða 1 glas af hreinum ávaxtasafa.*

**Verði ykkur að góðu!**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.383 **+0,17%** **Fjöldi viðskipta:** 640 **Velta:** 9.098 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atorka** | +4,91% | **Atlantic Petrol.** | -3,39% |
| **Alfesca** | +1,89% | **Sláturf. Suðurl.** | -2,63% |
| **Landsbankinn** | +1,88% | **Kaupþing** | -0,80% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,74 +1,08% ... Actavis 68,40 +0,29% ... Alfesca 4,86 +1,89% ... Atlantic Petroleum 570,00 -3,39% ... Atorka 7,70 +4,91% ... Bakkavör 62,90 +0,80% ... Eimskipafélagið 36,70 -0,54% ... FL Group 30,20 +0,00% ... Glitnir 27,30 +0,00% ... Kaupþing 995,00 -0,80% ... Landsbankinn 32,50 +1,88% ... Marel 74,50 -0,67% ... Mosaic Fashions 15,90 +1,27% ... Straumur-Burðarás 20,30 +0,50% ... Össur 119,00 +0,85%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Uppgjör veldur vonbrigðum*

Icelandic Group tapaði tæplega 1,4 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2006. Sala á fjórðungnum nam 360 milljónum evra, eða 33,8 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) nam 187 milljónum króna. Hlutfall rekstrarhagnaðar án afskrifta af rekstrartekjum (EBITDA-hlutfall) var 0,6 prósent.

Niðurstaðan var töluvert undir markmiðum stjórnenda félagsins, sem höfðu sett markið á 400 milljóna evra sölu á tímabilinu og 4,5 prósenta EBITDA-hlutfall.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP** Icelandic Group tapaði tæplega 1,4 milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi 2006.

Litið til ársins í heild tapaði Icelandic Group 1,08 milljörðum króna. EBITDA ársins er 3,5 milljarðar króna. Heildareignir félagsins við árslok námu 85,6 milljörðum króna.

Árið 2006 var litað af slökum rekstrarárangri og mikilli endurskipulagningu hjá Icelandic Group. Í fréttatilkynningu frá félaginu er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra Icelandic Group, að félagið sé nú í stakk búið til að sýna góðan árangur á árinu 2007. **- hhs**

# Hækka verðmat á Alfesca

Greiningardeild Landsbankans hækkaði verðmat sitt á Alfesca í 5,65 krónur á hlut í kjölfar þess að félagið skilaði góðu uppgjöri á fjórða ársfjórðungi. Þá telur greiningardeildin að kaupin á franska rækjuframleiðandanum Adrimex, sem tilkynnt var um við birtingu uppgjörsins, styrki félagið.

Gengi bréfa í Alfesca hækkaði um hátt í tvö prósent í gær og stóð við lokun markaðar í 4,86 krónum. Greiningardeildin hefur sett markgengi félagsins á 6,30 krónur á hlut. Það þýðir að hún telur innistæðu vera fyrir um þrjátíu prósenta hækkun á gengi félagsins á næstu tólf mánuðum. **- hhs**

# Langt undir spám

Fjölmiðla- og afþreyingarfélagið 365 hf. tapaði 6,9 milljörðum króna á síðasta ári. Sé einungis horft á áframhaldandi starfsemi nemur tapið 1,2 milljörðum. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta nam 1.552 milljónum króna.

Á fjórða ársfjórðungi nam tap félagsins 2.246 milljónum króna. Það er langt umfram meðaltalsspá greiningardeilda bankanna, sem hljóðaði upp á 212,5 milljóna króna tap. Sala á tímabilinu nam 3.595 milljónum króna og EBITDA-hagnaður nam 1.362 milljónum.

„Síðasta ár hefur verið tími mikilla umbreytinga hjá 365 hf. og forvera þess, Dagsbrún hf. Vinna við þessar breytingar hefur verið tímafrek og kostnaðarsöm, auk þess sem 365 hf. hefur þurft að taka á sig miklar afskriftir vegna endurmats á virði þeirra fjárfestinga sem ráðist var í, en eru utan framtíðarreksturs 365 hf.,“ er haft eftir Ara Edwald, forstjóra 365, í fréttatilkynningu. „Ljóst er að rekstrarniðurstaða félagsins er óásættanleg.“

365 hf. er móðurfélag 365 miðla, sem meðal annars reka Fréttablaðið, Senu, Sagafilm og D3. **- hhs**



**„ÓÁSÆTTANLEG NIÐURSTAÐA“** Ari Edwald, forstjóri 365, segir afkomu samstæðunnar á síðasta ári óásættanlega.

# Brugðið út af venju hjá Stork

Hluthafar fyrirtækjasamstæðunnar Stork N.V. í Hollandi brugðu út af venju þegar þeir léttu ekki ábyrgð af framkvæmda- og yfirstjórn félagsins vegna verka þeirra á síðasta ári á aðalfundi félagsins sem fram fór í gær. Þá var einn yfirstjórnarmanna, C. den Hartog, ekki skipaður aftur í stjórnina.

Stærstu hluthafar félagsins, bandarísku fjárfestingasjóðirnir Centaurus og Paulson, sem saman fóru með 57,3 prósent atkvæða þeirra sem mættir voru á aðalfundinn, kusu gegn því að létta ábyrgð af stjórninni, en slíkt er venjulega formsatriði og gert til að fría stjórnarmenn skaðabótaábyrgð. Eins lögðust sjóðirnir gegn endurskipan Den Hartog. Sjóðirnir hafa frá því síðasta haust deilt hart við stjórnina um stefnu fyrirtækisins. Þeir vilja selja hliðarstarfsemi frá, svo sem Stork Food Systems, sem Marel vill kaupa. Marel á fyrir, í félagi við Landsbankann og Eyri Invest, um átta prósenta hlut í Stork N.V.

Á aðalfundinum sátu hjá við atkvæðagreiðsluna 8,3 prósent atkvæða og má leiða að því líkur að þar hafi verið hlutur Marels. Forsvarsmenn fyrirtækisins vildu ekki tjá sig um fundinn, en fyrirtækið hefur ekki viljað taka afstöðu í deilu bandarísku sjóðanna og Stork. Marel og Stork hafa hins vegar átt í óformlegum viðræðum um kaup á Stork Food Systems. **- óká**




**Á HITAFUNDI Í HOLLANDI** Aðalfundur Stork-fyrirtækjasamstæðunnar hollensku fór fram í Amsterdam í Hollandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP




# Lífið á landnámsöld

Landnámssýningin
The Settlement
Exhibition

Reykjavík
871 ±2

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggnast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.

Sýningin opnar aftur 3. mars
Opnunartími: alla daga frá 10–17

Aðalstræti 16
www.reykjavik871.is

Minjasafn Reykjavíkur


omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE
BAÐ
INNRÉTTINGAR
SÉR TILBOÐ!
WLU-150 146x49 sm
Útlit: Eik
Verð stgr. kr. 72.900*
WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900*
WLU 06A 120x49 sm
Útlit: Hvítt háglans og eik
Verð stgr. kr. 58.900*
WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900*
Verð stgr. kr. 56.900*
WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
WLU-149 116 x 49 cm
Útlit: Hvítt háglans / Hnota
Verð stgr. kr. 59.900*
WLU 125 45x30 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik
Verð stgr. kr. 28.900*
WLU 126 50x40 sm
Útlit: Hvítt háglans / Svart háglans
Verð stgr. kr. 28.900*
omega TILBOÐ!
* Innifalið: Handlaug, handlaugaskápur og spegilskápur. Einnig hár skápur þar sem þeir eru sýndir á myndunum.
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hæstiréttur á hálum ís í túlkun tungumálsins.

## Dauð og ómerk sannindi

JÓN KALDAL SKRIFAR

Blaðamaður spyr: „Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir vímuefnaneyslu?“

Bubbi svarar: „Ég hef verið sex ára. Þá byrjaði ég að reykja tóbak [...] af öllum vímugjöfum sem ég hef ánetjast er tóbakið sá vímugjafi sem hefur náð mestum tökum á mér.“

Þessi kafli er úr viðtali við Bubba Morthens sem birtist í Morgunblaðinu í október 2002. Tilefni viðtalsins er ný plata Bubba en þó fyrst og fremst forvarnarátak gegn fíkniefnum sem hann hafði staðið fyrir í fjölda grunn- og framhaldsskóla undir yfirskriftinni „Veldu rétt“ í samstarfi við Esso.

Ástæða fyrir því að þessi kafli er rifjaður hér upp er að á fimmtudag dæmdi Hæstiréttur dauð og ómerk ummælin „Bubbi fallinn“ sem birtust á forsíðu tímaritsins Hér og nú sumarið 2005 og snerust um að Bubbi væri farinn að reykja á nýjan leik eftir nokkurt hlé.

Rökstuðningurinn fyrir þeirri niðurstöðu hljómar svona: „Ekki var talið unnt að skilja forsíðufyrirsögnina öðruvísi en svo að fullyrt væri að Á [Ásbjörn Morthens] væri byrjaður að neyta vímuefna, enda væri þorra þjóðarinnar kunnugt um vímuefnaneyslu hans fyrr á árum.“

Hæstiréttur virðist sem sagt ekki skilgreina tóbak sem vímuefni. Það fer reyndar fullilega saman við máltilfinningu þess sem hér skrifar. Ætli þorri fólks sé ekki sammála um að tóbak valdi fremur fíkn heldur en vímu?

En eins og kaflinn hér að ofan ber með sér lítur Bubbi sjálfur á tóbak sem vímuefni. Og svo virðist sem höfundur fyrirsagnarinnar: „Bubbi fallinn“, geti deilt þeim skilningi. Að því gefnu stendur fyrirsögnin þá fyllilega fyrir sínu, að Bubbi hafi verið byrjaður að neyta vímefna aftur eftir nokkurt hlé.

Það er líka tóm tjara í niðurstöðu Hæstaréttar að ekki sé hægt að skilja orðið „fallinn“ öðruvísi en að það tengist neyslu vímuefna. Fólk fellur í sælgætisbindindi, kaffibindindi, í megrun, og að sjálfsögðu í tóbaksbindindi eins og frétt Hér og nú fjallaði um.

Auðvitað eru þetta tómar hártoganir um merkingu og gagnsæi orða; hvort þau hafi eina og aðeins eina tengingu í huga fólks. En þegar Hæstiréttur fellir dóm, þar sem ekki er gert ráð fyrir tvíræðni tungumálsins, er full ástæða til að rökstuðningur þar að baki sé skýr og taki af öll tvímæli. Sú er ekki raunin í þessu tilfelli.

Það sem eftir stendur er að Hæstiréttur hefur augsýnilega ekki smekk fyrir þeirri tilvísun sem fyrirsögnin felur í sér í baráttu Bubba við eiturlyfjavandann. Enda er fyrirsögnin lágkúruleg og frekar ógeðfelld leið til að grípa athygli væntanlegra lesenda, en það er allt annar handleggur.

Mergur málsins er að fyrirsögnin er ekki ósönn og hana er klárlega unnt að skilja á annan hátt en svo að hún vísi til ólöglegra vímugjafa. Hvernig hægt er að dæma hana dauða og ómerka er því óskiljanlegt.

Allir stuðningsmenn ritfrelsis hljóta að mótmæla þessum dómi. En það sorglega er að það mun trauðla gerast þar sem blaðamennska af því tagi sem tímaritið Hér og nú ástundaði þykir ekki mjög virðuleg. Og því munu þeir sem venjulega hæst gala væntanlega láta lítið fyrir sér fara í þetta skiptið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Bjartsýni**

Það þykir til marks um það hve ferskir straumar leika nú um Framsókn á flokksþingi þeirra á föstudag að sjálft nýstirnið Lay Low var fengið til að hrista upp í stemningunni. Bar fólki saman um að Lay Low hefði vakið mikla lukku. Menn hefðu þó mest haft gaman af laginu Please Don't Hate Me sem hefur náð góðum árangri á vinsældalistum.



**Jafnræði**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ákvað fyrir skömmu að hunsa tilnefningar Blaðamannafélags Íslands í sérfræðinganefnd norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar NJC í Árósum og tilefndi sinn eigin fulltrúa í nefndina. Var þetta í fyrsta sinn í hálfrar aldar langri sögu miðstöðvarinnar sem tilnefning blaðamannafélags var virt að vettugi og hefur formaður þings Norrænu blaðamannasamtakanna sagt að slíkt gangi þvert á hefðir annarra Norðurlanda. Hinn óhefðbundni ráðherra rökstuddi gerðir sínar með þeim orðum að henni hefði þótt Birgir Guðmundsson, sem blaðamannafélagið tilnefndi, óhæfur í sérfræðinefndina þar sem hann væri lektor við Háskólann á Akureyri. Tengsl nefndarmanna NJC við háskóla væru óæskileg. Ummæli Þorgerðar hafa vakið furðu, ekki síst fyrir þær sakir að sá sem hún skipaði er Ólafur Þ. Stephensen, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins og stjórnarmaður meistaranáms blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.



**Frjálslyndir**

Jón Magnússon er í fyrsta sæti Frjálslynda flokksins í Reykjavík suður. Mikið hefur gustað af Jóni vegna væringa hans við Margréti Sverrisdóttur, sem yfirgaf flokkinn eftir deilurnar, eða hann hana eftir því hvernig á það er litið. Jón sagðist hafa ákveðið að þiggja fyrsta sætið í Reykjavík suður þó að hann hefði mælst til þess að „tiltekin kona“ yrði í fyrsta sætinu. Það hefði þó ekki gengið eftir. Finnst flestum nokkuð augljóst hver hin tiltekna kona er sem ekki vildi þiggja sæti.

karen@frettabladid.is

## Hamingjan er innan í þér



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Lífsgæði

Íslendingar eru rík þjóð. Ég held bara vellauðug. Bæði í peningum og mannauði. Þetta hefur okkur tekist hér uppi á hjara veraldar og fámenn eins og við erum. Við ferðumst til útlanda, étum á okkur gat, kaupum allar græjurnar, húseignirnar, bílana og raunar allt milli himins og jarðar.

Mér verður stundum hugsað til afa minna og þeirrar kynslóðar sem bjó við aðrar og erfiðari aðstæður, þegar hvorki bílar, sjónvörp, símar eða tölvur voru til taks. Og engir peningar. Annar afi minn fór einu sinni til útlanda og varð þó nær hundrað ára gamall. Hinn fór aldrei. Yngsti sonur minn hefur flogið átján sinnum til útlanda og er þó ekki ennþá orðinn sextán ára! Segir þetta ekki allt um lífskjörin þá og nú? Gamla kynslóðin púlaði liðlangan daginn fyrir skít á priki og naut ekki annarra lífsgæða heldur en að hafa í sig og á í návist fátæktar og fábrotins lífsstíls. Engu að síður var þetta hamingjusamt fólk. Sátt við sig og sína. Kunni að meta það litla sem því hlotnaðist. Átti sig sjálft.

Það þýðir reyndar ekkert að rifja þetta upp. Unga fólkið hlustar ekki og veit ekki og skilur ekki þessa sögu né þetta líf. Það lifir í núinu og á sér framtíð og maður hljómar eins og biluð grammófónplata við að hefja þennan lestur. (Grammófónn, hvað er nú það?) Ég er heldur ekki að amast við þeirri afstöðu, auðvitað er það nútíðin og framtíðin sem skiptir máli og það sem er liðið er liðið.

En hvað er þá í núinu? Í raun og veru er spurningin þessi: eftir hverju sækjumst við? Meiri auði og allsnægtum? Fleiri fylleríum, meiri eignum, aukinni spennu og trylltara lífi?

Já, það er stórt spurt. Eftir því sem lífsþægindin vaxa, dregur úr þakklætinu fyrir því að eiga þau. Eftir því sem peningunum fjölgar, því meiri verður græðgin. Eftir því sem tækifærin eru fleiri, því meir eykst eirðarleysið. Og eftir því sem okkur er kennt meira um manngildið og mannúðina, því grófari verður mannfyrirlitningin, tillitsleysið og ofbeldið.

*Við verðum að rækta þá hugsun og þá staðreynd að verðmætin koma ekki utan frá. Ekki í peningunum, firringunni né innantómu glysinu. Þau eru í okkur sjálfum.*

Lögreglan gómar eiturlyfjasala, þegar kókaín finnst í innfluttum bíl. Götuverðið er sagt 365 millj. króna. Hverjir eru kaupendurnir nema það fólk sem hefur efni á að svala þessari fíkn sinni og hverjir eru fíklarnir nema fólkið sem á allt til alls? Varla eru það heimilislausu rónarnir eða umkomulausa fólkið sem betlar fyrir strætó.

Athygli okkar hefur beinst að sódómsku hátterni á meðferðarheimilum. En lögreglumenn sem ég þekki segja mér sögur af heimilisofbeldi, kúgun og ólæði inni á venjulegum heimilum, gagnvart börnum og mökum. Hraustustu karlmenn í lögregluliðinu þurfa áfallahjálp eftir slíkar heimsóknir. Þetta eru kannski sorglegustu atburðirnir í okkar litla samfélagi. Hinir földu glæpir. Hinn skelfilegi huliðsheimur hins daglega lífs.

Jú, jú, við sameinumst í bannfæringu á klámi og klámhundum og vísum slíkum konum á bug. En er það ekki skinhelgi og hræsni að þvo hendur okkar af slíku kompaníi á sama tíma og siðleysi, ofbeldi og andleg og líkamleg nauðgun þrífst mitt á meðal okkar? Mitt í öllum allsnægtunum.

Ég er ekki að mæla með afturhvarfi til fortíðarinnar. En ég er að benda á að það er ekki allt gull sem glóir. Við verðum að rækta þá hugsun og þá staðreynd að verðmætin koma ekki utan frá. Hvorki í peningunum, firringunni né innantómu glysinu. Þau eru í okkur sjálfum, viðmóti okkar og viðbrögðum gagnvart börnum og ástvinum og samferðarmönnum. Í framkomu okkar. Ef við týnum sjálfum okkur, ef við glötum manneskjunni og mannúðinni, þá eru allar vellystingarnir fyrir bí. Þá eigum við ekkert, hversu rík sem við verðum.

Skilaboðin eru þessi: Ríkidæmið, auðurinn og velmegunin eru góðra gjalda verð. En ekki glata eða gleyma þeirri undirstöðu lífshamingjunnar að hófsemi, auðmýkt og þakklæti gagnvart örlögum okkar og auðnu, er fólgið í þeirri einföldu staðreynd að vera góður við aðra. Að gefa af sér. Að láta gott af sér leiða. Við sækjum aldrei lífsgleðina í annað en okkur sjálf. Gerfiþarfir, ofgnótt eða sjálfumgleði eru blekking, áfengið og fíkniefnin og prjálið eru ekkert annað en flótti frá okkur sjálfum. Árangurslaus leit að hamingju sem í allri einfeldni sinni er hvergi nema í sjálfum þér. Hversu mikla peninga sem þú átt, hversu mikið sem þú neytir fíkniefna, hversu mikið sem þú reynir að vera öðruvísi en þú ert.

## Ábyrg stefna í efnahags- og skattamálum

**UMRÆÐAN**

Efnahagsmál



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Lítið fer enn fyrir umræðum um efnahagsmál, ríkisfjármál og skatta, sem er merkilegt í ljósi þess að kosningar nálgast óðfluga og mikill óstöðugleiki einkennir allt efnahagsumhverfið. Því mætti ætla að eitt helsta umræðuefnið þessa dagana væri hvernig unnt verði, eftir kosningar, að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

Á landsfundi okkar vinstri grænna var fjallað og ályktað um þessi mál af ábyrgð og raunsæi. Fróðlegt verður að vita hvernig aðrir flokkar bregðast við yfirvegaðri stefnumótun okkar. Vonandi verður sá tónn sem við höfum slegið til þess að ábyrgðarleysi af því tagi sem einkenndi skattalækkunarloforðin og yfirboðin í aðdraganda síðustu alþingiskosninga 2003 endurtaki sig ekki.

Okkar áherslur grundvallast á aðgerðum til að endurheimta efnaslegan stöðugleika. Þar gegnir „stóriðjustopp“ lykilhlutverki, bæði til að slá á þensluna og gefa náttúrunni grið. Einnig þarf víðtækar hliðaraðgerðir á grundvelli samstarfs helstu hagsmunaaðila til þess að ná niður verðbólgu og vöxtum, draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldasöfnun og gefa vinnumarkaðnum færi á að leita jafnvægis.

Við í VG teljum ekki þörf á að auka heildarskattekjur í landinu sem hlutfall af þjóðartekjum og miðum þar við meðaltal áranna 2005-2007. Hins vegar viljum við gera umtalsverðar tilfærslur á skattbyrði og ráðstöfun fjármuna:

Í fyrsta lagi styrkja verulega fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Í öðru lagi létta skattbyrði lágtekjufólks og fólks með upp í meðaltekjur með hækkun skattleysismarka.

Í þriðja lagi verði lágar fjármagnstekjur (upp að 120 þús. kr.) skattfrjálsar en þeir sem hafa miklar tekjur borgi ívið meira en nú er, eða 14% í stað 10%.

Einnig viljum við að fólki sem hefur gríðarlegar fjármagnstekjur en telur engar launatekjur fram verði gert að reikna sér endurgjald eða laun eins og sjálfstætt starfandi aðilum í dag.

Nánar geta menn lesið sér til um ályktun vinstri grænna um efnahagsmál, fjármál ríkis og sveitarfélaga og skatta á heimasíðu flokksins www.vg.is

*Höfundur er alþingismaður og formaður VG.*

# Er aukning á notkun „læknadóps“ á Íslandi?

**UMRÆÐAN**
Lyfjanotkun

Í Fréttablaðinu í gær birtist fréttaskýring með fyrirsögninni að misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum hefði aukist gríðarlega. Tilvitnunin er í skýrslu alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsins og á við ástandið í heiminum.

Hins vegar tekur blaðið dæmi af lyfjunum rítalíni og amfetamíni hér á landi. Rétt er að þau lyf eru misnotuð, en sú misnotkun stafar að langmestu leyti af ólöglegum innflutningi, á svipaðan hátt og fólk flytur inn hass, kókaín og önnur ólögleg vímuefni.

Með lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins er hægt að fylgjast nákvæmlega með útskriftum lækna á öll lyf. Staðreyndin er sú að fjöldi einstaklinga sem fær útskrifað rítalín hefur minnkað stórlega undanfarin ár, en rítalín er það form metýlfenídats, sem er helst misnotað. Hér ber að geta þess að virka efnið í rítalíni (methylphenydat) er nú komið í forðatöflur, sem fíklar sækjast ekki í ef þeir eiga völ á öðru. Fjöldi einstaklinga árið 2003, sem notaði „hreint“ rítalín sem slíkt var 2.124, en 1.011 árið 2006 og hafði því fækkað um 52%. Samanlagður fjöldi þeirra einstaklinga sem nota annað hvort rítalín eða forðatöflur hefur hins vegar lítið breyst undanfarin þrjú ár, en þessi lyf eru notuð við ofvirkni og athyglisbresti með góðum árangri. Skammturinn er þá 100 sinnum minni en þeir sem fíklar nota.


MATTHÍAS HALLDÓRSSON

Hvað varðar amfetamín hefur það verið skrifað út í mjög litlum mæli af læknum undanfarin ár. Árið 2003 skrifuðu læknar hér á landi það út fyrir 131 einstaklinga, en aðeins 98 einstaklinga árið 2006, sem er 25% minnkun. Amfetamín er notað á fullkomlega eðlilegan hátt við einstaka sjaldgæfa sjúkdóma, einkum drómasýki, sem veldur því að fólk sofnar við óeðlilegar aðstæður. Sjúkdómur þess fólks á ekkert skylt við fíkn, en lyfið gerir því mikið gagn.

Baráttan við misnotkun lyfja, bæði lyfja frá læknum og lyfja sem flutt eru inn ólöglega, heldur áfram. Mikilvægasta fréttin er sú að allt bendir til þess að við séum að ná allgóðum árangri, en baráttan heldur áfram. Gleymum því hins vegar ekki að sum þessara lyfja eru notuð á fullkomlega löglegan hátt af sjúklingum sem hafa af því mikið gagn. Mikilvægt er að henda ekki barninu út með baðvatninu.

*Höfundur er landlæknir.*







## *Óli H. Þórðarson hættir störfum*

**UMRÆÐAN**
Kveðja

Fjölmiðlar greina frá því að Óli H. Þórðarson hafi látið af störfum sem formaður Umferðarráðs. Við það verða tímamót í umferðarmálum landsmanna.


VALGARÐ BRIEM

Fyrsti formaður Umferðarráðs var Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri og gegndi sá mæti maður því starfi í fjórtán ár. Fannst honum þá nóg komið og fór þess á leit við mig að ég tæki við því embætti. Tók hann í því sambandi sérstaklega fram að ég þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af daglegum störfum ráðsins en þau væru undir stjórn ágæts manns, Óla H. Þórðarsonar. Þann mann þekkti ég ekki en fyrir áeggjan Sigurjóns tók ég starfið að mér og gegndi því næstu sjö árin. Hófst þar mikil og ánægjuleg samvinna við þann prýðismann Óla H. Þórðarson, sem aldrei bar á skugga öll þau ár.

Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra skipaði Óla framkvæmdastjóra Umferðarráðs árið 1978. Hann gegndi þeirri stöðu til 2006 en var jafnframt skipaður formaður Umferðarráðs árið 2002. Þessi störf er hann nú að kveðja en starfsferill Óla að umferðarmálum er orðinn langur og farsæll. Ótal mörg eru þau málefni sem ráðið hefur tekið til meðferðar og beitt sér fyrir á þessu tímabili undir stjórn Óla. Er mér þá efst í huga barátta ráðsins fyrir notkun bílbelta og notkun ökuljósa allan sólarhringinn, ótal þættir Óla í útvarpi, þrotlaus áróður hans fyrir bættri umferð og varúð á vegum og loks samvinnan við Alþjóðasamband umferðarráða PRI og Umferðarráð á Norðurlöndum.

Fyrir samvinnuna í Umferðarráði er ég Óla H. Þórðarsyni hjartanlega þakklátur og fyrir störf hans þar tel ég að við vegfarendur akandi og gangandi stöndum honum í þakkarskuld.

*Höfundur er lögfræðingur.*

*Greinin er birt í fullri lengd á www.visir.is*














MAÐUR VIKUNNAR

# Má ekki vamm sitt vita

Sala á málverki eftir Kjarval á toppverði til Gallerís Foldar vakti mikla athygli í vikunni. Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali varð enn áberandi í fjölmiðlum og vakti athygli þegar hann kvaðst aldrei myndu greina frá fyrir hvern Gallerí Fold hefði keypt verkið.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Tryggvi Páll kemur fram á opinberum vettvangi í tilefni af sölu myndlistar. Á morgun stendur hann fyrir uppboði á íslenskri myndlist og listmunum en Gallerí Fold sem hann rekur ásamt konu sinni hefur um langt árabil verið leiðandi í sölu nýrra og eldri listaverka í Reykjavík.

Í hópi þeirra sem fylgjast vel með yngri, og þó enn frekar eldri myndlist, er Tryggvi að góðu kunnur. Bragi Guðlaugsson er einn þeirra Reykvíkinga sem hafa fylgst með í íslenskri myndlist í þrjátíu ár og segir Tryggva vera traustan mann sínum vinum og hann búi yfir drjúgri þekkingu á myndlist, sem verslunarmaður sé hann heiðarlegur og ábyggilegur. Hann stundi ekki eins og ýmsir kjánar í sölu á myndlist þá þokkalegu iðju að kaupa verk af þeim sem ekki þekkja til og endurselja þau með miklum hagnaði.

Traust er enda það orð sem kemur fyrst upp í huga þeirra sem hafa þekkt Tryggva frá því hann var krakki og unglingur: hann hafði það orð á sér strax á þeim árum þegar hann var að alast upp á Högunum. Elínbjört eiginkona hans segir áhugann á myndlist hafa komið til af kynnum við Halldór Jónsson kaupmann og Selmu Jónsdóttur, forstöðukonu Listasafns Íslands, en móðir Tryggva var tengd því fólki. Faðir hans var bróðir Gunnars, föður Kjartans Gunnarssonar, fyrrrum framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins.

Kynfylgja Tryggva er því varkárni, rósemi og stilling, dálítið búandleg en traust. Það dugði honum enda til frama í félagsstarfi strax frá unglingsárum. Tryggvi var áberandi á götum miðborgar Reykjavíkur á hátíðisdögum þar sem hann fór í fararbroddi fánasveitar skáta í Reykjavík, fullorðinslegri en börnin sem fóru á eftir, fór hægt yfir en örugglega og upphófst hvergi ábyrgð sinni. Færri vissu að bak við þetta fas fór meinhæðinn húmoristi.

Tryggvi fór að vinna við sölu á myndavélum eftir skóla hjá Gewaphoto en réðist síðan til starfa í kryddsölunni Skipholti hjá föðurbróður sínum. Hann fór að taka að sér verkefni fyrir björgunarsveitirnar um 1988, segja þeir sem voru samskipa honum þar, og starfaði fyrir þær allt til 1994 þegar hann fór alfarið í rekstur á Gallerí Fold. Þá var Galleríið komið upp á Rauðarárstíg og síðan hefur það opnað útibú í Kringlunni. Með tilkomu þess breyttist bæði frummarkaður og eftirmarkaður með myndlist gríðarlega.

Margir hafa þó sýnt galleríinu opinberan fjandskap: Guðmundur Oddur prófessor við Listaháskólann sagði að þar væri ekki seld myndlist heldur stofuskraut. Myndlistarklíkan sem mest pláss fær í meðförum Moggans og er í nánustum tengslum við gallerí i8 lítur niður á verk sem Tryggvi selur, jafnvel þó þau séu eftir Dieter Roth. Hefur Tryggvi enda ekki dregið úr gagnrýni sinni á einstefnu Moggans í umfjöllun myndlistar. Segja menn það til marks um húmorískan sans Tryggva að hann leiti gjarna uppi verk eftir Eddu Jónsdóttur, aðaleiganda i8, og bjóði til sölu á uppboðum sínum þar sem þau seljist á fáeina þúsundkalla.

Samferðamenn Tryggva segja þó starf hans í sölu myndlistar blikna við hlið þess tröllaukna átaks sem hann hafi hrundið í gang í skátahreyfingunni: fyrst með aðkomu sinni að félagsstarfi skátahreyfingarinnar, síðan aðkomu að rekstri Hjálparsveitar skáta, fjáröflunar þar og skipulagningar: Björn Hermannsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Landsbjargar: „Drifkrafturinn sem hann kom með inn í björgunarstarfið varð til þess að rekstur hjálparsveitanna á Íslandi gerbreyttist. Það leiddi til aukinnar samkeppni svo Slysavarnafélagið efldist að kröftum. Tryggvi á einn stóran heiður af öllu því mikla og kraftmikla starfi sem björgunarsveitirnar sýna í dag.“ Enda stofnaði hann flestar þeirra, bætir annar við.

Freyr Einarsson, dagskrárstjóri Sirkuss, kynntist honum sem unglingur í tengslum við Kaupstefnuna – sýningafyrirtæki sem Tryggvi rak ásamt nokkrum félögum sínum úr skátahreyfingunni sem hobbí um nokkurra ára bil: „Hann er gífurlega frjór og hugmyndaríkur. Hann er gríðarlega skemmtilegur maður, meinhæðinn og er í rauninni villingur að eðlisfari sem fáir kynnast.“

Á morgun mun Tryggvi stíga á pall og bjóða upp glæsilegt safn verka eftir íslenska myndlistarmenn: Elínbjört kona hans segir þau hafa farið að stunda sýningar saman fyrir 1970 og það dylst engum sem les Listapóstinn, sem er eina reglulega veftímaritið sem út kemur á Íslandi um myndlistarmarkaðinn, að Tryggvi er ástríðufullur áhugamaður um myndlist. Eru greinar hans þar merkilegur vitnisburður um myndlistarumræðu, ekki kórréttar samkvæmt því staðlaða skoðanamynstri sem myndlistarheimurinn íslenski vill láta ráða, en ef það er eitthvað sem sagan kennir okkur er það að gildandi skoðanir eru býsna fljótar að fyrnast.

## TRYGGVI PÁLL FRIÐRIKSSON




### FÆDDUR

Tryggvi Páll fæddist í Reykjavík hinn 15. mars 1945. Foreldrar hans voru Margrét Tryggvadóttir húsmóðir og Friðrik Pálsson lögregluþjónn. Hann ólst upp á Högunum og átti þar sína skólagöngu, tók landsprófið alræmda úr Hagaskólanum og lauk svo verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands. Hann var virkur í skátahreyfingunni frá unga aldri. Hann kom að rekstri eiginkonu sinnar á Gallerí Fold 1994, sem þau Elínbjört Jónsdóttir hafa rekið á annan áratug. Þau eiga fjögur börn og fjögur barnabörn.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Tryggvi var í forystu þegar Hjálparsveit skáta var stofnuð og var framkvæmdastjóri hennar um langt skeið. Með því óeigingjarna starfi stuðlaði hann að björgun fjölda manna úr háska. Hefur ásamt Elínbjörtu rekið langlífasta listagallerí landsins.

### HVAÐ SEGIR HANN?

*„Myndlist er tískuvara og tískuheimurinn er fallvaltur. Sem stendur eru það frekar rómantísk verk sem eru eftirsóttust og litir gjarnan ljósir. Nú „eiga“ myndir að vera fallegar og frekar ljúfar. Fáguð vinnubrögð eru tekin fram yfir þau hráu. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að þannig verði það eftir fáein ár.“*

Úr ráðum Tryggva til kaupenda á myndlist.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

*Sumir þola hann ekki og fara ekki þarna inn, en hann er einn af fáum hér á landi sem hafa marktæka þekkingu á myndlistarmarkaði.*

Bragi Guðlaugssson, listaverkasafnari og dúklagningameistari.





Var geðveikt óánægð
ÉG ER FARIN Í SPARISJÓÐINN!
Lét gamla bankann heyra það
Við lögum okkur að þínum þörfum
Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.
www.spar.is
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína


Mokkatertan
hans Stjána bakara
890g
499 KR.
–og áfram
1 lítri
98 KR.
Bónusís
ERAN/Landlist
Bónus býður betur!
Kílóverð
vistvænar gulrætur
198 KR.
Gullfiskur 300g
1498 KR.
1 kíló!
79 KR.
BÓNUSBRAUÐ
1 KÍLÓ
26 sneiðar
Roðlaus og
beinlaus ýsa
Vistvænar
danskar gulrætur
500 ml
89 KR.
POWERADE
3 trölla
rúllur
3 XL rúllur
298 KR.
100 ml
159 KR.
Colgate tannkrem
Komnar aftur!
2 lítrar
198 KR.
Allar tegundir

Tilboð í viku 9

# með Bónustilboðin!

## Frosnar, danskar kjúklingabringur

Kílóverð kjúklingabringur
1398 KR.

EKKERT BRUDL

## Einiberjakryddað lúxus lambalæri

Einiberja lambalæri
40% afsláttur
við kassann

Einiberjakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI

EINIBERJA LAMBALÆRI kílóverð nú:
1069 KR.
Merkt verð 1781 KR.

## Nýtt og enn betra bragð!

BÓNUS Feti
OSTUR Í KRYDDOLÍU

250g
179 KR.
Bónusfeti

Sjáðu verðið!

EKKERT BRUDL

Egils APPELSÍN LIMONAÐI
Þetta eina sanna

500 ml
39 KR.
EGILS APPELSÍN

Egils PILSNER
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

500 ml
39 KR.
EGILS PILLI

2 lítrar
79 KR.
Pepsi MAX

PEPSI MAX

## KS lambahryggur frosinn kílóverð nú:

999 KR.

Trópí
Appelsínusafi
1 lítri
129 KR.

Rynkeby
Tranebær drik
1 Liter

Trönuberjasafi
1 lítri
139 KR.

1 lítri

www.bonus.is

7% VSK

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# „Vinstriframsóknaríhaldskratagræningi“

*Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um flensu, guðfræði, svarta ketti, Flagara í framsókn og kölska á sálnaveiðum. Einnig er vikið að múrhúðuðum þorski, hjartaeftirliti og prútti auk þess sem stjórnmálamönnum er bent á þann möguleika að bjóða sig fram fyrir marga flokka samtímis.*



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

febrúar 23 FÖSTUDAGUR

**Flensa**

Nú er flensan búin að stinga sér niður á heimilinu. Andri veiktist í nótt og er búinn að liggja í rúminu í dag – sem er tvöfalt ólán því að í dag er starfsdagur kennara og þess vegna frí í skólanum og helgi framundan.

febrúar 24 LAUGARDAGUR

**Guðfræði**

Fórum í útskriftarveislu hjá Öldu Lóu vinkonu sem var að klára BA í guðfræði. Það finnst mér vel af sér vikið.

Rithöfundurinn Robert Heinlein sagði að guðfræði væri „leit í dimmum kjallara á miðnætti að svörtum ketti sem er ekki þar“.

Sjálfur veit ég of lítið um guðfræði til að hafa skoðun á málinu en í fljótu bragði sýnist mér þetta eiga ágætlega við um margar fræðigreinar. En þar í móti kemur auðvitað að maður getur orðið margs vísari við að leita að svörtum ketti um miðnæturbil.

febrúar 25 SUNNUDAGUR

**Flagari í framsókn**

Andri er heldur að hressast núna. Fer samt ekki í skólann á morgun. Við finnum okkur eitthvað að gera.

Í kvöld voru vinir okkar svo höfðinglegir að bjóða okkur Sólveigu með sér í Íslensku óperuna að sjá „Flagara í framsókn“ en það er þýðing á „A Rake's Progress“ eftir Stravinskí.



Það var smekkfullt hús enda fjallar þessi ópera um ákaflega tímabært efni:

Maður nokkur verður skyndilega ríkur. Peningarnir rugla hann í ríminu og hann glatar bæði unnustu sinni og sjálfum sér enda kemur það í ljós að hann hefur ráðið skrattann í sína þjónustu og farið að hans ráðum í einu og öllu.

Ég hef ekki hlustað mikið á Stravinskí um dagana enda hef ég einfaldan smekk og hlusta mest á Mozart og Johnny Cash og verð að viðurkenna að ég var ekki alveg laus við kvíða þegar sýningin byrjaði.

En kvíðinn reyndist ástæðulaus. Þetta var dúndurskemmtilegt. Söngvararnir voru hver öðrum betri og músíkin vandist vel.

Flestar góðar óperur enda skelfilega illa og „Flagari í framsókn“ er engin undan-tekning frá þeirri reglu.

Það var reyndar fyrirsjáanlegt að ekki mundi fara vel fyrir peningamanninum frekar en öðrum sem kjósa að binda trúss sitt við fjandann en honum var vorkunn því að sá vondi var bæði sakleysislegur og stimamjúkur í byrjun eins og allir vita sem hafa séð til hans á sálnaveiðum.

febrúar 26 MÁNUDAGUR

**Mánudagsþorskur**

Andri var heima í dag. Eftir hádegið dúðaði hann sig upp og fór með mér á bókasafnið og náði sér í spennandi bækur að lesa.

Fiskur er ómissandi á mánudögum. Í dag eldaði ég þorsk sem ég maríneraði daglangt í ísskápnum í appelsínusafa og ólífuolíu, snöggsteikti á pönnu og gerði síðan sósu úr appelsínusafanum og rjómaosti og kryddaði með pipar og salti.



Þetta borðuðu börnin með bestu lyst og hafa þau þó ótrú á fiski nema hann sé annaðhvort hjúpaður í deig og djúpsteiktur ellegar múrhúðaður með raspi eða brauðmylsnu.



febrúar 27 ÞRIÐJUDAGUR

**Hjartagóður**

Í dag fór Andri í skólann. Honum var farið að hundleiðast heima.

Sjálfur fór ég á HL-stöðina í hjartaeftirlit og var látinn hjóla á þrekhjóli. Á hverri mínútu varð þyngra og þyngra að stíga hjólið. Einar tíu elektróður voru límdar á mig og þar að auki festur blóðþrýstingsmælir um annan handlegginn.



Mér var ráðlagt að fara í svona eftirlit á hverju ári eftir að ég fékk hjartaáfall hérna um árið. En einhvern veginn hættir manni til að trassa að hafa eftirlit með hjartanu. Annaðhvort gengur þetta ágæta líffæri sinn vanagang – og þá finnst manni ástæðulaust að fara með það í skoðun – eða það stoppar – og þá er full seint að panta tíma.

En þetta var sem sagt hjartaeftirlit og þrekmæling. Og allt gekk vel. Hjartað virtist vera í góðu standi og ég fékk 2,3 w/KG í þrekeinkunn sem ég veit ekki nákvæmlega hvað þýðir - en læknirinn sagði að teldist mjög gott hjá fertugum.

Ég er sextug sál í fertugum líkama. Kortið mitt í World Class er greinilega að borga sig.

febrúar 28 MIÐVIKUDAGUR

**Í mörgum flokkum samtímis**

Þessi flensa er stórvarasöm. Andri var ekki nema rétt hálfnaður að klæða sig í morgun þegar hann byrjaði að kasta upp sem aldrei fyrr. Ólafur Gísli bjargvættur fjölskyldunnar leyfði mér að koma með strákinn til sín í Domus Medica og hlustaði hann og úrskurðaði að hann skyldi halda sig heima og ekki fara í skóla þessa vikuna.

Það vekur athygli að Jón Baldvin skuli ekki skipa heiðurssæti á lista Samfylkingarinnar. Út frá þessu fór ég að hugsa um hvort það sé eitthvað í kosningalögum sem bannar manni að bjóða sig fram fyrir fleiri en einn flokk í einu?

Það gæti verið stórsnjallt fyrir þingmenn að gulltryggja sig með því að bjóða sig fram fyrir mismunandi flokka í mismunandi kjördæmum. Og sá sem færi á þing fyrir fleiri en einn flokk gæti valið hvaða flokki hann vildi tilheyra þann daginn og kallað inn varamenn til að sinna hinum flokkunum.

Það rímar einhvern veginn ekki við valfrelsi nútímans að tilheyra bara einum flokki. Mér líður eins og góðum samfylkingarkrata þegar ég fer með börnin í skólann og bölva svifrykinu sem vinstrigrænn á heimleiðinni. Svo athuga ég gengi dagsins í Kauphöllinni eins og sjálfstæðismaður og innblásinn af ungmennafélagsanda eins og sannur framsóknarmaður skrifa ég lofgerðir um íslenskt þjóðfélag. Á þennan hátt hef ég haft viðkomu í öllum flokkum og ekki enn þá komið hádegi.



Ég stofna kannski „vinstriframsóknaríhaldskratagræningjaflokkinn“ við tækifæri og hef það í bakhöndinni að stofna „frjálslyndavinstriframsóknaríhaldskratagræningjaflokkinn“ ef mér skyldi sinnast við flokkssystkini mín.

mars 1 FIMMTUDAGUR

**Prúttmenni**

Febrúar er loksins liðinn. Í mars er orðið nægilega bjart til að maður finni þunglyndislyfin sín og birtan færir manni fyrirheit um vor sem er á næsta leiti.

„Hroki og hleypidómar“ eftir Jane Austen er eftirlætisbók Breta samkvæmt netkönnun. Sú bók kom út 1813 svo að ekki er nýjungagirninni fyrir að fara hjá Bretum.

Ég hef líka íhaldssaman bókmenntasmekk og mín eftirlætisverk eru komin til ára sinna: „Góði dátinn Svejk“ sem höfundurinn Jaroslav Hasek dó frá hálfkláraðri árið 1923. Hin bókin er eldri. Hún er frá 13. öld og heitir „Íslendinga saga“ eftir Sturlu Þórðarson sem einnig skrifaði „Njálu“ eins og kunnugt er.

Í kvöld hélt nútíminn innreið sína í Norska bakaríið. Sendibíll frá Elko kom með ísskáp, uppþvottavél og nýtt sjónvarp.

Með því að kaupa allt þetta á einu bretti tókst mér að prútta verðið niður um nokkrar krónur. Ég hef það fyrir fasta reglu að prútta í viðskiptum. Það lærði ég í Arabíu. Ekki endilega vegna þess að upphæðirnar skipti verulegu máli heldur vegna þess að prútt breytir ópersónulegum viðskiptum í lífleg og skemmtileg mannleg samskipti.




RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Frí heimsending
VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf
Dalbraut 3, 105 Rvk
567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800




NEFÚÐI HÁLSTÖFLUR VERKJALYF FRUNSUKREM

***Það er engin ástæða til að láta sér líða illa.***
***Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.***

Lyf & heilsa
***Við hlustum!***

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**ATLI EÐVALDSSON, FYRRVERANDI LANDSLIÐSÞJÁLFARI Í FÓTBOLTA, ER FIMMTUGUR Í DAG.**

*„Bestu úrslitin eru sigur, ásættanleg úrslit ef við erum lélegir í leiknum eru jafntefli, verst er tap. Það eru bara þessir þrír möguleikar til.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. MARS 1918

## *Rússar draga sig úr fyrri heimsstyrjöld*



Á þessum degi árið 1918 undirrituðu Rússar og Þjóðverjar friðarsamning sem kenndur er við Brest-Litovsk, sem batt enda á þátttöku Rússa í fyrri heimsstyrjöld. Um leið þurftu þeir að sleppa hendinni af Póllandi, Eystrasaltslöndunum, Úkraínu og Finnlandi.

Þátttaka Rússa í fyrri heimsstyrjöld reið næstum þjóðinni á slig og veitti Nóvemberbyltingu Bolsévika árinu á undan brautargengi.

Í desember 1917 féllust Þjóðverjar á að gera vopnahlé og ganga til friðarviðræðna við Rússa. Lenín sendi Trotskí utanríkisráðherra á fund Þjóðverja til Brest-Litovsk í Hvíta-Rússlandi en samningar strönduðu á kröfu Þjóðverja um að Rússar gæfu eftir áhrifasvæði sín í Austur-Evrópu. Í febrúar 1918 hófust bardagar á ný á austurvígstöðvunum og þýskir hermenn þokuðust nær Sankti Pétursborg. Hinn 3. mars gaf Lenín Trotskí grænt ljós og féllst á skilmála Þjóðverja og þjóðirnar undirrituðu friðarsamninginn.

Þjóðverjar vonuðust til að áhrifasvæði Rússa myndu falla sér í té. Í nóvember 1918 lauk hins vegar fyrri heimsstyrjöld með ósigri Þýskalands, sem þurfti að leggja niður vopn og lúta afarkostum Bandamanna. Árið 1919 endurheimti Rússland, undir fána Sovétríkjanna, yfirráð sín yfir Úkraínu; árið 1939 hernámu Sovétríkin hluta Póllands og Eystrasaltsríkin ári síðar.

### MERKISATBURÐIR

1813 Bretar og Svíar skrifa undir Stokkhólmssáttmála.

1875 Carmen, ópera George Bizet, er frumsýnd í París.

1878 Búlgaría er frelsuð eftir fimm alda stjórn tyrkneska Ottóman-veldisins.

1931 Bandaríkin taka formlega upp „The Star Spangled Banner” sem þjóðsöng.

1944 Bandarískar herflugvélar fljúga í fyrsta sinn yfir Berlín í seinni heimsstyrjöldinni.

1974 DC-10 þota Turkish Airlines hrapar fljótlega eftir flugtak frá Orly-flugvelli í París með þeim afleiðingum að 350 láta lífið.

1997 Björk Guðmundsdóttir tók við tónlistarverðlaunum Norðurlandaráðs í Ósló.

### AFMÆLI



**Þorvaldur B. Þorvaldsson tónlistarmaður** er 41 árs.



**Hjörleifur B. Kvaran lögmaður** er 56 ára.



**Ólafur Darri Ólafsson leikari** er 34 ára.



**Ragna Sara Jónsdóttir fjölmiðlakona** er 34 ára.

**SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS:** 40 ÁRA OG SÍFJÖRUG

# Ekki bara Öxar við ána

Skólahljómsveit Kópavogs er ein elsta og virtasta skólalúðrasveit landsins og fagnar 40 ára afmæli sínu um þessar mundir. Á morgun verða haldnir tónleikar í Háskólabíói þar sem félagar hennar fagna þessum tímamótum með óvenjulegri efnisskrá.

Stofnandi sveitarinnar var Björn Á. Guðjónsson trompetleikari og stjórnaði hann henni óslitið fram til ársins 1993 þegar Össur Geirsson tók við sprotanum. Össur segir heilmargt hafa þegar verið gert í tilefni afmælisársins, til dæmis verði brátt gefinn út diskur með sveitinni en tónleikarnir á morgun eru ákveðinn hápunktur afmælisins. Í tilefni þeirra voru pöntuð þrjú ný verk fyrir sveitina en tónskáldin eru öll ungir Kópavogsbúar. Haraldur Vignir Sveinbjörnsson og Þóra Marteinsdóttir eru bæði útlærð í tónsmíðum og hafa getið sér gott orð á þeim vettvangi þótt þau hafi ekki skrifað áður fyrir lúðrasveitir en yngsta tónskáldið, Finnur Karlsson, er aðeins 18 ára og félagi í hljómsveitinni. Aukinheldur munu yngstu meðlimir sveitarinnar leika útsetningu á lagi eftir Írisi Andrésdóttur, annan félaga, en lagið samdi hún fyrir tónsmíðakeppni sveitarinnar þegar hún var aðeins níu ára gömul. „Markmiðið var að fá öðruvísi tónlist en við spilum alla jafna en það er alls ekki á hverjum degi sem lúðrasveitir láta semja fyrir sig nýja tónlist,“ útskýrir Össur og bætir við að efnisskráin á morgun sé gamalt og nýtt í bland því dægurflugur og kunnuglegir standardar séu líka á listanum.

Skólahljómsveit Kópavogs er fullgildur tónlistarskóli þar sem pláss er fyrir 140 nemendur en auk þess fær hljómsveitin sjálf liðsauka frá fleiri tónlistarskólum á svæðinu. Sveitin er þrískipt eftir aldri en yngstu hljóðfæraleikararnir er aðeins níu ára gamlir.

„Markmið okkar til framtíðar er að hljómsveitin fái að þróast og að hún starfi í takt við tímann,“ segir Össur og nefnir í því tilliti að skoðað verði að taka fleiri hljóðfæri með í sveitina og leitast við að spila tónlist sem krakkarnir hafa gaman af. „Við getum ekki endalaust spilað Öxar við ána,“ segir hann sposkur, „við verðum að færa okkur nær því sem þeim þykir gaman að vinna með en jafnframt að missa ekki sjónar af því markmiði að kynna þeim gamla klassíska tónlist líka.“

**- khh**



**FRUMFLYTJA ÞRJÚ NÝ VERK EFTIR UNG OG UPPRENNANDI TÓNSKÁLD** Skólahljómsveit Kópavogs fagnar afmæli sínu með tónleikum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,*

**Svanhvít Stefánsdóttir**

(Digga) Snorrabraut 75, Reykjavík,

Lést á Landspítalanum Hringbraut miðvikudaginn 28. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þór Tómas Bjarnason**
**Erna Stefanía Gunnarsdóttir Björgvin Hansson**
**Erna Smith**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Margrét Magnúsdóttir**

til heimilis að Strandvegi 43A, Vestmannaeyjum,

lést á sjúkrahúsi Selfoss fimmtudaginn 1. mars. Útförin fer fram frá Aðventistakirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 9. mars kl. 13.30.

**Jóhann Þórisson Þórný Kristmannsdóttir**
**Erlendur Þórisson Harpa Kristinsdóttir**
**Magnús Þórisson**
**systkini, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Elínar Sigurðardóttur**

hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir, deild 1-B fyrir góða umönnun.

**Kristín Þorsteinsdóttir Þórður Jónsson**
**Sigríður Þorsteinsdóttir**
**Erla Þorsteinsdóttir Ágúst Haraldsson**
**Steinunn Þorsteinsdóttir Geir Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þorsteins Arnars Andréssonar**

Bröttuhlíð 8, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eir fyrir alla umönnun og hlýju.

**Friðbjörg Óskarsdóttir**
**Lilja Þorsteinsdóttir Snorri Árnason**
**Kristín Þorsteinsdóttir Aðalsteinn Leví Pálmason**
**Alda Þorsteinsdóttir Vignir Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## 80 ára í dag

**Guðmundur Magnússon**

Byggingarmeistari, Akranesi.

Eiginkona hans er Ástríður Þ. Þórðardóttir. Þau verða að heiman með börnum sínum og fjölskyldum þeirra á afmælisdaginn.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




~~4.990,-~~ **1.869,-**

# STÓRI BÓKAMARKAÐURINN

Perlunni **1. – 11. mars**

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18



~~4.980,-~~ **1.790,-**



~~4.990,-~~ **938,-**




~~4.990,-~~ **1.689,-**




~~3.980,-~~ **990,-**

HELMINGURINN BURT! – LÆKKUN VSK – VERÐ-HRUN!




~~4.680,-~~ **1.790,-**




~~3.480,-~~ **1.490,-**




~~2.880,-~~ **590,-**



~~4.980,-~~ **1.980,-**




~~12.980,-~~ **5.990,-**

# Vaskurinn niður um helming!

**Á Stóra bókamarkaðinum** færðu yfir **10.000 bókartitla** og alla með **lækkuðum virðisaukaskatti!** Glæpasögur, ástarsögur, barnabækur, fræðibækur, ævisögur, skáldsögur og allt þar á milli.



~~5.990,-~~ **2.900,-**




## Svalaðu þorstanum!

Allir sem koma á Stóra bókamarkaðinn fá **Kristal sport** frítt svo lengi sem birgðir endast. Svalandi drykkur sem inniheldur vítamín, steinefni og sölt en skartar fáum hitaeiningum.



Auglýstar bækur fást á meðan birgðir endast.

**Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda!**

# Verðið



# 40% afsláttur

**af völdum hilluberum og uppistöðum**

Aðeins til í hvítu



**2.699**

**Áltrappa**
4ra þrepa
5079090

**Áltrappa, 3ja þrepa** 5079089 — **2.299**

**Áltrappa, 5 þrepa** 5079091 — **3.395**



**399** ~~799~~

**Verkfærataska**
Keter
5024779



**1.399** ~~2.495~~

**Gráðusög, Cosmos**
5618701

# WORX

**fyrir iðnaðarmannin**

**45% afsláttur**



**5.995** ~~10.855~~

**Juðari, Worx**
260 W, 92x180 mm.
Vönduð taska fylgir.
5244864

**Sama lága verðið um land allt**

# lækkar í Húsasmiðjunni



**16.995**
~~23.463~~

**25% afsláttur**

**Verkfæraskápur á hjólum**
5 skúffur. Stærð 662x356x810 mm.
5024468



**55% afsláttur**

**1.299**
~~2.855~~

**Tangarsett**
Cosmos. 8 stk.
5052764



**699**
~~1.695~~

**Skrúfjárnasett**
6 stk. 15-20-25-30.
5010137

## Góð vél fyrir heimilið

BLACK&DECKER



**7.995**

**Hleðsluborvél, B&D**
12 V. 2 rafhlöður. 260 W,
92x180mm í vandaðri tösku.
5246035



**680**
~~1.698~~

**Bitasett**
Cosmos. 100 stk.
5010807

**60% afsláttur**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# Einhverfa er fötlun, ekki hegðun

Gera má ráð fyrir að á Íslandi séu um 200 einstaklingar með einhverfu. Þekking á fötluninni er að sögn aðstandenda takmörkuð og skilningur oft lítill enda er um dulda fötlun að ræða þar sem hraustlega útlítandi börn eiga við mikla innri fötlun að stríða. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti **Önnu Gísladóttur**, móður tveggja einhverfra bræðra, sem segir einhverfa oft ekki tekna með í reikning þjóðfélagsins.



**LÍTIL ÞEKKING ÚTI Í SAMFÉLAGINU.** Anna Gísladóttir er móðir einhverfra bræðra og hefur reynt ýmislegt í kerfinu er varðar fötlun drengja sinna.

Bræðurnir Sigtryggur Einar og Kristján Atli Sævarssynir eru 11 og 13 ára gamlir. Báðir eru þær greindir með dæmigerða einhverfu og haldnir mikilli þráhyggju en þó er hegðun þeirra afar ólík. Sá yngri, Sigtryggur Einar, hefur takmarkaðan málþroska, er haldinn mikilli hljóðfælni þar sem sum hljóð hreinlega meiða hann, sýnir lítil tilfinningaleg viðbrögð og þarf mikla ummönnun. Málþroski eldri bróðurins, Kristjáns Atla, er mun betri. En í dag er hann duglegur að spyrja hvað hlutirnir þýði skilji hann orðin ekki. Kristján er að auki ofvirkur og misþroska en hann er ekki eins og einhverfir einstaklingar eru oft og hefur ólíkt flestum einhverfum mikla þörf fyrir snertingu. Einmitt vegna þess hve ólík einkenni bræðurnir hafa segir Anna að oftar en ekki hafa hún fengið spurninguna hvort þeir hafi ekki hreinlega verið greindir vitlaust. Það geti ekki verið að þeir séu báðir með sömu fötlun. Reyndin er einmitt sú hvað einhverfu varðar að hvert barn er einstakt. Það er ekkert til sem heitir dæmigerður einhverfur einstaklingur.

### Langt sorgarferli

Það var haustið 1998 sem drengirnir greindust, fyrst sá eldri, þá fjögurra ára gamall og mánuði síðar var sá yngri greindur, tveggja og hálfs árs. Foreldrar einhverfra barna eru oft lengi í sorg eftir að börnin hafa fengið greiningu og Anna segir sorgarferlið langt. Hún viti varla hvort því sé lokið eða hvort því ljúki einhvern tímann. Þegar grunsemdir vöknuðu um að eitthvað væri að yngri syninum hafi hún hreinlega reiðst þeim sem bentu á slíkt, enda vön því að eldri drengurinn væri upp um allt og mjög orkumikill. Hennar von var sú að Sigtryggur væri bara svona rólegt og þægt barn sem gat dundað sér tímunum saman með tóman eldspýtustokk.

Á þeim tíma sem drengirnir greindust bjuggu þau á Blönduósi og þó viljinn hafi verið fyrir hendi segir Anna að þar hafi þau engu að síður þurft að finna upp hjólið hvað varðar rétta meðferð fyrir fötlunina og því hafi þau tekið það ráð að flytja í bæinn þar sem í Reykjavík var búið að finna það upp. „Blönduós var samt betri að því að leyti að á litlum stað vita allir við hvers konar fötlun þeir áttu að glíma og þeir urðu fyrir litlu aðkasti því allir vissu hreinlega að þetta voru börnin hennar Önnu og tóku tillit til þess. Einhverfa er dulin fötlun sem er oft mjög erfitt fyrir þessa einstaklinga og aðstandendur þeirra. Ég hef engan merkimiða á enni þeirra um að þeir séu einhverfir en börn sem eiga til dæmis við líkamlega fötlun að stríða bera það utan á sér og flestir taka tillit til þess.“ Mikið er horft á strákana, í búðum og öðrum opinberum stöðum þar sem hegðun þeirra vekur eftirtekt og ekki síður framkoma Önnu. „Þú getur ekki talað við einhverf börn eins og önnur börn. Maður notast við stuttar og hnitmiðaðar setningar og flækir ekki málin um of. Bæði fæ ég augngotur frá fólki og athugasemdir fyrir það að vera slæmur uppalandi og það hefur oft sært strákana því fólk horfir á þá og ætlast til þess að þeir séu heilbrigðir. Þetta er dæmt sem óþekkt og afskiptasamt fólk segir þeim að láta ekki svona. Þetta bitnar mikið á þeim eldri því hann er getumeiri og það blöffar. Ég hef reynt að brynja mig fyrir þessu því ég átti það til að labba grátandi út úr búðum.“

### Getuleysi menntakerfisins

Í Langholtsskóla er sérdeild fyrir einhverfa og Anna segir það mikla blessun að drengirnir hafi komist þar inn og starfsfólk þar sé til fyrirmyndar. Þó bundið sé í lög að fötluð börn hafi rétt á að sækja almennan skóla og þeim standi það til boða er slíkt meira í orði heldur en á borði. „Kristján Atli fór hálfan vetur í Breiðholtsskóla og sá vetur var martröð. Einhverfir einstaklingar þurfa mjög stöðugt umhverfi, sjónrænar stundatöflur og önnur hjálpartæki. Ef skólarnir legðu sig fram ætti með góðri samvinnu að vera hægt að leyfa þeim að ganga í þessa skóla en á þessum tíma var líðanin bara þannig að manni fannst maður vera fyrir. Ég fann það frá fyrstu stundu að hann var ekki velkominn, bekkjarkennarinn vildi ekkert með okkur hafa og þegar kennsludegi lauk var stundataflan hans tekin niður af veggnum í athvarfinu og hjálpartækin færð til svo að á hverjum morgni þurfti að koma öllu fyrir á nýjan leik.“

Anna segist hafa heyrt að þetta sé því miður viðkvæðið hjá mörgum skólum þó það fari minnkandi. „Vandi skólanna er sá að það á að vera námsframboð fyrir alla en svo er eins og ekki treysti allir skólar sér út í þetta verkefni. Einhverfir einstaklingar eru hluti af lífinu og óskandi væri að skólarnir litu á þetta sem skemmtilegt verkefni. Þeir eiga ekki að komast upp með það að vilja ekki taka þessi börn til sín og um leið og hin börnin í skólanum læra inn á þessa einstaklinga, að þetta sé sjálfsagður hlutur af lífinu og börn sem eru til, þá erum við í góðum málum. Þá erum við nefnilega að ala upp einstaklinga sem þekkja inn á fötlunina og þeir munu svo dreifa sinni þekkingu og skilningi út í þjóðfélagið.“

### Neyðarástand ríkir

Mun fleiri einstaklingar greinast í dag með einhverfu en áður en þó er ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að fötlunin sé algengari heldur eru þau tæki og tól sem þarf til að greina börnin mun fullkomnari en áður. „Einhverf börn þurfa oft að þola sömu fordóma og ofvirk börn. Þau eru dæmd óþekk.“ Anna segir veggina marga sem foreldrar einhverfra barna þurfa að ganga á, bæði hvað varðar skólagöngu og samfélagið sjálft. „Félagsþjónustan væri fín ef hún myndi virka sem skyldi. Auðvelt er að skella því á borðið að þeir eigi rétt á hinu og þessu og allt saman hljómar það mjög vel. Vandamálið er að þessi störf á vegum félagsþjónustunnar eru svo illa launuð að það fæst enginn til að vinna þau. Einhverf börn eiga rétt á liðveislu, manneskju sem sér um að aðstoða börnin við að rjúfa félagslega einangrun. Slíkt stendur til boða í bókstafnum en oftar en ekki endar það á því að foreldrar þurfa sjálfir að finna manneskju því enginn finnst í starfið.

Anna segir neyðarástand ríkja í málefnum fullorðinna einhverfra einstaklinga og þá sérstaklega varðandi búsetu. „Öll sambýli eru full og það er ekki verið að byggja nein sambýli eða neina meðferðarheimili. Einhverfir fullorðnir eru upp á foreldrahús komnir, ef það er ekki í boði lenda þeir utangarðs. Ég sé alveg fyrir mér að eldri drengurinn eigi eftir að geta búið einn en sá yngri – ég hef hann heima eins lengi og ég get og vonin um að hann geti búið einn í framtíðinni er mun minni. Ofsaköst sem einhverfir fá er oft erfitt að höndla og það eina sem hægt er að gera verði þau slæm er innlögn á Barna- og unglingageðdeild og aukin skammtímavistun.“

Anna á tvö önnur yngri börn, 10 mánaða stúlku sem býr hjá henni og dreng sem býr hjá föður sínum en hann er það litlu yngri en bræður hans að hann var farinn að herma eftir hegðun þeirra. „Við foreldrarnir búum ekki saman en það er mjög gott samstarf þarna á milli okkar sem og fósturpabba þeirra, enda bráðnauðsynlegt, og við sáum að þegar hann var aðskilinn frá bræðrum sínum tók hann stórt þroskastökk fram á við. Það má ekki heldur gleyma að hugsa um hin systkinin sem eiga ekki við þessa fötlun að stríða.“ Björtu hliðirnar eru margar og Anna segir að það sé nauðsynlegt að geta haft húmor fyrir þessu og vera á léttu nótunum. Það séu heilmargar spaugilegar hliðar á þeirra lífi rétt eins og á lífi ófatlaðra barna.



**ÓLÍKIR BRÆÐUR.** Kristján Atli og Sigtryggur Einar Sævarssynir eru mjög ólíkir þó báðir séu þeir einhverfir, en slík er raunin með einhverfa einstaklinga að engir tveir eru eins.

## VONBRIGÐI MEÐ MÓTTÖKUR GRUNNSKÓLANS

**LÁRA BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR STENDUR Á ÞEIM TÍMAMÓTUM AÐ FYLGJA EINHVERFUM SYNI SÍNUM EFTIR ÚR LEIKSKÓLA Í GRUNNSKÓLANÁM. LÍKT OG ANNA SEGIR HÚN FARIR SÍNAR EKKI SLÉTTAR AF ÞEIRRI REYNSLU OG HENNI HAFI BRUGÐIÐ MIKIÐ VIÐ ÞAÐ AÐ SJÁ HVE LÍTIL ÚRRÆÐI SKÓLARNIR HAFA.**

Synir Önnu eru báðir í Langholtsskóla, þar sem starfrækt er sérdeild fyrir einhverfa, en í haust eru ekki mörg pláss laus og umsóknir margar. Greiningarstöð ríkisins benti Láru Björgu á að skoða allt sem væri í boði fyrir son sinn, en fötluð börn eiga alveg sama rétt á að sækja hverfisskólann sinn og önnur börn.

„Auðvitað er fötlunin metin hverju sinni en í tilfelli sonar míns segir ráðgjafi okkar hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins að hann muni pluma sig vel fái hann góðan stuðning og sé koma hans í skólann vel undirbúin með skipulögðu sjónrænu kerfi. Hann þarf fullan stuðning og helst fagmanneskju með sér allan daginn. Ef samstarfið er gott á milli leikskóla og skóla um þarfir hans ætti allt að geta gengið að óskum, ekki síður en í sérdeildinni í Langholtsskóla,“ segir Lára en í vikunni fór hún á fund í Melaskóla sem er hverfisskóli sonar hennar.

„Þar gengum við bókstaflega á vegg. Með okkur foreldrunum mættu á þennan fund ráðgjafi frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, deildarstjóri og fóstra af leikskóla hans en á móti okkur tók deildarstjóri sérkennslu í Melaskóla. Þar kom fram að í raun væru engin úrræði í boði fyrir son minn og upplifun mín var sú að yfirmaður sérkennslunnar vildi fæla okkur frá með því að tala um hvað þetta yrði erfitt fyrir okkur en hún tók fram að þetta væri auðvitað okkar val. Í fyrsta skipti frá því að sonur minn greindist með einhverfu leið mér eins og við værum eitt stórt vandamál sem ætti hvergi heima.“

Lára Björg segir mjög erfitt fyrir foreldra barna með fötlun sem þau bæru ekki utan á sér, að útskýra fyrir fólki hver fötlunin sé. Því hafi það komið henni mjög á óvart að mæta litlum skilningi fagfólks í grunnskóla á fötluninni.

„Þetta hef ég aldrei upplifað innan leikskólakerfisins en þar litu allir á sérþarfir sonar míns sem áskorun og á leikskóla hans, Sæborg, er mikill metnaður í því að koma til móts við hans þarfir. Viðhorfið sem ég mætti hjá yfirkennara sérkennslunnar var akkúrat öfugt við það sem ég þekki frá Sæborg. Eins og með öll önnur börn skiptir miklu máli að skólaganga sonar míns hefjist vel og til að hann geti gengið í skóla þarf hann manneskju með sér allan daginn sem fylgir honum eftir í tíma og í frímínútur enda á hann rétt á slíkri aðstoð. Ég fékk litlar undirtektir um slíkt, og þó fjárveiting fengist í það væri erfitt að manna slíka stöðu. Slíkt er mjög alvarlegt,“ segir Lára og bendir á að ef einhverf börn komist ekki inn í Langholtsskóla og fái ekki nægilegan stuðning í sínum hverfisskóla eigi þau á hættu að lenda utanveltu félagslega. „Mig hryllir við að foreldrar þurfi að lenda í viðtökum hjá grunnskólum þar sem þeim er einfaldlega gert ljóst að skólarnir hafi engin úrræði þeim til handa. Það er ábyrgðarhlutverk skólakerfisins að hlúa að öllum börnum og við foreldrar fatlaðra barna erum einfaldlega bara að berjast fyrir grundvallarmannréttindum barnanna okkar, þar sem menntun fer fremst í flokki.“



**MIKIL VONBRIGÐI.** Lára Björg segir mjög erfitt fyrir foreldra barna með fötlun, sem þau bera ekki utan á sér, að útskýra fyrir fólki um hvað fötlun þeirra snýst.

Ragna Ólafsdóttir, skólastjóri í Melaskóla, sagði í samtali við Fréttablaðið að vissulega væru mjög margir skólastjórar á því máli að fjárútlát til sérkennslu og stuðnings við börn með sérþarfir megi bæta. Einnig sé oft mjög erfitt að manna þær stöður sem eigi að styðja við bakið á börnunum og þá vanti jafnvel sérþekkingu sem getur nýst þeim einstaklingum sem eiga við hinar margvíslegu fatlanir að stríða. Þessi störf séu afar illa launuð og oft þurfi foreldrar hreinlega að ganga í málin til að ráða manneskjur. Hún harmi að heyra það ef fólk upplifi það að gengið sé á veggi í skólanum hvað varðar þessi mál og segir að það hafi ekki verið stefnan hingað til.


ELDSTEIKT - 100% NAUTAKJÖT - FERSKT GRÆNMETI
1+1=3
Á BURGER KING
UM HELGINA
DÆMI: KAUPIR TVÆR WHOPPERMÁLTÍÐIR OG FÆRÐ ÞRIÐJU FRÍA!
KAUPIR TVO STÓRA SHAKE OG FÆRÐ ÞRIÐJA FRÍANN!
3 ára
Drekkið Coca-Cola
McCain
emmessís
FERSKAR KJÖTVÖRUR
BURGER KING
ELDSTEIKT ER EKTA!
Smáralind • ESSO Ártúnshöfða • ESSO Fossvogi
Gildir 2. til 4. mars 2007

HEIMSMÁLIN MEÐ GORBATSJOV

gorbatsjov@frettabladid.is

# Samvinna, ekki hernaður

Samvinna er leiðin til að forðast nýtt kalt stríð, ekki hernaðarhyggja, segir Mikhaíl Gorbatsjov í annarri grein sinni um heimsmálin. Hann segir öll lönd geta lagt sitt af mörkum, en Bandaríkin og Rússland verði að taka frumkvæðið.



**ÞRÍR STÓRIR** Leiðtogar Bandaríkjanna, Kína og Rússlands, þeir George W. Bush, Hu Jintao og Vladimír Pútín, fengu tækifæri til að ræða málin þegar þeir hittust í Víetnam í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

***Spurning:** Þegar þú ræðir um að koma í veg fyrir annað kalt stríð, milli hverra sérðu fyrir þér að slíkt stríð gæti staðið? Bandaríkjanna og allra annarra? Vesturlanda og íslam? Íslam og allra annarra? Vesturlanda og Rússlands?*
*- Jel McGill, London*

**Svar:** Það eru ekki miklar líkur á að kalt stríð eins og það sem stóð frá sjötta til níunda áratugar síðustu aldar bresti á aftur. En spennan og óttinn sem nú ríkja í heimsmálunum bera sömu einkenni og þegar heimurinn stóð í skugga kjarnorkuógnar.

Við horfum upp á hervæðingu margra landa, sem leggja mesta áherslu á herafla í öryggisskyni, stóraukin útgjöld til hermála, nýtt vopnakapphlaup og vaxandi hættu á útbreiðslu kjarnavopna. Og vopnasala er að fara úr böndunum. Á yfirborðinu sýnast þetta eingöngu vera viðskipti, en í raun er þetta pólitísk stefna sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

Í ræðu sem Vladimír Pútín Rússlandsforseti hélt í München í síðasta mánuði sagði hann að ýmsar aðgerðir Bandaríkjanna, þess lands sem gerir kröfu um einkarétt á forystu heimsmála, hefðu ýtt undir þessa varhugaverðu þróun. Gagnrýnendur Pútíns segja hins vegar að heimsforysta af þessu tagi sé nauðsynleg og jafnvel óhjákvæmileg nú um stundir, sökum þess að eina leiðin til að hamla gegn vaxandi hryðjuverkastarfsemi sé að efla lýðræðisþróun í heiminum.

Engu að síður hafa tilraunir til að koma á lýðræði að bandarískri fyrirmynd með valdboði þegar leitt til illdeilna, jafnvel styrjalda. Það er komið nóg af tilraunum til að þröngva þessu lýðræðisformi upp á samfélög sem hafna því á forsendum menningar, sögu og trúarbragða.

## Lýðræði er ekkert skyndikaffi

Lýðræði er ekki eins og skyndikaffi sem hægt er að flytja heimshorna milli í þægilegum pakkningum. Tilraun til að þröngva lýðræði upp á Íraka með skriðdrekum og eldflaugum hefur mistekist hörmulega. Hvar sem valdi er beitt mun undirliggjandi spenna brjótast út og yfirskyggja aðrar deilur, hvort sem þær eru af þjóðlegum, trúarlegum eða landfræðilegum toga, og valda ómældum hörmungum meðal þúsunda manna. Því fer víðs fjarri að aðgerðir af þessu tagi hamli gegn hryðjuverkum, þær hvetja einungis til þeirra.

Ýmislegt annað minnir á liðna daga kalda stríðsins. Sum bandalög eru að undirbúa aðgerðir án nokkurs tillits til alþjóðalaga og alþjóðastofnana. Þannig virðist NATO til dæmis stefna markvisst að aukinni hernaðaruppbyggingu og hefur fært viðmiðunarmörk um beinar aðgerðir langt umfram það sem áður þekktist. Þetta gengur þvert á fyrirheit sem gefin voru undir lok níunda áratugar síðustu aldar um að hlutverk bandalagsins yrði fyrst og fremst stjórnmálalegs eðlis.

Bandalagið reynir nú að hasla sér völl sem ráðandi afl í heimsmálum og grefur samtímis undan öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri bandalagsins tilkynnti nýlega að verið væri að undirbúa langtímaáætlun um einhliða aðgerðir af hálfu bandalagsins hvar og hvenær sem vandi steðjaði að.

## Fyrirsláttur fyrir áróðri

Á sama tíma leita ákveðin ríki dyrum og dyngjum eftir utanaðkomandi óvini eða reyna að búa sér hann til. Hryðjuverkahættan er orðin fyrirsláttur fyrir áróðri gegn múslimum og fordæmingu ríkja sem kölluð eru alls kyns ónefnum á borð við öxulveldi hins illa.

Sem Rússi hef ég verulegar áhyggjur af endurteknum hræðsluáróðri með þátttöku fjölmiðla og stjórnmálamanna gegn Rússlandi í því augnamiði að grafa undan trúverðugleika landsins. Þetta gerir ekkert annað en að eitra alþjóðlegt andrúmsloft og ala á tortryggni. Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, setti þannig Rússland nýverið á lista óútreiknanlegra ríkja sem gætu orðið Bandaríkjunum óvinveitt.

Hvort sem þetta voru mismæli eður ei, þá voru þetta að minnsta kosti freudísk mismæli, sem gáfu til kynna hugarfar sem ekkert hefur breyst þrátt fyrir að kalda stríðið sé löngu liðin tíð. Kína var líka nefnt í sömu andrá. Augljóst er að einhverjir sem móta utanríkisstefnu Bandaríkjanna líta einnig á Kína sem hugsanlegan deiluaðila frekar en uppbyggilegan samstarfsaðila.

Pólitísk leikfimi og áróður af þessu tagi gerir fátt annað en að beina athyglinni frá þeim hættum sem við blasa og þeim verkefnum sem heimurinn þarf að takast á við, þar með talinni hryðjuverkastarfsemi. Vitanlega verðum við að berjast gegn hryðjuverkum en það er misráðið að láta heimsmálin snúast um þetta eina vandamál og láta hjá líða að beina sjónum að rótum þess, þar á meðal þeim djúpu gjám sem myndast hafa sökum vaxandi misréttis í heiminum.

## Sjálfhverf efnahagsstefna

Fátækt, sem fer saman við skort á heilbrigðisþjónustu, menntun og öðrum nauðsynlegum þáttum eðlilegrar þróunar, orsakar niðurlægingu og örvæntingu sem hefur öfgar í för með sér. Meginorsök vandans má rekja til sjálfhverfrar efnahagsstefnu ríku landanna sem veldur því að bilið milli þeirra og fátæku landanna breikkar stöðugt.

Er hægt að bregðast við þessum vanda með hervaldi? Nei.

Það sem þarf er breytt forgangsröðun. Gjáin milli orða og efnda æðstu valdamanna heims er hróplegt hneyksli. Engra breytinga er að vænta án þess að til komi þrýstingur frá alþjóðlegum stofnunum hins borgaralega samfélags. Þetta þekki ég af eigin reynslu. Við þurfum að taka upp nýja stefnu og nýja nálgun í alþjóðamálum.

Tökum fólksflutninga sem dæmi. Sjálfstæð ríki glíma mörg við vaxandi vanda vegna aukinna fólksflutinga. Bandaríkin eru að byggja varnargirðingu á suðurlandamærum sínum. Spánn er orðinn inngönguhlið til Evrópu fyrir þúsundir innflytjenda. Alþjóðastofnanir verða að taka á þessum vanda, ekki einungis Evrópusambandið og Samvinnustofnun Sjanghæ, heldur einnig öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

## Diplómatískar lausnir

Hægt er að ná árangri með pólitískum og diplómatískum lausnum. Nýjasta dæmið er samkomulagið við Norður-Kóreumenn um að þeir leggi kjarnorkuáætlun sína á hilluna. Svipuð nálgun gæti gengið í málefnum Írans og Íraks. Þeir sem ekkert sjá nema hernaðarlausnir vilja hins vegar ekkert af þessu vita. Þolinmæðin og samræðan sem nauðsynleg er til að finna friðsamlegar lausnir á vandamálum er þar hvergi á dagskrá.

Að undanförnu hefur ekki aðeins virst sem nýtt kalt stríð sé í uppsiglingu milli Rússlands og Bandaríkjanna, heldur nýtt vopnakapphlaup sömuleiðis. Sem svar við þessu hafa rússneskir stjórnmálamenn, þar á meðal yfirhershöfðinginn, rætt um að rifta samningnum um bann við meðaldrægum kjarnorkueldflaugum. Yfirlýsing frá Bush Bandaríkjaforseta og Pútín Rússlandsforseta þess efnis að löndin séu ekki óvinveitt hvort öðru og að traust ríki milli leiðtoga þeirra væri skref í rétta átt. Þegar hefur dregið úr mestu spennunni en mikið verk er óunnið ennþá.

Fyrir mörgum árum, þegar við vorum að vinna að bættum samskiptum Rússlands og Bandaríkjanna, settu ríkisstjórnir landanna á fót vinnuhópa sem héldu reglulega fundi til að ræða sérhvert mál sem snerti hagsmuni beggja ríkjanna. Með því að ræða í þaula hvert einstakt mál fyrir sig tókst að draga verulega úr spennu milli landanna.

Þessi nálgun gæti komið að gagni á ný, ekki einungis í tilviki Bandaríkjanna og Rússlands heldur fyrir önnur ríki sömuleiðis. Bætt samskipti milli Bandaríkjanna og endurnýjaðs Rússlands, sér í lagi ef þjóðirnar geta komist að samkomulagi um afvopnun, gæti verið gott fordæmi um leiðir til að leysa sameiginlegan ágreining.

## Bandaríkin og Rússland

Það var uppörvandi að sjá grein á þessum nótum nýlega í Wall Street Journal eftir þá fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna George Shultz og Henry Kissinger, ásamt fyrrverandi öldungardeildarþingmanninn Sam Nunn og William Perry, fyrrverandi varnarmálaráðherra. Í pistli mínum í Wall Street Journal í síðasta mánuði sýndi ég stuðning minn við þessar hugmyndir með því að nefna þrjú forgangsatriði sem kjarnorkuríkin ættu að hafa í huga: að endurnýja skuldbindingar sínar um það langtímamarkmið að eyða öllum kjarnavopnum; að staðfesta enn frekar bannið við kjarnorkutilraunum og að leggja af allar viðbragðsáætlanir sem fela í sér notkun kjarnavopna.

Á móti myndu önnur lönd sem búa yfir kjarnavopnum heita því að sú tæknikunnátta yrði ekki notuð í hernaðarskyni. Tillaga Pútíns til Bandaríkjamanna um að vinna að nýju samkomulagi sem leysti af hólmi samninginn um að draga úr fjölda hefðbundinna kjarnavopna (START) frá 1991 er í fullu samræmi við þetta frumkvæði.

Í stað þess að draga upp myndir af hugsanlegu nýju köldu stríði, og skipa í hlutverk í þessari varhugaverðu þróun, verðum við að leita allra leiða til að koma í veg fyrir hana.

Þar geta öll lönd lagt sitt til málanna en í hreinskilni sagt lít ég svo á að Bandaríkin og Rússland verði að taka frumkvæðið. Þau geta lagt miklu meira af mörkum en þau hafa gert hingað til.

## Gorbatsjov skrifar um heimsmálin

Héðan í frá munu birtast mánaðarlega í Fréttablaðinu, í samvinnu við The New York Times Syndicate, greinar um alþjóðastjórnmál eftir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenju góða yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Gorbatsjov stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála og stjórnmála, The Gorbachev Foundation.




**MIKHAÍL GORBATSJOV** Kom til Íslands í haust þegar þess var minnst að tuttugu ár voru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lesendur Fréttablaðsins hafa jafnframt tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið **gorbatsjov@frettabladid.is** merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.

Í annarri grein segir Gorbatsjov að samvinna sé leiðin til að forðast nýtt kalt stríð en ekki hernaðarhyggja. Hann segir öll lönd geta lagt sitt af mörkum, en Bandaríkin og Rússland verði að taka frumkvæðið.

# Stórútsölu-markaður

**Fjöldi kvikmynda-, tónlistar- og tölvuleikjatitla á ótrúlegu verði!**

## Geisladiskar
verð frá 99 kr

## Kvikmyndir
verð frá 499 kr

## Tölvuleikir
verð frá 999 kr

**VERÐDÆMI:**

99 kr, 499 kr, 799 kr, 999 kr, 1499 kr

**Fyrstur kemur fyrstur fær!**

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í Kringlu og á Akureyri

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Klámráðstefnan Snowgathering sem halda átti hér á landi hefur verið blásin af. Meðan einhverjir fagna sigri segja aðrir þetta ósigur tjáningarfrelsisins. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti **Jónu Ingibjörgu Jónsdóttur**, hjúkrunar- og kynfræðing, sem segir konur sífellt sækja í sig veðrið hvað varðar kaup á kynferðislega opinskáu efni og í stað þess að stinga höfðinu í sandinn ættum við að gera kröfur um betra efni til handa öllum.



**BLÁTT EFNI SEM HJÁLPARTÆKI** Jóna Ingibjörg Jónsdóttir hefur kynnt sér kynlíf Íslendinga í tuttugu ár og segir kynferðislega opinskátt efni geta hjálpað mörgum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Konur vilja líka klám

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir er menntaður hjúkrunar- og kynfræðingur og hefur um tuttugu ára skeið hjálpað fólki að vinna bug á ýmsum vandamálum er snerta samlíf þess. Hún segir mikið vatn hafa runnið til sjávar síðan hún hóf störf og í byrjun hafi Íslendingar verið hálfflissandi yfir því að einhver gerði slík fræði að atvinnu sinni. Tepruskapurinn hefur þó smám saman flotið að feigðarósi en hún viðurkennir að henni hafi þó brugðið í umræðunni undanfarið er skapaðist varðandi áðurnefnda ráðstefnu. Margt af því sem þar hafi komið fram hafi verið byggt á misskilningi, fordómum og fákunnáttu. Þó að orðið klám sé löngu hætt að stuða hana kýs kynfræðingurinn yfirleitt að nota „kynferðislega opinskátt efni“ yfir efnið því klám sé hlaðið neikvæðri merkingu.

### Umræðan einkenndist af vanþekkingu

Umræðan undanfarið hefur nokkuð legið á þeirri braut að klám sé vont en erótík góð og falleg. Hóran sem glennir sílíkonið framan í lýðinn er óæskilegt myndefni en heilaga madonnan í fallegum og ástríkum athöfnum er mun ásættanlegri. En er virkilega hægt að flokka efni sem sýnir kynlíf í þessa tvo flokka að hennar mati?

„Ég legg þessi hugtök að jöfnu, erótík og klám. Þetta er bæði kynferðislega opinskátt efni og svo getur fólk valið hvaða orð fólk notar eftir því hvað því finnst um efnið. Að setja allt undir sama hatt er mikil einföldun. Á meðan mér finnst efnið vont finnst þér það kannski gott. Það hefur engum tekist að skilgreina það svo vel sé hvað er erótík og hvað er klám. Femínistar hafa talað um að erótík sé góð og falleg og þessi skipting kynlífs í vont eða gott fer dálítið í taugarnar á mér. Meðan sumt særir blygðunarkennd manns og maður upplifir það sem argasta klám myndi það aldrei stuða nágranna þinn. Það sama er með list og fegurð en það er samt mikilvægara að fá að spreyta sig á umræðunni heldur en ekki. Í umræðunni um klámi undanfarnar vikur hefur öllum þessum hugtökum verið steypt í einn hrærigraut og ég kalla eftir meiri gagnrýnni umræðu um þau og þessi mál,“ segir Jóna Ingibjörg og jánkar því að henni hafi fundist það frekar klaufalegt hvernig ráðstefnan var blásin af.

„Hefði þetta fólk fengið gistingu á fyrirhuguðu ráðstefnuhóteli hefðum við að minnsta kosti fengið að heyra sjónarmið þess en við misstum af því tækifæri. Við álitum það sekt áður en sektin var sönnuð. Í þessari umræðu finnst mér frjálslyndi tengjast tjáningarfrelsinu að einhverju leyti. Ég hélt að ég yrði aldrei sammála ályktun Heimdellinga sem sögðu það, í tilefni þessa fjaðrafoks, að hafa bæri í heiðri reglur réttarríkis: að hver er saklaus þar til sekt er sönnuð. Raddirnar sem voru háværar vildu flokka þessa framleiðendur og fylgilið undir sama hatt þar sem mansal, barnaklám og allt það ógeðslegasta af öllu kemur fyrir. Hugtakið barnaklám er í rauninni ekki til að mínu áliti því það er bara eitt: ofbeldi af versta tagi og ætti eingöngu að kalla sínu rétta nafni – misnotkun á börnum. Hún getur verið líkamleg og andleg og það að viðhafa slíkt ofbeldi er blanda af hvort tveggja. Ég er alfarið á móti dýraklámi (dýramisnotkun) og kynferðislegri misnotkun af öllu tagi en það hefur bara einfaldlega ekkert með kynlíf að gera. Ofbeldi í kynferðislegum farvegi er fyrst og fremst ofbeldi,“ segir Jóna og áréttar það hversu mikilvægt sé að hreinsa kynlíf af þeim stimpli.



**Sem betur fer að það að aukast að konur eru ófeimnari við að kynna sér og nota sjónræna örvun.**

### Hæpið að banna klám

Undanfarið hafa einmitt alls kyns staðhæfingar flotið um beint samband milli þess að neyta kláms og ofbeldis gagnvart konum og börnum. Jóna Ingibjörg segir mikið hafa verið alhæft með slíkt undanfarið en erfitt er að rannsaka það, það liggur í hlutarins eðli. Rannsóknarniðurstöður eru einnig misvísandi. „Það hefur ekki tekist að sanna að beint orsakasamband sé á milli notkunar á kynferðislega opinskáu efni og ofbeldi gagnvart fólki eins og sumir gefa í skyn. Þeir einstaklingar sem horfa á ofbeldislitað gróft klám og eru ofbeldishneigðir fyrir, geta haft aukna árásarhvöt á eftir og hefur ekkert með það kynlíf að gera sem þar fer fram í myndskeiðunum. Heldur er það ofbeldið, það að hræða, meiða og niðurlægja, sem gerir slíkt og því má allt eins kenna ofbeldismyndum og tölvuleikjum um að orsaka slíka hegðun. Ég held ég tali fyrir munn margra að það að horfa á ofbeldisefni gerir mig ekki ofbeldisfyllri heldur þvert á móti getur það skerpt huga manns gagnvart því sem maður vill ekki.“

Forsendur fyrir því að banna klám segir Jóna Ingibjörg vera mjög hæpnar, því í fyrsta lagi þarf að komast að samkomulagi um hvað sé klám og þar er mikill vandi á höndum. „Við vitum ekki hvað klám er en þar sem misnotkun eða ofbeldi á sér greinilega stað, þar er um glæp að ræða og hefur ekkert með klám að gera. Ljóst er að ofbeldi er bannað, misnotkun á fólki, börnum og dýrum en það er eins og ég hef áður sagt – ofbeldi. Þú ert ekki talsmaður þess þó þú viljir ekki banna kynferðislega opinskátt efni. Það þarf að aðskilja þessa hluti og lausnin er ekki að segja „við viljum ekki sjá þetta“ og banna allt saman. Það ætti heldur að vekja upp umræður hvernig efni við viljum sjá því það er greinilegt að fólk sækist í að koma höndum yfir efnið. Þessi umræða má ekki gera það sem hún gerir svo oft, að koma slæmu orði á kynlíf.“

### Tígulgosinn undir rúmi

Klám á vinsældum að fagna, svo mikið er víst, og á í harðri samkeppni við Bítlana og Paris Hilton á leitarsíðum internetsins. Og konur sækja í sig veðrið. Jóna Ingibjörg segir þær alltaf nota internetið meira og meira í leit að slíku efni þó að karlar eigi þar enn vinninginn. Mesta athygli vekur að hún segir konur kaupa álíka mikið af kynferðislega opinskáu efni í þar til gerðum búðum og karlmenn. „Bente Træen er norskur fræðimaður sem hefur skoðað þetta og hún segir að konur séu áhugasamari um þetta efni en áður. Það má heldur ekki gleyma því að efnið hefur alltaf verið aðgengilegt með einum eða öðrum hætti. Tígulgosinn lá undir rúmi hér áður og ég vil miklu frekar geta rætt um það við mín börn hvað þau sjá, velja það sem ég horfi á heldur en að stóri bróðir ritskoði þetta og ákveði hvað er mér fyrir bestu. Konur hafa í gegnum tíðina átt að vera góðar, sætar og prúðar og helst hafa engar meiningar og það má ekki gleyma því að það er líka kvenfrelsi og kynfrelsi að láta ekki segja sér það hvað við eigum að sjá og hvað ekki – ég vil meta það sjálf og sem betur fer er það að aukast að konur eru ófeimnari við að kynna sér og nota sjónræna örvun.“

## CR-V ENDURNÝJAÐUR

Ný kynslóð Honda CR-V er allt annar bíll en fyrirrennarinn var. Það er eins og hann hafi farið í „Extreme Makeover“.

BÍLAR 2



## BLEIKUR PÓKER

Bleik nærföt, skart og pókersett fyrir pókerkvöld með stelpunum. Ágætis leið til að sameina pókerspilakvöld og nærfatakynningu.

TÍSKA 6





## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR TÍSKA HEIMILI]**

**Lúxusbílar** eru á útsölu hjá Bílalandi B&L. Um valda bíla er að ræða í takmörkuðu upplagi. Bílarnir eru af ýmsum toga, allt frá BMW til Porsche. Einn og einn Volvo slæðist meira að segja með.



**Herramenn.is** er síða þar sem hægt er fá upplýsingar hvernig á að raka sig á réttan hátt. Þar er líka hægt að fá vörurnar í raksturinn.

**Kóngsvegurinn** verður farinn í tilefni þess að í sumar eru liðin 100 ár frá ferð Friðriks áttunda, konungs Danmerkur og Íslands, frá Reykjavík til Þingvalla, Geysis og Gullfoss. Um raðgöngu er að ræða og verður leiðin farin í sjö áföngum. Nánari upplýsingar er að finna á www.utivist.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 3. mars, 62. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.29 | 13.40 | 18.51 |
| Akureyri | 8.18 | 13.24 | 18.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Bíllinn Jóhann heillaði Helenu Jónsdóttur danshöfund frá fyrstu stundu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dansverkin verða til hjá Jóhanni

***Helena Jónsdóttir danshöfundur keypti sér nýjan Peugeot með glerþaki þegar hún flutti heim frá Kaliforníu. Í bílnum semur hún sín bestu verk undir norðurljósum og stjörnum.***

„Þegar við hjónaleysin fluttum heim frá Kaliforníu ákváðum við að fá okkur almennilegan bíl til að verja okkur fyrir veðri og vindum á Íslandi,“ segir Helena Jónsdóttir danshöfundur.

Helena hefur alltaf haft mikinn áhuga á bílum síðan hún var krakki og fannst alltaf gaman að fara með pabba sínum á bílasölur til að skoða.

„Ég var alin upp með hárið undir derhúfu og fannst svona frekar svalt þegar bílakarlarnir spurðu pabba hvað strákurinn væri gamall enda tilheyrðu bílarnir heimi strákanna á þeim tíma,“ segir Helena brosandi.

Listamenn eru með mjög óreglulegan vinnutíma svo þegar fjölskyldan á lausa stund er gjarnan farið í bíltúr.

„Við kíkjum oft á bílasölur þrátt fyrir að ekki standi til að bæta við bílum. Síðan höllum við bara sætunum aftur á bak úti í náttúrunni og njótum norðurljósanna og horfum á stjörnur saman,“ segir Helena sem tók þá ákvörðun frá fyrsta degi að kalla bílinn Jóhann.

„Það er engin sérstök ástæða fyrir nafninu, mér finnst bara eitthvað skemmtilegt við að kalla hluti týpískum strákanöfnum,“ segir Helena hlæjandi.

Helena hefur samið fjölda dansverka bæði fyrir kvikmyndir og svið og þar notar hún bílinn Jóhann óspart í sköpunarferlinu.

„Það besta sem ég veit er að keyra út í buskann, hlusta á tónlistina sem þessir snillingar láta mig fá fyrir verkin, og láta verkið verða til undir norðurljósum og stjörnum, með íslenska landslagið fyrir framan mig og ofan,“ segir Helena.

*rh@frettabladid.is*


**Bumban burt**

Átta vikna átaksnámskeið fyrir karla sem vilja ná árangri. Ný námskeið hefjast 5. mars.
Við erum byrjuð að bóka nú þegar.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



HONDA



GLÆSILEG HJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI



HONDA CBR-600RR
kr. 1.195.000



HONDA VTR-1000F
kr. 1.095.000



HONDA VFR-800
kr. 1.295.000



HONDA CRF-250X
kr. 869.000



HONDA CRF-450X
kr. 939.000

KOMDU Í HEIMSÓKN OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Ekkert banaslys** hefur orðið í umferðinni á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs miðað við fjögur á sama tíma í fyrra. Vonandi gefa þessar gleðilegu tíðindi tóninn fyrir það sem koma skal í umferðinni á árinu 2007.




SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182



FJAÐRIR OG GORMAR
Í FLESTAR GERÐIR
JEPPA
Japan/U.S.A.

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**



HJÓLHÝSA EIGENDUR!
Euro Mover
**Rafmagnsdrif til að aka hjólhýsum. Einnig mögulegt fyrir hestakerrur, fellihýsi, tjaldvagna og fleira.**
Kefli sem leggst við dekkið og knýr það áfram, Stjórnað með fjarstýringu, allt að 6 m. frá.
Tilvalið til að aka á dráttarkúlu, inn á tjaldstæði, í þröng stæði, inn í bílskúr o.fl.
Truma fékk hönnunarverðlaun verkfræðinga 2006 fyrir Euro Mover.
Ekkert streð, láttu Euro Mover færa til vagninn


truma Umboðið, Bílaraf, Auðbrekku 20, s.564 0400





Hin nýja Honda CR-V bifreið hefur farið í gegnum miklar breytingar og á vart annað sameiginlegt með gömlu útgáfunni en nafnið.

# Extreme Makeover – Hondu-útgáfan

***Vafalaust hafa aðdáendur Hondunnar beðið spenntir eftir því að fá að berja hinn nýja CR-V augum, en fáir bílar hafa notið jafn mikilla vinsælda í jepplingaflokknum og fyrirrennarinn.***

Nú er Honda CR-V búinn að fara í það sem við getum kallað „Extreme Makeover" eða algera umbreytingu. Það er búið að gerbreyta útliti bílsins, skipta um vél og hlaða hann svo mörgum fídusum að varla er hægt að kalla þetta sama bílinn lengur. Þó er ekki hægt að segja að umbreytingin hafi verið eitthvað litla ljóta andarungaævintýri því gamla útlitið hafði einnig sinn sjarma.

Með nýju útliti eru framleiðendur Honda meðal annars að keppa við fleiri framleiðendur. Toyota RAV4 og Nissan X-Trail voru fram að þessu samkeppnisaðilar en framleiðendur Hondunnar tóku stefnu á stórt og stilla sér núna nær BMW X3 sem og Audi Q5 og VW Tiguan sem eru væntanlegir á markað. Til þess að höfða til aðdáenda þýska stálsins hafa hönnuðir hins nýja CR-V meðal annars stolið skemmtilegum hönnunaratriðum og smellt á Honduna. Eitt af því sem er mest áberandi í þessu samhengi er krómröndin fína sem liggur í kringum allar hliðarrúður og býr þannig til eina stóra, straumlínulagaða og þýskættaða rúðu.

Frampartur bílsins er einskonar kokteill af franskri og japanskri hönnun og sker sig þannig frá sambærilegum bílum. Í raun er þetta nýstárlega útlit fremur skemmtilegt og gefur bílnum ákveðinn léttleika en um leið hefur hann einkenni stöðugleika.

Straumlínulögun bílsins og mýkri línur sjá fyrir minni loftmótstöðu og vindhljóðum. Það gerir farþegarýmið hljóðlátara en það er einn af kostum þessa bíls að hann er sérlega hljóðlátur. Að innan er bíllinn einstaklega skynsamlega hannaður þegar kemur að þörfum fjölskyldufólks. Undir speglinum er víðsjárspegill sem gerir ökumanni kleift að fylgjast með því hvað gengur á í aftursætinu sem kemur sér eflaust vel.

Þegar það kemur að því að lýsa því hvernig það er að aka þessum bíl verð ég að viðurkenna að ég bjóst við meiri lipurð og léttleika. Útlit hans og einkenni gefa í skyn að þarna sé á ferðinni lipur skepna sem stekkur léttilega um og er ekki lengi að spretta úr spori, en Honda CR-V býður þó ekki upp á þetta. Bíllinn er sannarlega hljóðinn og samviskusamur, en það er lítið um fimleika í aksturseiginleikum hans ... sem mörgum finnst kannski bara ágætt?

Ég myndi ætla að nýja Honda CR-V eigi ekki eftir að bregðast þeim sem einu sinni hafa kynnst þessum ágæta bíl. Hann býður markhópnum það sem markhópurinn þarfnast, þægindi, stöðugleika og fleira sem fjölskyldufólk kann vel að meta og það gerir hann vel. Hann sameinar í raun marga þætti sem eru almennt á víð og dreif í öðrum bílum, hvort sem um er að ræða hönnunaratriði eða aðra eiginleika og þannig ættu margir að kunna Honduna vel meta.

*margret.hugrun@frettabladid.is*



Glerþakið fyllir bílinn birtu og gefur gott útsýni.



Farangursrýmið er breytilegt og þar má koma fyrir smáu sem stóru án mikillar fyrirhafnar.



Það er ekki verið að flækja málin hér. Góð hljómflutningstæki með geislaspilara sem tekur 6 diska og hraðvirk miðstöð með einföldum skipunum.

**HONDA CR-V**

**Vél:** 2 lítra bensín
150 hö / 192 Nm
**Þyngd:** 1550 kg.
**Meðaleyðsla:** 8,1 l/100 km
**Verð prufubíls:** 3.890.000 kr
**Verð frá:** 3.370.000 kr

**Plús:** Skemmtilega hannaður, bjartur og sérlega rúmgóður. Hljóðlátur og samviskusamur.
**Mínus:** Ekki eins lipur og gera mætti ráð fyrir miðað við þyngd.

**Aðrir í sama flokki:**
Mitsubishi Outlander
Subaru Outback
Hyundai Tucson


Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



Omega
The ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

# BMW M5 tvinnbíll?

***Hybrid er töfraorðið í bílaiðnaðinum í dag. GM setur nýtt tvinnkerfi á markað á næsta ári og DaimlerChrysler og BMW ætla einnig í slaginn.***

DaimlerChrysler og BMW hafa hafið samstarf sem miðar að því að búa til tvinnkerfi fyrir kraftmikla afturhjóladrifna bíla. Lexus hefur sýnt að þetta er hægt og nú vill Vesturheimurinn fá bita af kökunni, enda vanur að sitja að henni einn á flestum sviðum.

Samstarfið einskorðast við framleiðslu tvinnkerfisins. Því mun verða komið fyrir í völdum gerðum bílaframleiðandanna en gerðirnar halda sérkennum sínum eftir höfði hvors bílaframleiðanda fyrir sig.

Þetta þýðir að mögulega verður 5 lína BMW fáanleg sem tvinnbíll. Það hljómar furðulega, og enn furðulegra að M5 verði hugsanlega búinn batteríum. Það er stór spurning hvernig hvínandi rafkeflahljóð hljómar í eyrum harðra BMW-áhugamanna?

*- tg*


Áhugi margra á BMW nálgast trúarbrögð og fyrir þá þýðir M5 amen. Hvernig skyldi orðið tvinnkerfi passa inn í trúarbrögðin?


i30 er ætlað að slást í hinum harða hlaðbaksflokki í Evrópu.

# Nýr bíll og ný nöfn hjá Hyundai

***Hyundai kynnir nýjan fólksbíl í C-flokki á bílasýningunni í Genf. Bíllinn heitir i30 og markar upphaf annars konar nafnakerfis hjá framleiðandanum.***

Hyundai hefur hingað til farið hefðbundnar leiðir í nafngiftum bíla sinna með nöfnum á borð við Getz, Sonata og Santa Fe. Nú kveður við annan tón því nýi bíllinn frá framleiðandanum hefur hlotið heitið i30. Frá Hyundai berast jafnframt þær fregnir að framvegis verði stuðst við tegundarheiti í þessum dúr, þar sem bókstafur vísar til framleiðslulínu viðkomandi bíls og tölustafir til ólíkra útgáfa innan hverrar línu, ekki ósvipað því og sjá má hjá framleiðendum á borð við BMW og Mercedes-Benz.

Gert er ráð fyrir að Hyundai muni leggja mikið í frumkynninguna á i30, þar sem honum er aðallega ætlað að styrkja stöðu framleiðandans í hinum harða flokki smærri og millistórra fólksbíla á Evrópumarkaði.

Samkeppnin í þessum flokki er einkar grimm og því líklega engin tilviljun að í hönnun bílsins hefur verið lögð áhersla á að gera hann vel útbúinn og reyna að hlaða á hann staðalbúnaði og öryggisbúnaði. Hönnun ber það jafnframt með sér að vera evrópsk í húð og hár, en það verður síðan spennandi að sjá hvort Hyundai takist með i30 að fylgja velgengni sinni í Evrópu eftir, en hún hefur hingað til verið bundin 4x4 flokknum.

Undirbúningurinn fyrir frumkynninguna hefur ekki gengið sem skyldi. Óprúttnum netverjum tókst að koma myndum af bílnum á netið í vikunni, framleiðandanum til lítillar ánægju svo skömmu fyrir frumkynningu.


Meirapróf
Lærðu í nútímanum

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 7. mars

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





**Sarah Jessica Parker** lagði tískulínurnar fyrir margar konur í sjónvarpsþáttaröðinni Beðmál í borginni. Nú kemur bíómyndin byggð á þáttunum og við getum vart beðið eftir því hverju Carrie Bradshaw klæðist í þetta sinn.


Ertu skóhólisti?

Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stærðum fyrir stígvélaáhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.



www.theclearbox.com - sími 511 0909

Í formi til framtíðar

Bókanir eru hafnar í þessi vinsælu átta vikna aðhalds- og lífsstílsnámskeið fyrir konur sem hefst 5. mars.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga




Æpandi litir einkenna haust- og vetrarlínu Emilio Pucci sem kynnt var á tískuvikunni í Mílanó.

# Skynörvandi hippatíska

***Stór og litrík mynstur eru einkennandi fyrir hönnun Emilio Pucci. Ný lína sem kynnt var á tískuvikunni í Mílanó ber því vitni.***

Þrátt fyrir að hvert þeirra sé einstakt er mynstur Pucci auðþekkjanlegt. Allt frá fimmta áratugnum, þegar ítalski skíðamaðurinn Marchese Emilio Pucci reyndi fyrir sér sem hönnuður, hefur vörumerki hans verið þekkt fyrir stór, björt og síbreytileg mynstur. Emilio Pucci var sjálfur yfirhönnuður fyrirtækis síns þar til hann lést árið 1992, en þá tók dóttir hans við.

Núverandi yfirhönnuður Emilio Pucci er Christian Lacroix, sem er vel þekktur fyrir einstaka færni í að nota óvenjuleg og skræpótt mynstur. Hann notar óhikað gömul mynstur frá Emilio Pucci eins og sjá má á haust- og vetrarlínunni sem kynnt var nýverið á tískuvikunni í Mílanó. Útkoman er skynörvandi hippatíska, litrík og glæsileg.

*kristineva@frettabladid.is*



Stuttur og vel loðinn pelsinn fer sérstaklega vel við skræpóttan og stuttan kjólinn.



Kjólar sem þessi voru afar vinsælir á sjöunda áratugnum.


Heildsölu - lagerútsala

Gerðu frábær kaup á ZO-ON útivistarfatnaði
50-90% afsláttur
1.-5. mars

Við rýmum til á lagernum vegna sumarlínu okkar sem kemur fljótlega til landsins. Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði.
Allar vörur á **50-90%** afslætti!

ZO•ON ICELAND

**Sýnishorn á ótrúlegu verði**

| | Listaverð kr. | Útsöluverð kr. |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | 29.900 | **11.900** |
| Barnaúlpa | 8.900 | **3.900** |
| Flíspeysa | 12.900 | **6.900** |
| Golfskór | 12.900 | **3.900** |
| Fótboltaskór | 13.900 | **3.900** |
| Brettabuxur | 12.900 | **4.900** |

**Einnig mikið úrval af:** skíðafatnaði, útivistarfatnaði, golffatnaði, íþróttafatnaði, brettafatnaði, golf- og fótboltaskóm, barna- og unglingafatnaði.

**Golfskór á snilldarverði.**

**Góður afsláttur af HiTec golfskóm.**

**Frábært úrval af góðum vetrarúlpum fyrir bæði börn og fullorðna.**



ZO•ON ICELAND
**Nýbýlavegi 18 • Kópavogur**
**Dalbrekkumegin**

**Opnunartími**
Laugardagur 3. mars kl. 10-18
Sunnudagur 4. mars kl. 11-17
Mánudagur 5. mars kl. 14-20

*Fyrstur kemur - fyrstur fær!*
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum


Pallíettuaskjan frá Chanel kemur í takmörkuðu upplagi.



Margir þekkja vel til farðans frá Chanel sem gjarnan er nefndur „flugfreyjumeikið“.

# Vor í lofti hjá Chanel

***Fallegar pallíettur og frábær farði.***

Um þessar mundir er Chanel að senda frá sér nýjungar í vor- og sumarlínunni og þar kennir ýmissa spennandi grasa. Fyrst ber að nefna hið vinsæla „flugfreyjumeik“, en það er nú komið í hagnýtar umbúðir sem auðvelt er að hafa með sér í veskinu.

Farðinn, sem heitir í raun Teint Innocence, inniheldur vítamínblöndu sem hefur nærandi áhrif á húðina um leið og hann hylur mjög vel og gefur sérlega jafna og fallega áferð.

Pallíettuaskjan, eða Lumiere D'artifices, inniheldur púðurskugga sem hentar bæði fyrir augu og kinnar. Þessi vara er algert augnayndi sem enginn Chanel-aðdáandi ætti að láta fram hjá sér fara, en hún kemur í takmörkuðu upplagi og verður því ekki lengi í verslunum.

Að lokum er vert að minnast á nýja naglalakkið frá Chanel, en það er svart og sanserað og á eflaust ekki eftir að njóta minni vinsælda en svarta háglans naglalakkið sem kom á markaðinn í fyrra og sló öll sölumet á fyrstu vikunum.

*mhg@frettabladid.is*



Svart, sanserað og svakalega töff.



Ítalski hönnuðurinn Riccardo Tisci hannaði þennnan glysrokkjakka fyrir Givenchy til brúks í „ready to wear“-línunni sem kemur í sérvaldar verslanir næsta haust og vetur.





Hún virkar dúnmjúk sem draumadís úr Jónsmessunótt þessi grannvaxna hnáta sem klæðist hér kjól frá Givenchy.

# Givenchy á tískuviku í París

***Allt frá upphafi hefur Givenchy haft mjóar tærnar þar sem aðrir hafa flatbotna hælana.***

Árið 1952 stofnaði hönnuðurinn Hubert de Givenchy tískuhús sem hann nefndi eftir sjálfum sér. Hann rak það með góðum árangri til ársins 1995, þegar hann rétti veldissprotann yfir til John Galliano. Galliano stýrði fleyinu þar til Bretinn Alexander McQueen tók við og enn sér ekki fyrir endann á velgengni Givenchy.

Aðdáendur Givenchy hafa í gegnum tíðina verið áberandi og tískuhúsið notið góðs af því. Meðal þess þekktasta sem við höfum séð var til að mynda Audrey Hepburn, í myndum á borð við How to Steal a Million og Breakfast at Tiffany's, og Kennedy-fjölskyldan en við jarðarför JFK voru þau öll í Givenchy-fötum frá toppi til táar. *- mhg*

Enn meiri beibíbleik mýkt frá Riccardo Tisci. Einstaklega kvenlegt, flott og elegant í senn.



John Galliano og Alexander McQueen eru meðal þeirra sem hafa hannað fyrir Givenchy.

Langur Laugardagur
á Laugaveginum
Opið 11-18 í dag
Allt fullt af nýjum vörum
Fermingarfatnaður í miklu úrvali
galleri
laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?
29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lifræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.
LifeStream
Greinilegur árangur eftir nokkra daga inntöku
Aukið úthald, þrek og betri líðan




Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringarefnin.
Lifestream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001
Fæst í öllum apótekum og heilsubúðum
Yggdrasill · Gulli Betri www.celsus.is




galleri sautján
Kringlunni s.512 1750 | Laugavegi 91 s.512 1717



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# París paradís „tískusagnfræðinga“

París er borg tískunnar og víst er að aðeins í örstutt tímabil á hverju ári leggst tískuheimurinn hér í borg í dvala. Þetta er í kringum jólin og svo í ágúst eftir að sumarútsölum lýkur. Tískuárið hefst svo er líður á janúarmánuð og eftir hámark sumarfría í ágúst fer allt af stað að nýju.

Árið hefst með hátískusýningum komandi sumars og herralína næsta vetrar fylgir svo fast á eftir. Á sama tíma eru haldnar alls kyns sýningar og kaupstefnur eins og Première classe og Who´s next? Þar sem eru kynntir straumar og stefnur í efnum og svo fatatískan sem er tilbúin til notkunar (prêt-à-porter). Á eftir fylgir undirfatasýning og sú nýjasta sem er aðeins ársgömul, Private, þar sem forystu tískumerki sem bjóða vörur í meðalháum verðflokki sýna framleiðslu sína. Þetta eru nöfn eins Noa, noa, American Vintage, Bill Tornade og fleiri. Í ár voru það skandinavísk merki sem voru í gestahlutverki.

Það er því kannski ekki skrýtið þegar litið er til mikilvægi tísku og umfangs hennar hér í borg að finna megi tískusöfn og fleira sem tengist tísku. Til dæmis má nefna Tísku- og vefnaðarsafnið, Musée de la mode et du textile, þar sem bráðlega verður opnuð sýning á búningum sem Jean-Paul Gaultier hannaði við ballettsýningar Régine Chopinot frá 1983-94. Musée Galleria er einnig helgað tísku og þar verður opnuð sýning í apríl á vinnu Jean-Charles de Castelbajac. Ekki má heldur gleyma Stofnun Pierre Bergé-Yves Saint Laurent þar sem einstakt varðveislustarf er unnið og yfir 5.000 hátískuklæði eftir YSL eru varðveitt sem íslensk fornrit væru.

Í miðborginni rétt fyrir neðan Forum des Halles-verslunarmiðstöðina þar sem finna má yfir þrjúhundruð búðir að mestu neðanjarðar er í húsi númer 22 á Pierre Lescot-götu í fyrsta hverfi tískubókabúð. Þessi bókabúð er sérhæfð í öllu milli himins og jarðar sem tengist tísku, textíliðnaði og jafnvel arkitektúr. Þar má til dæmis finna bækur eins og La bible de denim (Biblía gallaefnisins), Le temps de Chanel sem fjallar um úraframleiðslu tískuhússins, bækur um útsaum sem og sögur tískuhúsa eða hönnuða eins og Yves Saint Laurent og Louis Vuitton svo einhver nöfn séu nefnd. Ekki má heldur gleyma ótrúlegu úrvali af tískutímaritum sem fjalla um dömu- og herratísku og jafnvel sérblöð eingöngu um barnatísku.

Það er nefnilega ástæða fyrir því að París heldur enn í dag titlinum borg tískunnar í hugum flestra þrátt fyrir að aðrar tískuborgir vilji ekki vera eftirbátar Parísar. Og nú er hafin enn ein tískuvikan í París, haust- og vetrartískan 2007-8 fyrir konur.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Í fatapóker er nauðsynlegt að vera hlaðinn fötum og fylgihlutum til að vera ekki sú fyrsta sem tapar. Þessi rómantíska festi ætti undir öllum kringumstæðum að fjúka síðast. Fæst hjá vefversluninni www.madaboutjewellery.com

Pókergloss. Lip Injection lætur varirnar ekki bara glansa heldur gerir hann þær þrýstnari um leið. *Smack*!

Það er nauðsynlegt að lykta vel ef maður neyðist til að fækka fötum í fatapóker.

Þetta fallega úr frá Rotary sér til þess að þú sjáir hvað tímanum líður.

# *Póker hjá saumaklúbbnum*

***Hver segir að póker sé bara fyrir karlmenn?***

Saumaklúbbar eiga það til að verða svolítið einhæfir. Brauðréttir með skinku og osti, rauðvín, sódavatn, slúður og hugsanlega einhverjar hannyrðir. Því ekki að brjóta þetta upp með því að byrja að spila póker? Póker er töluvert auðvelt spil að læra og eftir að þið eruð komnar á bragðið gæti verið að öllum brauðréttum og hannyrðum yrði fleygt út um gluggann.

Væri því ekki tilvalið að sameina undirfatakynningu og fatapóker, spila upp á peninga og gefa svo allan ágóðann til rannsókna á brjóstakrabbameini eða öðru góðu málefni? Eða eins og skáldið sagði - Því ekki að taka lífinu létt? *- mhg*







Undurfallegt bleikt pókersett frá www.play.com. Settið er sérstaklega gefið út til að vekja fólk til umhugsunar um brjóstakrabbamein og hluta af ágóðanum er varið til rannsókna á því málefni.



Sæt og krúttleg nærföt sem fást í verslunum River Island á Bretlandi eða í gegnum netverslunina www.riverisland.com.



# Krúttlegar umbúðir en kraftmikið krem

***Elizabeth Arden hefur sent frá sér margnota krem sem ekki klikkar.***

Árið 1930 bjó Elizabeth Arden til krem sem gagnast við ýmsum vanda. Kremið kallaði hún Eight hour cream eftir að hafa séð að rispa var gróin á hné lítils drengs átta klukkustundum eftir að kremið var borið á.

Átta klukkustunda kremið má nota á fjölbreyttan hátt. Til dæmis til að forma augabrúnir, næra húðina eftir flugferðir, fá eðlilegan gljáa á húðina, mýkja hendur, naglbönd, húðina á hnjánum, fótunum... Í raun má nota þetta krem hvernig sem er og hvar sem er á húðina.

Það sem gerir Eight hour kremið svo einstakt er að í því er samsetning af petroleum og E-vítamíni, en einnig beta-hydroxy mýkingarefni sem enn í dag er uppistaðan í mörgum frægum kremum.

Umbúðirnar eru afar skemmtilegar en þær eru hannaðar í anda gömlu daganna. Kremið er í lítilli glerkrukku með málmloki sem minnir virkilega á þá tíma þegar langamma var ung. Stjörnurnar í Hollywood keppast við að hæla þessu kremi, en meðal annars lét Jennifer Beals hafa það eftir sér að krem þetta væri eitt af því fáa sem hún myndi taka með sér á eyðieyju. *- mhg*



Hin kanadískættaða Elizabeth Arden var frumkvöðull á sviði snyrtivara, viðskiptajöfur mikill og fróð um hvers kyns fegrunarráð. Árið 1930 setti hún á markaðinn krem sem enn í dag nýtur gífurlegra vinsælda.





Fjölnota krem frá Elizabeth Arden.






galleri sautján

Kringlunni s.512 1750 | Laugavegi 91 s.512 1717


allt

auglýsingasími

550 5880

**Krakkar** sem ferðast oft innanlands einir síns liðs geta tekið þátt í barnaverkefni Flugfélags Íslands, Flugkappar. Þá fá krakkarnir leikföng á leiðinni ásamt afslætti af ferðum ef keyptar eru tíu ferðir saman.





Ágústa, dóttir Ernsts, stillir sér upp við hlið Melkorku þrælaprinsessu, en Ágústa var fyrirmynd prinsessunnar rauðhærðu.



Gínurnar eru einkar raunverulegar, svo raunverulegar að Ernst er farinn að gera gínur að beiðni erlendra safna.

# Snorri Sturlu úr sílikoni

***Sögusafnið í Perlunni er glæsilegt safn. Gínurnar eru afar raunverulegar enda liggur mikil vinna að baki hverri þeirra. Til dæmis er hvert hár fest á eitt og sér.***



Ernst fyrir framan brynjusafnið þar sem gestir geta mátað vopn og verjur víkinganna.

Í einum af hitaveitutönkum Öskjuhlíðarinnar er búið að koma upp víkingasafni þar sem Leifur heppni stendur í skipstafni, Þorgeir Ljósvetningagoði liggur undir feldi og Snorri Sturluson situr við skriftir. Safnið er hugarfóstur hjónanna Ernsts Backmann og Ágústu Hreinsdóttur. „Ég heyrði það á útlendingum að þeim fannst vanta víkingasafn þar sem hægt væri að skoða eitthvað annað en hluti í glerskápum,“ segir Ernst. „Svo vorum við hjónin í Tussaud‘s-safninu í Kaupmannahöfn að skoða kóngafólkið og þá datt okkur í hug að þetta væri skemmtileg leið til að sýna víkingana.“

Leiðin frá hugmynd að framkvæmd og lokaútkomu var nokkuð löng, eins og vill verða. Fyrstur til að stíga á stokk fullskapaður í sílíkoni var Ingólfur Arnarson, en hann var notaður til að sannfæra ráðamenn um ágæti hugmyndarinnar. „Hann fór með mér upp í fjármálaráðuneyti og hann átti sinn þátt í því að Orkuveitan tók afar vel í þá bón mína að fá einn af hitaveitutönkunum í Öskjuhlíðinni undir safnið,“ segir Ernst. Þetta þarf ekki að koma á óvart, enda Ingólfur mikill frumkvöðull. Ekki ætti að vera vandamál fyrir mann sem kom heilli þjóð á laggirnar og vippa upp einu safni eða svo.

Aðferðin sem Ernst notar við gerð gínanna á Sögusafninu er nokkuð frábrugðin þeirri sem ungfrú Tussauds notast við. Sílíkonið er öðrum eiginleikum gætt en vaxið og er útkoman því önnur. Brúðurnar eru einkar raunverulegar og hálf óþægilegt að nálgast sumar þeirra því maður bíður eftir að þær kippist við. „Það liggur mikil vinna að baki hverri gínu og það eitt að festa hárið, en það er gert eitt hár í einu, tekur fjórar vikur. Margir komu að verkinu og á tímabili var allt húsið okkar undirlagt gínum,“ segir Ernst og hlær. „Við vorum vön að geyma gifsafsteypur af hausum út í gluggann og börnin í hverfinu komu stundum og horfðu á alla hausana. Ég held að við höfum verið kölluð Addams-fjölskyldan af sumum krökkunum.“

tryggvi@frettabladid.is

# Hátt staflað

***Þröngt mega sáttir liggja í sumum hótelum í Japan.***



Þröngt en notalegt. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

„Capsule Inn Akihabara“ hótelið í Tókýó er all sérstætt. Þar gista menn ekki í eiginlegum herbergjum heldur troða sér í rör sem er tveir fermetrar að þvermáli. Í rörinu er dýna, sæng og ljós auk nútímalegra þæginda eins og sjónvarps, útvarps og internettengingar.

Hótelið hefur mest verið notað af skrifstofumönnum sem komast ekki heim til sín vegna anna. Nýlega hafa hótelin þó vakið athygli ferðamanna sem finnst spennandi að gista við þessar nýstárlegu aðstæður.



## Krakkarnir í flugið fyrir krónu

FLUGFÉLAG ÍSLANDS BÝÐUR BÖRNUM FLUGFAR FYRIR KRÓNU, HVERT Á LAND SEM ER, Á TÍMABILINU 15. FEBRÚAR TIL 15. MARS EF ÞAU ERU Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM.

Fullorðnir borga fullt gjald fyrir flugfarið en fyrir börnin er greidd króna ásamt 489 krónum í skatt. Krónutilboðið gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands og er í boði 15. febrúar-15. mars.

Tilboðið er aðeins fáanlegt á netinu og er bókanlegt frá 12. febrúar. Börnin þurfa að vera á aldrinum tveggja til ellefu ára og vera bókuð í sömu bókun og sá fullorðni sem þau ferðast með. Farinu má ekki breyta. www.flugfelag.is

\- rh


Vor 2



Salzburg - Salzkammergut

5. - 12. apríl

Einstök fegurð Alpanna heillar alla sem sækja Austurríki heim. Þessi notalega ferð um sveitir landsins hefst með flugi til Frankfurt, en þaðan er ekið til Ingolstadt fyrrum hertogadæmis. Næst er haldið að Mondsee, sem er draumastaður austan við Salzburg í Austurríki. Skoðunarferðir til tónlistarborgarinnar Salzburg, Wolfgangsee og Hallstatt, sem er ein af perlum Salzkammergut. Ferðin endar í Nürnberg, þar sem farið er í skoðunarferð um borgina og tími verður til að kanna mannlífið.

**Fararstjóri: Steingrímur Gunnarsson**

**Verð: 99.800 kr.**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Sértilboð fyrir korthafa MasterCard




Kynntu þér einnig frábært tilboð til Búdapest 4. maí.

18. mars - 1. apríl

Ferðaklúbbur MasterCard, í samstarfi við Heimsferðir, býður korthöfum frábært tilboð á tveggja vikna ferð til Kúbu 18. mars. Í boði er gisting á nokkrum af hinum vinsælu gististöðum á hinni einstöku Varaderoströnd eða í Havana. Kúba er ævintýri sem lætur engan ósnortinn. Ekki aðeins kynnist maður stórkostlegri náttúrufegurð eyjunnar, heldur einnig þjóð sem er einstök í mörgu tilliti.

Fjölbreyttir gistivalkostir í boði á frábæru verði. Þú velur hvort þú vilt dvelja í Varadero eða Havana í 14 nætur eða Havana í 7 nætur og Varadero í 7 nætur.

| | MasterCard verð | Almennt verð |
|---|---|---|
| **Varadero 14 nætur - m/morgunverði** | | |
| Hotel Villa Tortuga **+ | **79.990** | 94.090 |
| Varadero 14 nætur - m/allt innifalið | | |
| Hotel Gran Caribe Barlovento ***+ | **99.990** | 114.390 |
| Havana 14 nætur - m/morgunverði | | |
| Hotel Occidental Miramar **** | **89.990** | 102.790 |
| **Havana 7 nætur m/morgunverði og Varadero 7 nætur m/allt innifalið** | | |
| Hotel Occidental Miramar **** | | |
| & Gran Caribe Barlovento ***+ | **99.990** | 124.090 |
| Hotel Occidental Miramar & Barcelo Solymar ****+ | **114.990** | 144.990 |

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 14 nætur, fæði eftir þeim kosti sem valinn er og fararstjórn. Ferðir til og frá flugvelli eru ekki innifaldar.

Verð eru netverð á mann í tvíbýli.

**Nánari upplýsingar og bókanir á www.heimsferdir.is, á skrifstofu Heimsferða í Skógarhlíð 18 og í síma 595 1000.**

ENNEMM / SIA • NM26142

MasterCard | Ferðaskrifstofa | Heimsferðir

**Rykmaurar** safnast gjarnan fyrir í rúmfötum og geta valdið ofnæmi. Núna er rétti tíminn til að henda rúmfötunum út í frostið og losna þar með við maurana.



Eldrauður kertastjaki á vegg.





Skemmtilegt fuglabúr með pálmatrjám.



Veggmynd af Jude Law þar sem hann litur út eins og kaþólskur dýrlingur.



Flauelshúðaður spegill af síðunni englisheccentrics.com.

## Litríkir og rómantískir enskir sérvitringar

EINSTAKLINGSMIÐUÐ HÖNNUN ER HÖFÐ AÐ LEIÐARLJÓSI HJÁ HÖNNUÐUM ENGLISH ECCENTRICS.

Kvikmyndastjörnur samtímans færðar í búning kaþólska dýrlinga, litríkur fatnaður og ilmkerti er meðal þess sem má finna á síðunni Englisheccentrics.com.

Í yfirlýsingu frá hönnuðum hlutanna sem þar er að finna segjast þeir hafa einstaklingsmiðaða hönnun að leiðarljósi. Litið er framleitt að hverjum hlut og er öllu skipt í flokka eftir litum.

Bráðskemmtileg síða sem vert er að skoða.



Þessi stóll er framleiddur í mörgum litum.

# Rósótt efni mjög vinsæl

***Síðustu ár hefur verið algengt að ungt fólk innrétti heimili sín með gömlum húsgögnum sem gerð hafa verið upp. Sighvatur Kristjánsson hjá Bólstraranum segir að ekkert útlit sé fyrir að það breytist á næstunni.***

Sighvatur segir að mest sé um að fólk komi með sófasett frá sjöunda áratugnum sem það vilji láta bólstra upp á nýtt. „Núna er líka voðalega vinsælt að vera með einn og einn gamlan stól sem búið er að poppa eitthvað upp innan um allt nýtt,“ segir hann.

Í sumum tilfellum eru húsgögnin sem fólk er að láta gera upp úr eigu fjölskyldunnar en Sighvatur segir að einnig sé algengt að það kaupi húsgögn gagngert til þess að láta gera þau upp. „Fólk er að fara á antíksölur og húsgagnamiðlanir og Góði hirðirinn er til dæmis voðalega vinsæll núna. Ég veit um fólk sem kemur alltaf við þar annað slagið til að athuga hvort það finnur eitthvað og ég hef sjálfur verið að finna stóla þar sem mér hafa fundist flottir og verið að klæða þá.“

Mikið úrval áklæða er í Bólstraranum og segir Sighvatur að flestir finni eitthvað sem þeim líki. „Rósótt efni eru mjög vinsæl núna og við erum með rósótt efni sem eru svolítið upphleypt og ekkert ósvipuð veggfóðri. Við erum líka með veggfóður og efni í gardínur og jafnvel er hægt að kaupa allt í stíl. Við erum til dæmis með mjög flott efni sem hægt er að nota bæði í gardínur og rúmteppi,“ segir Sighvatur.

emilia@frettabladid.is



Sighvatur segir að mjög vinsælt sé að vera með einn og einn gamlan stól sem gerður hefur verið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Rósótt efni eru mjög vinsæl og svart og hvítt eru tískulitirnir núna.



Hægt er að fá áklæði í öllum litum og oft með aðeins upphleyptu mynstri.


## Magnaða moppuskaftið

Dagar gömlu skúringarfötunnar eru taldir



- Skúringarfatan úr sögunni
- Alltaf tilbúið til notkunnar
- Gólfin þorna á augabragði
- Fljótlegt og þægilegt

Sölustaðir:
Húsasmiðjan – Byko
Pottar og prik Akureyri
Áfangar Keflavík – Brimnes Vestmannaeyjum
Fjarðarkaup – Litabúðin Ólafsvík – Parket og gólf – Rými
SR byggingavörur Siglufirði – Rafsjá Sauðárkróki – Skipavík
Stykkishólmi – Nesbakki Neskaupstað. Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.





## Hafðu það ljúft um helgina

GALLERÍ KJÖT

Lambalundir í barbequesósu

Opið virka daga frá kl 10 -19 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 gallerykjot.is



Perluxi-gólflamparnir frá Pfaff lífga svo sannarlega upp á umhverfið.



Þessir töffaralegu Fantasma-lampar frá FLOS fást í versluninni EPAL.



Under Cover standlampi frá Le Klint fæst í EPAL og er flottur á að líta.

# Birtu hleypt í tilveruna

*Fjölbreytni ræður ríkjum í standlömpum þótt þeir framúrstefnulegu séu vinsælastir.*

Standlampar, öðru nafni gólflampar, njóta mikilla vinsælda um þessar mundir á Íslandi, ekki síst vegna áhrifa frá Norðurlöndunum þar sem þeir eru stundum teknir fram yfir loft- eða veggljós. Svo eru þeir ágætis mótvægi við íslenska skammdegið. Framúrstefnulegir og flottir lampar þykja öðrum fremur spennandi, þótt margt annað sé á boðstólum. Enda aðalatriðið að velja sér standlampa sem er hvort tveggja í senn, glæsileg hönnun og góður birtugjafi.

*- rve*

Mosaic gólflampi sem er fáanlegur í Ljósunum í bænum.



Svartir og hvítir lampar eru vinsælir um þessar mundir, eins og þessi sem er frá Ljósunum í bænum.



Flottur Leila gólflampi sem fæst í Ljósunum í bænum.



Sitel-gólflampi í Ljósunum í bænum.




# heimaerbest

LAUGARDAGUR 3. MARS 2007

**GULLSMÍÐI**

## Þjóðlegt silfur í nýrri mynd

**MATUR**

## Asískt yfirbragð í heimahúsi

**PATRICK JOUIN**

## List, ljós og litir



FRÉTTABLAÐIÐ


SPURÐU FASTEIGNASALANN...
VELFAC ...HVORT ÞAÐ SÉU VELFAC GLUGGAR Í DRAUMAÍBÚÐINNI
Því það skiptir máli.
10 ÁRA ÁBYRGÐ
formaco
Formaco • Fossaleynir 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055 • www.formaco.is

## hönnun



● **JON MALE ER BRESKUR HÖNNUÐUR SEM STARFAR Í MANCHESTER** Male lýsir sjálfum sér sem þrívíddarhönnuði. Verk hans eru að miklu leyti búin til úr málmi og tré en hann býr bæði til verk sem standa ein og sér auk þess sem hann hannar hluti sem eru fjöldaframleiddir. Verk hans eru oft á tíðum gædd góðlátlegum húmor.

● **SÓSUSKÁL AF LJÓSI** Hér hefur Jon Male haganlega komið fyrir ljósi inni í munstraðri súputarínu.

● **MITT OG ÞITT** Flest pör eiga sína hlið í rúminu. Male spilar með þessa staðreynd með þessum skemmtilegu náttborðum sem eru úr við með sandblásnu hertu gleri og krómuðum fótum.




● **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Veitingastaðurinn Gilt í New York, nánar á bls 14.

STOCKA

Meðfærilegur lipur en kröftugur handlyftari. Sterk dufthúðun, sterkt handfang og auðveldur í viðhaldi

Eigum einnig til úr ryðfríu stáli.



Tækniupplýsingar yfir
Stocka PLEQ 25 með hraðlyftu.

Lyftigeta: 2500 kg.
Lyftihandtök: 7 lyftur í fulla hæð
Lengd A: 1150, B: 1540 mm.
Breidd C: 530 mm.
Gaffalhæð D: lágm. 83 mm- hám 205 mm
Gaffalhjól: 82 x 60 mm tvöföld polyurethan.



JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin.- 104 Reykjavík.
S: 58 58 900. www.jarngler.is



Armband úr smiðju Helgu Óskar, hluti af línunni Millu.



Hringur með víravirkisskreytingu sem getur verið fallegur með þjóðbúningi eða við önnur hátíðleg tilefni.

# Þjóðlegt silfur í nýrri mynd

● Helga Ósk Einarsdóttir gullsmiður hefur fært íslenska víravirkið í nýtískulegan búning og hannar nú og smíðar skartgripi undir nafninu Milla.

„Meistarinn minn á Akureyri, Pétur Breiðfjörð, lagði alltaf mikla áherslu á víravirkið og búningasilfrið til að halda þessari hefð lifandi. Það eru ekki margir gullsmiðir af yngri kynslóðinni sem kunna að smíða víravirkið og mig langaði að gera eitthvað nýstárlegt við þessa kunnáttu,“ segir Helga Ósk Einarsdóttir gullsmiður, sem hefur smíðað búningasilfur og víravirki í tíu ár.

Hefðbundnir skartgripir úr víravirki voru vinsælir hér áður fyrr eins og armbönd, krossar og nælur en í dag eru ekki margir gullsmiðir sem smíða víravirkið.

„Ég gekk lengi með þá hugmynd að gera fallega skartgripi við öll tilefni, ekki bara fyrir búninginn, svo fyrir tæpu ári hófst ég handa við að hanna og smíða og hef fengið mjög góðar viðtökur,“ segir Helga, sem nú smíðar undir vörumerkinu Milla.

„Nafnið Milla vísar í upphlutinn, en vestið er reimað saman og festin fer síðan í gegnum millur,“ segir Helga, sem hefur alltaf nóg að gera við að smíða hefðbundið búningasilfur.

„Það hefur færst í aukana að konur bæði láti sauma á sig og saumi sjálfar búning. Síðan koma þær margar til mín og þurfa þá ýmist nýtt silfur eða viðbót, viðgerð og hreinsun á gömlu silfri sem þær hafa erft,“segir Helga.

Fram undan er markaðssetning á Millu erlendis en á Íslandi stendur einnig til að færa út kvíarnar. Skartgripirnir úr Millu-línunni fást nú á Hótel Nordica, Hótel Loftleiðum og hjá Gallerí Ófeigi á Skólavörðustíg. Nánari upplýsingar um Helgu Ósk og Millu er að finna á heimasíðu línunnar: www.milla.is

*rh@frettabladid.is*



Helga Ósk Einarsdóttir gullsmiður hefur smíðað víravirki og búningasilfur í tíu ár og hefur nú fært víravirkið í nútímalegan búning undir merkinu Milla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Fermingatilboð 2006

Betra BAK





**Val um hvíta eða svarta leðurlook botna með SquareAlu löppum án aukagjalds!!!**
Gildir aðeins í mars

## Heilsudýnur uppbyggðar til að laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

**Chiro Crown heilsudýna með botni og löppum:**

80x200 cm Verð áður ~~kr. 62.664~~,- Nú kr. 51.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 65.978~~,- Nú kr. 54.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 72.787~~,- Nú kr. 59.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 82.966~~,- Nú kr. 69.900,-
140x200 cm Verð áður ~~kr. 98.300~~,- Nú kr. 79.900,-

The NeverTurn™ Mattress

**Chiro Standard heilsudýna með botni og löppum:**

100x200 cm Verð áður ~~kr. 86.400~~,- Nú kr. 69.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 98.300~~,- Nú kr. 79.900,-

Leggðu grunn að góðum degi



Val um 100% náttúrleg gæðaefni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háþróað gormakerfi

Staðreyndir um Chiro

# Svefnsófar með heilsudýnu



15 sekúndur



**Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.**

Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.



Senseo svefnsófi



Svefnkollar

Betra BAK

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***
***Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16***

**BLEIKT ER MÁLIÐ** í herbergjum margra ungra stúlkna. Sumar sjá ekkert nema bleika litinn og velja rúmföt, bangsa, hillur og jafnvel liti á veggi í þeim stíl. Þessar bleiku prinsessur er skemmtilegt að gleðja og líklega myndi þessi fiðrildahilla frá Next falla vel í kramið hjá flestum þeirra.




TÓMSTUNDAHÚSIÐ

Fjarstýrð flugmódel og fylgihlutir í úrvali.



Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587 0600, www.tomstundahusid.is



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400




Fjölskyldan setti sér það markmið að koma húsinu í uprunalegt horf. Efri hæðin í húsinu er opin og björt eftir miklar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einbýlishús með marga möguleika

Húseigendur endurnýjuðu 490 fermetra einbýlishús að Blesugróf 27 með góðum árangri.

Stórfjölskylda, hjón með sex börn, festi kaup á 490 fermetra einbýlishúsi fyrir þremur árum. Hún lét verða sitt fyrsta verk að koma húsnæðinu í sitt upprunalega horf, ásamt því að búa til séríbúð úr hluta efri hæðarinnar.

Húsið hafði gegnt margvíslegu hlutverki síðan það var byggt 1980 og verið breytt í samræmi við það. Fjölskyldan ákvað að taka efri hæðina gjörsamlega í gegn eftir að hún flutti inn: baðið, eldhúsið, stofuna og hjónaherbergið. Svo endurnýjaði hún hluta neðri hæðar og bjó meðal annars til tvö herbergi þar.

Fjölskyldan tók góða rispu á efri hæðinni síðasta ár. Hún flotaði eldhúsgólfið, lagði hita og setti náttúrustein á það. Sameinaði tvö baðherbergi í eitt, svo hægt yrði að koma fyrir rúmgóðu baði og sturtu. Henti upp nýrri innréttingu og salerni. Setti náttúrustein á gólf og veggi og mósaík í kringum sturtuna.



Þetta baðker var keypt í sturtu.is. Það er útbúið alls kyns tækjum og tólum, þar á meðal nuddstútum, útvarpi og ljósabúnaði.

Svo lagði fjölskyldufaðirinn gegnheila eik á gólfið í hjónaherberginu og setu- og borðstofunni, sem eru tiltölulega opnar. Hann bjó hjónaherbergið til alveg frá grunni.

Upphaflega var það bara svæði í kringum stigann, sem liggur niður á jarðhæðina. Svo var allt málað upp á nýtt.

Það verður ekki annað sagt en að afrakstur þessarar vinnu sé glæsilegur og hefur fjölskyldunni liðið vel þau þrjú ár sem hún hefur búið í húsinu. Þrátt fyrir það tóku hjónin nýverið ákvörðun um að leita sér að öðru húsnæði. Ástæðan er sú að ungarnir eru farnir að fljúga úr hreiðrinu, þannig að íbúar eru orðnir fimm. Henni þótti því eðlilegt að minnka við sig.

Fjölskyldan segist munu sakna hússins vegna allra góðu minninganna sem hún eigi í því. Hún vonar að næstu eigendur muni eiga jafn ánægjulegar samverustundir í húsinu, enda kostir þess óendanlega margir. Svo skemmir heldur ekki fyrir að húsið er í friðsælu hverfi, þar sem töluverð uppbygging hefur átt sér stað á undanförnum árum.

roald@frettabladid.is



Eldhúsinnréttingin er fengin í IKEA og granítborðplatan á eyjunni frá S. Helgasyni. Eldhústækin eru frá Siemens, að frátöldum ísskápnum sem var keyptur í Heklu. Parkettið og náttúrusteininn á gólfinu eru frá Agli Árnasyni.



Íbúarnir pússuðu, slípuðu og hvítlökkuðu stigann og lögðu sérpantað svart teppi frá Step á þrepin.

# MOSFELL

## KERTO LÍMTRÉ


Grandhótel í Reykjavík

## KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er mikið notað sem burðarbitar, einnig í milligólf og þaksperrur þar sem venjulegar sperrur duga ekki.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

VISA EUROCARD MasterCard VÍSA OG EURO RAÐGREIÐSLUR


Æfingasvæði NK á Seltjarnarnesi

BYKO **Söluaðilar um allt land** HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál


Grandhótel í Reykjavík

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS




Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silf-urplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**













# Blómleg ljós

● Á vefsíðunni www.catellanismith.com má finna margar fallegar ljósakrónur. Þær eru afurð hönnunarteymis sem myndað er af Ítalanum Carlo Catellani og Bretanum Logan Smith. Þeir hafa starfað saman frá 1985 og hafa að leiðarljósi að öll þeirra verk séu unnin á gamla mátann með höndum og hugviti.

**1. Illgresi** getur líka verið fallegt.

**2. Flókinn túlipani** með hnút á stönglinum.

**3. Snjóklukkubeð** gæti þessi lampi heitið.

**4. Með lotningu** virðist vegglampinn bogna líkt og sölnað blóm.

**5. Mörg blóm** af einni jurt.








Betra Form
Námskeið í stöðugri þróun til að þú náir árangri.
Þátttakendur fá 15% afslátt af fatnaði hjá Debenhams þegar þeir bóka tíma hjá stílista.
ÁRANGUR
8 vikna námskeið fyrir konur
Í 16 ár höfum við hjálpað þúsundum kvenna að léttast, auka líkamlegt þrek og andlega vellíðan. Bestu meðmælin eru allar þær ánægðu konur sem náðu sínum markmiðum. Nú er komið að þér!
Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á afgreidsla@hreyfing.is
Morgunhópar
Daghópar
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla
Innifalið:
• Þjálfun 3-5x í viku - frjáls aðgangur að tækjasal og opnum tímum.
• Markviss leið að árangri með réttu mataræði. Fræðslufundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi á Grand hótel í upphafi námskeiðs.
• Vikuleg vigtun. Ummáls- og fitumælingar í upphafi og lok námskeiðs.
• Markvisst fræðsluefni vikulega og mikið aðhald.
- Við viljum auka áhrif almennings til að hafa áhrif á afdrifaríkar ákvarðanir um nýtingu náttúrunnar. Samfylkingin í Hafnarfirði steig sögulegt skref með því að veita íbúunum rétt til að kjósa um stækkun álversins í Straumsvík.

Samfylkingin




Laugardagsfundur
um loftslagsmál og framlag Íslendinga á Hallveigarstíg 1 í dag kl. 11



**Ásta R. Jóhannesdóttir**, **Mörður Árnason** og **Árni Finnsson** formaður Náttúrverndarsamtaka Íslands flytja framsögur um loftslagsvána, framlag Íslendinga, ógnir og tækifæri.

Fundarstjóri verður **Sólveig Arnarsdóttir**

SUNNUDAGSBÍÓ
An Inconvenient Truth



**Samfylkingin býður til sýningar á magnaðri heimildarmynd Al Gores, An Inconvenient Truth, í Háskólabíó kl. 14.00 á sunnudag.**

Ókeypis aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

Myndin hlaut á dögunum Óskarsverðlaun í flokki heimildarmynda.

## ÁFANGAR Í SÖGU ÍSLENSKRA KVENNA

**1874** Kvennaskólinn í Reykjavík stofnaður.
**1894** Hið íslenska kvenfélag stofnað í Reykjavík 26. janúar.
**1895** Í janúar hófst útgáfa kvennablaðsins Framsóknar (1895-1901) á Seyðisfirði. Í Reykjavík hófst útgáfa Kvennablaðsins (1895-1919) í febrúar.
**1904** Menntaskólinn í Reykjavík heimilaði stúlkum aðgang.
**1907** Kvenréttindafélag Íslands stofnað.
**1908** Kvenréttindafélag Íslands og önnur kvenfélög í Reykjavík stóðu saman að kvennalista til framboðs við bæjarstjórnarkosningarnar.
**1911** Lög um menntun kvenna og rétt til embætta voru samþykkt á alþingi.
**1915** Ný stjórnarskrá fyrir Ísland var staðfest af konungi 19. júní. Þar með fengu konur, 40 ára og eldri, kosningarétt og kjörgengi til Alþingis.
**1920** Konur og karlar njóta sama réttar við kosningar til Alþingis.
**1922** Ingibjörg H. Bjarnason kosin á Alþingi, fyrst kvenna, af sérstökum kvennalista.
**1935** Sett lög um getnaðarvarnir og fóstureyðingar.
**1970** Auður Auðuns lögfræðingur varð fyrst kvenna ráðherra í ríkisstjórn Íslands þegar hún tók við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra.
**1970** Rauðsokkahreyfingin var stofnuð 4. október.
**1975** Kvennaár Sameinuðu þjóðanna. Íslenskar konur lögðu niður vinnu 24. október 1975 og flykktust á baráttufundi víðs vegar um landið. Í Reykjavík komu konur saman á Lækjartorgi og er talið að um 30 þúsund manns hafi verið þar samankomin, aðallega konur.
**1975** Sett ný lög um getnaðarvarnir og fóstureyðingar.
**1976** Sett lög um jafnrétti kvenna og karla.
**1980** Vigdís Finnbogadóttir kjörin forseti Íslands.
**1982** Kvennaframboðið formlega stofnað í Reykjavík. Fékk tvær konur kjörnar í borgarstjórn í Reykjavík og tvær konur í bæjarstjórn á Akureyri.
**1983** Kvennalistinn stofnaður og bauð fram í þremur kjördæmum við alþingiskosningarnar.



**HÓTEL VÍK** Þessi mynd var tekin fyrir utan kosningaskrifstofu Kvennaframboðsins 1. febrúar 1982. Frá vinstri eru Kristín Ástgeirsdóttir, Guðrún Erla Geirsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Elísabet Guðbjörnsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Kristín Jónsdóttir.

# *Eingöngu eða aðallega konur*

Nú eru 25 ár liðin síðan konur buðu fram sérstaka lista í sveitarstjórnarkosningunum 1982. Þær fengu tvær konur kjörnar í borgarstjórn Reykjavíkur og tvær í bæjarstjórn á Akureyri. Þetta var niðurstaða áralangrar orðræðu kvenna um réttindamál og grósku innan kvennahreyfinga. Úr þessum jarðvegi spratt Kvennalistinn sem skipulagt stjórnmálaafl kvenna á landsvísu. *Svavar Hávarðsson* gluggaði í litríka sögu kvenfrelsisbaráttunnar á Íslandi og leitaði svars við því hvort tími nýs kvennaframboðs væri runninn upp.

Nú eru liðin rúm 25 ár síðan tólf konur boðuðu til fundar á Hótel Borg hinn 14. nóvember 1981 til að kanna undirtektir við framboði kvenna til sveitarstjórnar í Reykjavík vorið 1982. Konurnar sem til fundarins boðuðu fengu afdráttarlaust svar. Fundurinn var stórsigur því troðfullt var út úr dyrum og stemningin eftirminnileg þeim sem þar komu. Á fundinum var samþykkt að stefna að framboði og drög lögð að hugmyndafræði og stefnu. Sama dag og fundurinn var haldinn á Hótel Borg komu konur á Akureyri saman til að móta stefnuskrá sína fyrir framboð á Akureyri. Þetta er til vitnis um þá undiröldu sem var í samfélaginu því kvennaframboðin í Reykjavík og á Akureyri komu fram án þess að nokkurt samband hefði verið þar á milli. Upphafsins er að leita í hugmyndafræðilegri grósku áranna á undan.

### Undiralda

Ungar konur sem tóku þátt í stúdentaaðgerðum og ýmsu stjórnmála- og félagastarfi á sjöunda áratugnum fundu margar hverjar fyrir því að kynferðið var talið þeim til trafala. Aukin menntun kvenna og atvinnuþátttaka ásamt jafnrétti í orði hafði ýtt undir sjálfvitund þeirra og sjálfstraust. Getnaðarvarnarpillan var komin á vettvang og hún gerði konum kleift að skipuleggja barneignir og þar með eigin tíma en þær töldu sig hins vegar hvarvetna verða fyrir misrétti sem eingöngu var byggt á kynferði. Í stað þess að ganga í gömlu kvenréttindafélögin kusu þær að stofna eigin samtök. Hér á landi komu fram tvær nýjar og áberandi kvennahreyfingar um 1970. Úur voru ungar konur í æskunefnd Kvenréttindafélags Íslands sem komið var á fót árið 1968. Rauðsokkahreyfingin var stofnuð árið 1970 að erlendri fyrirmynd.

### Rauðir sokkar

„Sjóndeildarhringur rauðsokkanna spannaði breitt, allt frá leghálsinum til frelsishreyfinga í þriðja heiminum," sagði Erla Sigurðardóttir á fundi Femínstafélags Íslands í Kaupmannahöfn árið 2003. Rauðsokkur stefndu sem sagt að því að vekja með öllum ráðum athygli á bæði augljósu og földu misrétti kynjanna, svo og kúgun sem ætti sér rætur í þjóðfélagsgerð og fjölskylduhefðum og beittu gjarna óhefðbundnum aðferðum til að vekja athygli á misréttinu. Rauðsokkahreyfingin starfaði til ársins 1982 þegar samtök kvenna í Reykjavík og á Akureyri komu fram en margar rauðsokkur kusu að starfa með hinum nýju samtökum og Rauðsokkahreyfingin hætti því störfum.

### Reynsluheimur kvenna

Hugtakið „reynsluheimur kvenna", setti sterkan svip á umræðurnar í upphafi kvennaframboðanna. Þetta hugtak var uppgjör við þann ríkjandi hugsunarhátt í jafnréttisbaráttunni að konur ættu að vera jafningjar karla. Taka þyrfti tillit til þess að karlar væru viðmiðið en jafnrétti fælist í því að reynsluheimur kvenna yrði metinn að verðleikum. Markmið kvennaframboðsins í Reykjavík voru í stuttu máli að auka áhrif kvenna í samfélaginu og vekja upp umræður um stöðu kvenna. Einnig að „stuðla að því að viskuforði og jákvæð reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra þjóðfélags", eins og það er orðað í stefnuskrá. Kvennaframboðið á Akureyri hafði eigin áherslur sem snerust um álitamál þar í bæ en sameiginlegt markmið beggja framboða hlýtur að teljast barátta fyrir heimi þar sem konur, karlar og börn stæðu jöfn að vígi og að kynferði væri ekki hindrun á neinn hátt.

### Kvennalistinn

Það var aldrei meiningin með kvennaframboðunum árið 1982 að stofna stjórnmálaflokk. Framboðin miðuðust við kosningarnar 1982 og kjörtímabilið á eftir. Engin stefna í landsmálum var mótuð og skipulag framboðanna var ekki fastmótað eins og í stjórnmálaflokki. Þær konur sem að framboðunum komu litu frekar á sig sem grasrótarsamtök í ætt við friðarhreyfingar, umhverfis- eða íbúasamtök í Evrópu sem spruttu upp með megináherslu á málefni kvenna.

Kvennalistinn var stofnaður þann 13. mars 1983 og bauð fram til Alþingis í þremur kjördæmum um vorið. Kvennalistinn fékk 5,5 prósent atkvæða og þrjár konur kjörnar og fjölgaði konum á þingi því úr þremur í níu, eða úr 5 prósentum í 15. Á árunum 1922-1983 voru aðeins tólf konur samtals kjörnar á Alþingi en meira en fimm hundruð karlmenn. Má því segja að stöðnunin hafi verið rofin með tilkomu Kvennalistans 1983.

Kvennalistinn tvístraðist árið 1997 þegar hluti hans gekk til liðs við Samfylkinguna, annar hópur gekk til liðs við Vinstri græna en margir femínistar lentu líka á pólitískum vergangi. Kvennalistinn var endanlega lagður niður árið 1999.

● ● ●

Kvennamenning er ósýnileg og einskis metin. Samt er það hún sem heldur körlunum og þjóðfélaginu gangandi. Þannig má segja að karlamenningin nærist á kvennamenningunni og geti ekki án hennar verið.

ÚR ÁLYKTUN MENNINGARHÓPS KVENNAFRAMBOÐSINS Í REYKJAVÍK 1982

Hugrún R. Hjaltadóttir:

### ÁHYGGJUEFNI AÐ KONUM FÆKKI



„Við lítum til Kvennaframboðsins og Kvennalistans með mikilli virðingu og ég kaus Kvennalistann í fyrstu alþingiskosningunum mínum. Það er í eina skiptið sem ég hef ekki verið í neinum vafa um hvað ég ætti að kjósa", segir Hugrún R. Hjaltadóttir, félagi í Bríeti – félagi ungra femínista.

„Eins og staðan er núna tel ég ekki beint þörf á kvennaframboði til að koma málefnum kvenna á framfæri en það er áhyggjuefni að konum mun sennilega fækka í næstu kosningum." Hugrún segir að vissulega hafi margt áunnist í baráttunni og áherslurnar því breyttar í jafnréttisbaráttunni en enn sé glímt við sömu vandamál, eins og fegurðarímyndina. „Sú barátta virðist standa í stað og ástandið er jafnvel verra núna með klámvæðingunni," segir Hugrún. „Kvennaframboð hefur ekki verið rætt í kringum mig en ég myndi styðja slíkt framboð, kæmi það fram."

Katrín Anna Guðmundsdóttir:

### MÁLIN ÞEIRRA ORÐIN SJÁLFSÖGÐ



„Við náttúrlega dýrkum og dáum Kvennaframboðið og Kvennalistann enda eru stefnumál þeirra frá þessum tíma, sem þóttu mjög róttæk, orðin sjálfsagður hlutur í dag. Feðraorlofið og jöfn þátttaka kynjanna í heimilisstörfunum eru bara tvö dæmi sem vert er að minnast á," segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands. Katrín Anna segir að félagið hafi rætt um framboð þegar sænska kvennaframboðið kom fram fyrir stuttu síðan og komist að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir skiptar skoðanir, að það væri ekki tímabært. „En eftir prófkjör flokkanna komst þetta aftur á dagskrá. Ef við hefðum séð úrslit þeirra fyrir er ekkert ólíklegt að sérframboð hefði litið dagsins ljós, til dæmis í þeim kjördæmum þar sem sýnt er að fáar eða engar konur nái kjöri. Ef flokkarnir taka ekki á þessu er ekki ólíklegt að konur bjóði fram sér fyrr eða síðar."



46″
SONY
KDL46W2000
Besta LCD tæki ársins
-What HIFI
Full HD
1080
200.000,-
Verðlækkun
399.950,-
verð áður 599.950-
48 TÍMA TILBOÐ Á
SONY BRAVIA
VERÐLAUNA VEGGSJÓNVÖRPUM
SONY
KDL46V2000
Best buy
-What Video & Widescreen tv
5 stjörnur
- What HIFI
46″
170.000,-
verðlækkun
329.950,-
verð áður 499.950-
40″
70.000,-
Verðlækkun
249.950,-
verð áður 319.950-
SONY
KDL40S2000
Editor's Choice
-What Home Cinema
Sony ALPHA D-SLR myndavél
DSLRA100KB
10 megapixlar
18-70mm linsa fylgir
Hristi og rykvörn á myndflögu
EISA verðlaunahafi
20.000,-
Lækkun
79.950,-
verð áður 99.950-
TAVL1 - ESPRIT
Smart tæki með
yfirburða hljóm,
heimabíóið er innbyggt.
160.000,-
Lækkun
339.950,-
verð áður 499.950-
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

# HELGARSPRENGJA



ÁKLÆÐI
**52.485** áður: 69.980

LEÐUR
**59.985** áður: 79.980

**GYRO** hægindastóll Áklæði: Grár/svartur. Einlitur: Grænn, camel. Leður: Hvítur, rauður, svartur.

## 25% AFSLÁTTUR AF HÆGINDASTÓLUM*



**74.985** áður: 99.980
LEÐUR

**59.985** áður: 79.980
ÁKLÆÐI

**67.485** áður: 89.980
LEÐUR

**SPENCER** hægindastóll
Fæst í 2 stærðum. Minni stóllinn fæst í natur og camel áklæði og er einnig til í rauðu, lilla og svörtu leðri. Hærri stóllinn fæst í lilla og svörtu leðri. Skammelið fæst í creme og svörtu leðri og kostar **29.985** áður ~~39.980.~~



**NUBES** hægindastóll
Stóll+skemill leður, creme eða svartur.

Fæst einnig í gráu flannel áklæði, stóll+skemill

**112.485** áður: 149.980
ÁKLÆÐI M/SKAMMEL

**142.485** áður: 189.980
LEÐUR M/SKAMMEL



**COBRA** hægindastóll
Stóll í svörtu leðri.

Fæst einnig í dökkgráu, eplagrænu og rauðu flannel áklæði.

**41.235** áður: 54.980
ÁKLÆÐI

**52.485** áður: 69.980
LEÐUR

** 25% afsláttur af hægindastólum á 2. hæð.*

# HÚSGAGNAHÖLLIN

NOCTURNE®



**NOCTURNE** dýnur eru framleiddar í Danmörku úr besta hráefni. Dýnurnar eru byggðar upp í samræmi við nýjustu svefnrannsóknir. Þær tryggja þér rólegan nætursvefn, þar sem líkaminn slakar á og fær góðan stuðning.

Allar **NOCTURNE** dýnurnar eru prófaðar fyrir daglega notkun. Við erum örugg um gæðin og veitum þess vegna á milli 2 og 15 ára ábyrgð. Húsgagnahöllin býður upp á 27 mismunandi **NOCTURNE** dýnur sem hver og ein hefur sín svefnþægindi.

# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM DÝNUM FRÁ NOCTURNE®

## OG FYLGIHLUTUM: SÆNGUM, KODDUM, LÖKUM, TEPPUM...

**Verðdæmi:** Nocturne 3015 boxdýna 90x200 cm með **25%** afslætti kr. **12.735** áður: ~~16.980~~ án yfirdýnu

Serta



40% AFSLÁTTUR

**NEPTUNE** QEEN

vönduð amerísk dýna frá Serta.
Stærð: 152 x 203 cm.

**77.980**
áður: 129.980

Serta



40% AFSLÁTTUR

**ARELIA** QEEN

Vönduð amerísk dýna frá Serta.
Stærð: 152 x 203 cm.

**65.980**
áður: 109.980

40% AFSLÁTTUR



15 ára ábyrgð

**17.980**
áður: 29.980
verð án yfirdýnu

**NOCTURNE** 3022

**Stærð 90x200 cm og 80x200 cm.** Millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 273 svæðaskipta pokagorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð án yfirdýnu og fóta, hægt er að setja dýnuna ofan í rúm eða kaupa fætur sér.

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 **OPIÐ:** Laugardag 11-18 • Sunnudaga 13-17

# Reykvískar lautarferðir

Út að borða hljómar stórkostlega í eyrum flestra. Stjörnukvöldið getur þó auðveldlega breyst í martröð og ef kviknað hefur í brauðkörfunni áður en kvöldið er liðið eða fullur saumaklúbbur á næsta boði haldið stefnumótinu í gíslingu þarf greinilega að taka ferlið til endurskoðunar. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* þræddi veitingastaði borgarinnar og kynnti sér hvernig hægt er að baktryggja sig með því að velja rétta veitingastaðinn út frá aðstæðum.



## Snætt úti þegar þú ert...

### ...á kúpunni



**» Bæjarins bestu, Tryggagötu 9.**
Ef það er röð á mánudagseftirmiðdegi kl. 14.00 í ofsaveðri með 20 metrum á sekúndu, er augljóslega eitthvert leynivopn í sinnepinu.

**» Hlöllabátar, Ingólfstorgi**
Það er fátt sem jafnast á við vænan alíslenskan skyndibita. Við mælum með extra gusu af gula kryddinu yfir bátinn (hver slær hendinni á móti góðri þriðjakryddsvímu) og góðri slettu af Hlöllasósunni. Nauta- lamba- eða svínakjöt með heiðvirðu rauðkáli og asíum. Snilldin ein.

**» Lóuhreiður, Laugavegi 59**
Lóuhreiður er heiðarleg matstofa sem hentar valkvíðasjúkum mjög vel því það eru einungis einn til tveir réttir í boði hvern dag. Á mánudögum og þriðjudögum er alltaf fiskur í boði, framreiddur á klassískan hátt án allra exótískra stæla. Búlla fyrir menn í hádeginu sem nenna engu veseni, einstaka róni situr þarna með stóran bjór, sólstofan fyrir framan er reyklaus, og þjónustustúlkan gengur um með rjóma og býður gestum slurk út í súpuna.

**» Hafnarstrætið**
Það er eitthvað sérlega viðeigandi við að hafa skyndibitastaði í Hafnarstrætinu: Nonna-biti, Pizza-King, Purple Onion að ógleymdum pylsuvagninum á Ingólfstorgi sem setur tóninn með chili-pylsunum (pylsa með nautahakki og baunum). Gatan þjónar sama tilgangi fyrir átfíklana og Fifth Avenue í New York. Þess vegna er Hafnarstrætið falið leyndarmál á miðbæjarsvæðinu. Síðan er einstaka spúkí bar inn á milli fyrir þá sem eru fyrir að fá sér í tána milli rétta.

**» American Style, Tryggvagötu 26**
Fyrir þá sem taka ekki áhættuna er American Style auðvitað handan við hornið. Frí áfylling á gos skal aldrei, undir neinum kringumstæðum, vanmetin. Sérlega gott fyrir stórar fjölskyldur því krakkaskríllinn drekkur svo mikið.

### ...á fyrsta stefnumóti



**» Domo, Þingholtsstræti 5**
Veitingastaður fyrir fyrsta stefnumótið verður að vera hress og fullbókaður því það er fátt jafn vandræðalegt og að heyra nöldrið í kokkinum inni í eldhúsi á tómu veitingahúsi. Fyrsta stefnumótið má vera pínu neyðarlegt og er í hugum sumra dæmt til að mistakast. Á Domo má að minnsta kosti hugga sig við það að maturinn hafi verið stórfenglegur þó að söguskoðun stefnumótsins fái ef til vill seint þann dóm. Og svo virkaði hann líka ekki sem verst fyrir Jude Law og Höllu Vilhjálmsdóttur.

**» Ostabúðin, Skólavörðustíg 6**
Það hjálpar ekki alltaf að vera með góðærisstæla á fyrsta stefnumóti. Því er oft betra að velja látlausan stað með gómsætum mat í stað þess að torfleggja stemninguna með yfirdráttar-innréttuðum og humarbrösuðum flottheitum. Í kjallara ostabúðarinnar eru hollar og góðar súpur, salöt, fiskur og fleira í boði í hádeginu og klassinn kemur til skjalanna með framandi ostum og góðu næði.

**» Vox, Suðurlandsbraut 2**
Hafi forleikurinn átt sér stað á einkamal.is, eða vinkonur eða vinir farið með þig eins og hvern annan söluvarning á skiptimarkaði blindra stefnumóta skaltu gera ráð fyrir barmafullum vandræðalegheitum í tómum rauðvínsglösum. Farðu því þangað sem athyglinni má dreifa á löngum matseðli, þjónarnir útlista hráefni máltíðanna eins og samviskusamir parketsölumenn og því nóg annað hægt að gera en að þurfa að halda uppi samræðum.

**» Austur-Indíafélagið, Hverfisgötu 56**
Að deila er ást ríma þeir í amerísku útgáfunni af línunni og á Austur-Indíafélaginu er hægt að spreyta sig á léttu umferðarprófi í rómantík en þar geta matargestir deilt mat af sameiginlegum fötum og sýnt listir sínar í að skipta hrísgrjónum og öðru gúmmelaði á milli diskanna. Birtan er stórkostlega útlitsvæn og það langt á milli borða að hægt er að fara fljótlega á trúnó. Biður maður um meira?

### ...átt plássfreka og hávaðasama stórfjölskyldu



**» Perlan**
Öskjuhlíðin, með sinni ylströnd, kanínunýlendum og skógarþykkni er orðin að vin fyrir reykvískar fjölskyldur. Uppi á hæðinni gnæfir svo risavaxið tívolítæki í líki veitingahúss og þar við borð sitja börnin sem steinrunnin á meðan þau snúast í gegnum hvern réttinn á fætur öðrum. Og foreldrarnir njóta friðarstundar yfir dýrindis máltíð.

**» Culiacan, Faxafeni 9**
Staðir með fría áfyllingu hafa vinninginn þegar um stórar fjölskyldur er að ræða og þessi húlíóstaður í Faxafeni stendur American Style hvergi að baki hvað það varðar. Þar inni vinna suðrænir menn sem lífsleiðar mæðurnar geta horft á meðan fjölskyldan slafrar í sig matinn. Umgjörð þessa mexíkóska skyndibita er öll úr plasti, meira að segja glösin svo að enginn tekur kast á börnin og allir fara glaðir heim.

**» McDonalds, Suðurlandsbraut 56**
Hvað geturðu sagt þegar þér er skipað að taka U-beygju á 80 kílómetra hraða á Miklubraut og í baksýnisspeglinum mætirðu mænandi augum um leið og þau skríkja barnabox. Ætlarðu að benda þeim á aðframkominn Ameríkana sem næstum dó af því að éta borgarana? Hvað vegur það á móti barnaleikfangi, ostborgara og frönskum. Það þarf hvort sem er að kippa í vinsældatauminn öðru hverju.

### ...stórlax á viðskiptafundi



**» Silfur, Pósthússtræti 11**
Hafir þú spurnir af því að fundarmenn verði það smartir í tauinu að hætt er að við að þeir tóni ekki við innréttingarnar skaltu ekki taka neina áhættu og fara með liðið á Silfur. Þar er ekki svo auðvelt að toppa silfurlitað barokkveggfóðrið eða ljósakrónurnar úr Saltfélaginu.

**» Sjávarkjallarinn, Aðalstræti 2**
Matur í boxi er töff, hvernig sem á það er litið. Og sjávarréttir eru góð og prótínrík máltíð. Töff og prótín. Er það ekki það sem málið snýst um þegar þú ert stórlax?

**» Hótel Holt, Bergstaðastræti 37**
Séu fundarmenn viðskiptafundarins ekki úr nýríku deildinni þýðir ekkert að taka þá með á gamalt-út og allt-nýtt-inn uppastað. Gömlum peningi líður best í klassísku og eilítið þungu umhverfi þar sem dökk og massíf leðurhúsgögn og málverk meistaranna umlykja þig og færa þér innri ró. Einnig gott fyrir stórar og miklar ákvarðanir.

### ...í nostalgísku skapi




**» Hornið, Hafnarstræti 15**
Hornið er eins og að fara í gamlan og þægilegan inniskó. Pöntunin getur ekki týnst, auðvelt er að teygja sig í þjóninn eða jafnvel kokkinn og enginn þarna inni hefur þörf fyrir að koma þér á óvart. Maður er ekki alltaf í skapi fyrir óvæntar uppákomur eða þjóna sem henda í mann litlum smökkunartilraunum fyrir aðalréttinn. Pítsa með pepperóní, miðlungsrauðvín og ekkert fuss. Ekkert stórkostlegt, en traust og það er það sem maður vill þegar maður er í nostalgísku skapi.

**» Askur, Suðurlandsbraut 4**
Einhverjir muna eflaust eftir sér sitjandi í askarlaga umgjörð við Laugaveg þegar Askur var þar. Í dag er hann fluttur á Suðurlandsbraut og þótt hin dásamlegu borð séu því miður á bak og burt er hægt að taka hlaðborðið með trompi með kjarngóðri sunnudagsmáltíð þar sem allt er innifalið, frá sósum, grænum baunum, brúnuðum kartöflum og heila dæminu. Snilld fyrir svangar fjölskyldur.

**» Ítalía, Laugavegi 11**
Umhverfi Ítalíu er eins og klippt út úr stúdíóumhverfi lélegrar sápuóperu. Myntugrænir og ferskjulitaðir tónar níunda áratugarins með smá klípu af sítrónugulum eru allsráðandi og gerviblómin flækjast hvert fyrir öðru. Engu að síður er staðurinn alltaf, og kannski einmitt þess vegna frábær. Þjónustan sker sig úr og maður getur alltaf gengið að því vísu að sumt í þessum heimi breytist aldrei.

### ...með saumaklúbbnum

**» B5, Bankastræti 5**
Sá staður trónir í hásæti saumaklúbbsstaða. Staðurinn er hér um bil reyklaus og þar sitja þær gjammandi í hreinu lofti. Litli blómkálsfrauðskammturinn (2 munnbitar) er sérstaklega góður fyrir þær sem eru í aðhaldsdeildinni. Þegar staðurinn opnaði var mikið hlegið að stælunum með frönsku kartöflurnar, sem bornar eru fram í bréfpoka, en að öllu gríni slepptu þá er maturinn þar stórkostlegur.

**» 101 hótel, Hverfisgötu 10**
101 er eins og sett Spaugstofunnar. Þar má sjá erkitýpur þáttarins, Kára í deCODE, Jón Ásgeir, Ara Edwald og fleiri hræra í einum móhító. Augu vinkvennanna glennast upp og þær jafnvel ná að þegja í svo sem eina mínútu enda snarhitna hnakkablöðin við það að skrá atburðarásina inn á harða diskinn.

**» Nýja kökuhúsið, Kringlunni**
Sérútbúið umhverfi fyrir reykjandi saumaklúbba. Þar sitja gjaldkerar allra landsmanna og reykja á meðan þær bíða eftir crépespönnukökunum með hrísgrjónunum og sinnepssósunni. Minnir á stemninguna þegar gömlu Samvinnuferðar-Landsýnar dragtirnar sóluðu sig á Austurvelli þegar vel viðraði. Þær eru í mat, reykja sína sígó, drekka sinn kaffibolla og ekkert múður.



# LAGER SALA

**TÓNLIST - TÖLVULEIKIR**
**DVD MYNDIR OG DVD TÓNLIST**

## LAGERSALA SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

## OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR 11-19

**VERÐ FRÁ 99KR**

**VSK AF TÓNLIST LÆKKAR Í 7%**

### DVD MYNDIR

1.799 kr.

999 kr.

### TÖLVULEIKIR

999 kr.

### TÓNLIST

1.299 kr.

1.199 kr.

849 kr.

199 kr.

**ÞÚSUNDIR TITLA Í BOÐI!**

S·K·Í·F·A·N

LAGERSALA SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

# Vertinn og velgjörðamaðurinn

Ófáir Íslendingar hafa rambað inn á barinn 8MM í Berlín og hitt þar fyrir geðugan mann með annálaðan tónlistarsmekk. **Olli** hefur ekki aðeins hjálpað til við að hafa ofan af fyrir ölþyrstum gestum sínum því nú á hann sinn þátt í því að bera út hróður íslenskrar tónlistar á meginlandinu. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* ræddi við hann um vodkaskot, víðsýni Íslendinga og rokk og ról.

Bareigandinn Alexus Remzi Konuk er yfirleitt kallaður Olli en á dögunum kom hann í sína aðra heimsókn til Íslands. Starfið hans hefur vakið vinskap hjá mörgum og hér á hann hauka í horni sem hafa verið heimalningar á barnum hjá honum. „Þetta er bara staður þar sem þú getur mætt og fengið þér drykk og það er alltaf góð tónlist í bakgrunninum,“ segir Olli hógvær þegar hann er beðinn að lýsa aðdráttarafli staðarins. Barinn hefur orðið goðsagnakennt yfirbragð í hugum margra, sumar sögurnar staðfestir eigandinn en aðrar fá hann bara til að brosa véfréttarlega út í annað.

Olli hefur nú staðið bak við borðið í Schönhauser Allee í rúm fjögur ár en barinn stofnaði hann ásamt félaga sínum. Þetta er óvenju langur líftími fyrir skemmtistað í Berlín þar sem þeir eiga það til að spretta upp eins og gorkúlur og hverfa jafnharðan. Nú hafa þeir félagar fært úr kvíarnar og stofnað plötufyrirtækið 8MM Musik en af lýsingunum að dæma er stemningin í þeirri bisnessdeild líkt og á barnum – sveitt en heimilisleg. Meðal listamannanna sem 8MM Musik fóstrar er rokksveitin Singapore Sling og íslenski blústónlistarmaðurinn ET Tumason.



**GETUR EKKI HUGSAÐ SÉR STEMNINGUNA ÁN ÍSLENDINGANNA** „Það kom einn þeirra með svið handa mér um daginn þegar ég var að spila. Ég vona að ég sé að verða smá hluti af Íslandi líka.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

> ” Þegar íslensku bisnessmennirnir mæta þá hanga þeir bara með okkur og enda á því að fara úr að ofan.

### Allt tvöfalt

Olli útskýrir að fyrir rúmu einu og hálfu ári hafi hljómsveitin Singapore Sling ráfað inn á barinn. „Ég þekkti þau ekki fyrst því ég hafði bara frétt af hljómsveitinni í gegnum bandaríska fjölmiðla. Þau féllu vel í hópinn en ég tók eftir því að þeir pöntuðu meira en hinir kúnnarnir – allir drykkirnir þurftu að vera tvöfaldir, tvöfaldur vodka, tvöfaldur absint. Ég hafði sett lagið þeirra „Overdriver“ í spilun löngu áður en þegar það byrjaði að hljóma þetta kvöld þá gengu Íslendingarnir af göflunum.“ Þegar Olli komst að því hvaða þyrsta fólk þetta var bauð hann þeim umgang og bað um eintak af plötunni. „Eftir þetta urðum við vinir og ég skipulagði tónleika fyrir þá í Berlín. Á sama tíma vorum við að stofna 8MM Musik og ég sagði Henrik [söngvara og gítarleikara sveitarinnar] að mér þætti synd að fólk í Evrópu þekkti ekki sveitina og hét því að breyta þeirri staðreynd. Þar sem við deilum ákveðnum skilningi virtist það sjálfsagt að við myndum vinna saman.“ Olli vinnur nú að því að skipuleggja tónleikaferðalag Singapore Sling um Evrópu sem fyrirhugað er í vor en plata með úrvali laga af þremur fyrri plötum sveitarinnar kemur út hjá 8MM Musik í maí.

Olli segir erfitt að aðskilja barinn frá starfinu hjá útgáfufyrirtækinu. „Eins væmið og það hljómar þá trúum við að barinn bæti einhverju við Berlín. Allir eiga sinn uppáhaldsbar og við erum svo heppin að margir álíta 8MM vera þann stað. Það gildir það sama um útgáfuna – við höfðum til ákveðins hóps og höfum ákveðna fagurfræði.“ Olli segir að markmiðið nú sé að kynna nokkra listamenn, boða fagnaðarerindið og koma góðri tónlist til fleira fólks. „Nú erum við með þrjú bönd á okkar snærum sem er meira en nóg vinna fyrir okkur – við viljum vinna vel og erum ekkert að flýta okkur of mikið.“ Hann segir að það sé samt tilbreyting að vera ekki fastur fyrir innan barinn.

### Íslensk siðprýði

„Það er eitthvað við Íslendingana – einhverjir góðir straumar,“ segir Olli brosandi og útskýrir að það séu ekki aðeins harðir rokkarar og skemmtanaglöð ungmenni sem eigi það til að tapa sér inni á staðnum. „Þegar þýskir bisnessmenn koma á 8MM stoppa þeir aldrei lengi – þeir endast ekki í hálftíma því þeir höndla ekki tónlistina. En þegar íslensku bisnessmennirnir mæta þá hanga þeir bara með okkur og enda á því að fara úr að ofan.“

Á heimasíðu staðarins, 8mmbar.com, er spurt um óeðlilegan fjölda hálfnaktra Íslendinga á barnum en aðstandendurnir segjast þar ekki hafa neina skýringu á því. „Íslendingar hafa bara merkilega góðan tónlistarsmekk og svo held ég að staðurinn spyrjist vel út,“ segir Olli og útskýrir að nú séu um tvö ár síðan Íslendingarnir í Berlín „uppgötvuðu“ staðinn og þetta undarlega samband við landið hófst. „Það er ákveðið fólk héðan sem er orðið hluti af barnum og starfinu þar og nú er næstum ómögulegt að hugsa sér stemninguna án þeirra,“ segir Olli en hann hefur til dæmis fengið hérlenda plötusnúða til þess að skrúfa stemninguna upp og aðra til þess að skenkja drykki. „Barinn er ekki mjög túristavænn en Íslendingarnir eru áhugaverðustu en jafnframt viðkunnanlegustu gestirnir okkar,“ segir hann og áréttar að þó hérlendir gleðipinnar eigi það til að missa sig í partíinu þá séu þeir ávallt kurteisir. Til marks um óvenjulega siðprýði Íslendinganna segir Olli söguna af því þegar Alex Kapranos, söngvari Franz Ferdinand, fékk að heyra það frá einum íslensku gestanna. Þegar Kapranos var sagt frá óskýranlegri þörf eyjaskeggjanna fyrir að tæta sig úr fötunum sagði hann, með verulega skoskum hreim, að hann tryði ekki eigin eyrum. „Þá klifraði einn íslensku fastagestanna upp á barborðið, fór úr að ofan og byrjaði hástöfum að baula á Alex og ef má orða það svo – efast um karlmennsku hans. Það sló þögn á hópinn en öllum fannst þetta gríðarlega skemmtilegt, sérstaklega Alex. „Ég efast um að nokkur geti búið sig undir það að hálfnakinn Íslendingur níðist svona miskunnarlaust á sér.“

### Fyrir eyru og augu

Stemningunni á 8MM hefur verið líkt við fyrrum rauðvínshjallinn Sirkus við Klapparstíg og Olli tekur undir þann samanburð. „Þetta hefur aldrei verið áberandi staður. Markmið okkar er að halda fastagestunum okkar glöðum og vera trúir því sem við stöndum fyrir.“ Nafnið vísar til kvikmyndanna en Olli hefur lengi haft áhuga á því að samþætta tónlist og hið sjónræna og á staðnum er kvikmyndum varpað á einn veggjanna. „Sumir spyrja okkur hvort við sýnum bara 8mm myndir eða hvort við séum svona hrifnir af myndinni með Nicolas Cage,“ segir hann hlæjandi en bætir því við að nafnið vísi ekki aðeins til filmugerðarinnar heldur ákveðins hráleika og myrkurs sem staðurinn reynir að fanga á sem flesta vegu.

Opnunartíminn er sveigjanlegur og það hefur komið fyrir að nóttin hefur náð fram yfir hádegið næsta dag. „Við reynum að opna milli klukkan níu og tíu á kvöldin,“ segir Olli góðlátlega en bætir við: „Þetta er bar fyrir fólk sem drekkur – það kemur til að vinna smá skemmdir á sjálfu sér og þá vilja menn ekki byrja of snemma.“

### Borgin að breytast

„Berlín er uppáhaldsstaðurinn minn og ég valdi að búa þar,“ útskýrir Olli. Hann er ættaður frá Berlín og þar býr fjölskylda hans en hann ólst upp í Bandaríkjunum. „Þegar einhver segir við mann að barinn okkar sé uppáhaldsstaðurinn þeirra og það sem skilgreinir borgina í þeirra augum þá verður maður orðlaus,“ segir hann stoltur. Hann bætir við að margt bendi til þess að borgin sé að breytast – til dæmis fjölgi erlendum fjárfestum í borginni ört þessa dagana. „Ég get samt ekki sagst vera bjartsýnn eða svartsýnn á framtíðina,“ segir hann að lokum, „ég er ánægður með borgina eins og hún er og reyni á hverjum degi að bæta einhverju við hana.“ ■



**MÖGULEGA MÁNUDAGSKVÖLD** Á 8mm barnum er mesta vodkasalan í Berlín ef miðað er við fermetrafjölda. MYND/JOE DILWORTH

## ÓVÆNTUR BARBLÚS

Tónlistarmaðurinn Elliði Tumason er betur þekktur sem ET Tumason á 8mm barnum í Berlín en þar kynntist hann Olli og fleira góðu fólki. Á þeim tíma var hann ekki að leita að útgáfufyrirtæki en hann segir að skemmtileg tilviljun hafi ráðið því að hann var allt í einu farinn að troða upp á staðnum og leika sinn blús.

„Ég bjó í Berlín í ár og stundaði staðinn þokklega mikið,“ útskýrir Elliði en hann tengir aðdráttarafl barsins einkum við vinalegt fólk og frábæra tónlist. „Þeir leggja rosalegan metnað í að vera með góða músík,“ segir hann. Svo vildi til að Elliði lét eigendurna fá demó-disk með músíkinni sinni – en þeir félagar taka alla jafna ekki við slíkum sendingum. Í kjölfarið buðu þeir honum að spila á staðnum – sem er einnig afar sjaldgæft – og loks fór svo að 8MM Musik hafði milligöngu um upptökur sem von er til að endi í plötuverslunum innan tíðar.



**TÓNLISTARMAÐURINN ET TUMASON** Er nú búsettur í Kaupmannahöfn en á velgjörðamenn í Berlín og hefur haldið nokkra tónleika á 8mm.

Sýnishorn af blúsmúsík ET Tumasonar má heyra á síðunni www.myspace.com/ettumason.

# NÝI BÆKLINGURINN KOMINN











NEXT

**Kringlunni sími 551 3200**




**4.990**
~~7.399~~

10 ltr.

Vnr. 85540083-1083
**Innimálning**
BYKO innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 10 ltr.




**4.390**
~~6.247~~

Vnr. 89000182
**Loftamálning**
10 ltr.
SADOLIN loftamálning, gljástig 3, hvítt, 10 ltr.



**8.990**
~~11.490~~

BOSCH
Vnr. 74864030
**Skrúfvél**
BOSCH PSR 300 rafhlöðuskrúfvél, 10,8V lithium rafhlaða.



**5.990**
~~8.990~~

Vnr. 41100145
**Matarstell**
Matarstell hvítt með skrautmynstri, 6 manna, 39 stk.

**www.byko.is**
verslaðu á netinu

www.byko.is
frí heimsending ef verslað er fyrir 10.000 krónur eða meira í vefverslun BYKO
gildir aðeins í mars



GALZONE
DENMARK
Vnr. 43820458
**Kökudiskur**
HAROLD kökudiskur á 3 hæðum, ferkantað, 22, 19, 15,5 cm, 37 cm á hæð.

**1.990**
~~3.199~~




**4.990**
~~5.995~~

BOSCH
Vnr. 65742004
**Matvinnsluvél**
BOSCH matvinnsluvél.

**2.790** kr./m²
~~3.590~~

Vnr. 19600065
**Flísar**
NG TRAVERTINO TV01 gólf og veggflísar, 30x30 cm, beige.

**1.290** kr./m²
~~1.990~~

Vnr. 16600710
**Veggflísar**
IDEA Rugiada Grigio, 20x25 cm.

HEIMA ÞJÓNUSTA BYKO – Léttir þér lífið!

**Verðdæmi: 100 m² af parketi:**
Plastparket, parketlögn, listar og undirlag 357.900 kr.*

*Miðast við að gólfið sé tilbúið til lagningar. Gildir á höfuðborgarsvæðinu.

**990** kr./m²
~~1.290~~

Vnr. 0113555/57/59/63/65/67
**Parket**
Plastparket rakaþolið, eik, beyki, mahony, hlinur, kirsuber eða hnota, 8,3x195x1210 mm.




9.990

15.350

SKIL

Vnr. 74095899

**Hjólsög & stingsög**

SKIL hjólsög, 1200W og stingsög, 380W.




# BYKO BLAÐIÐ

*er komið út!*

*BYKO blaðið er komið út. Stútfullt af frábærum tilboðum fyrir heimilið. Komdu í sýningarsal BYKO Breidd og fáðu heildarlausn fyrir eldhúsið þitt.*

RYKSUGUGILDRA FYLGIR!

# LÆGRA VERÐ

*í verslunum BYKO*




FRÁBÆRT VERÐ!

5.990

Vnr. 88016500

**Ryksuga**

KASSEL ryksuga 2000W. Stillanlegur kraftur og stór hjól. Sýnir hvað mikið er í ryksugpokanum. HEBA filter.



4.990

7.390

Vnr. 41383235

**Hitafat**

Framreiðslufat 30 cm. Glæsilegt fat með loki og undirhita, tilvalið fyrir heita rétti á hlaðborðið.

HEIMA ÞJÓNUSTA BYKO – Léttir þér lífið!

**Verðdæmi: 100 m² af parketi: Plastparket, parketlögn, listar og undirlag 485.900 kr.***

*Miðast við að gólfið sé tilbúið til lagningar. Gildir á höfðuborgarsvæðinu.

2.250 kr./m²

2.550

Vnr. 0113719

**Parket**

NORDIC WOOD eik CD 15x189x2200 mm.

PARKETT VITO clic

Vnr. 0113709

**Parket**

VITO smelluparket, hlynur 14x204x2280 mm.

4.990 kr./m²

SMELLUPARKET

NÝTT, AUSTURRÍSKT HÁGÆÐA-PARKET Á FRÁBÆRU VERÐI!

EIK - BEYKI - ASKUR - HLYNUR - DOUSSIÉ

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

# Hljóðfæri hugans

**Glæsilegt orðfæri**

Takið eftir fjölbreytilegu orðavali og haglegri notkun myndmáls í þessari tilvitnun:

„Óttinn býr sér til kylfur og barefli, ranglæti fer í smiðju og brýnir eggjar, vond samviska herðir stál í eldi hugleysisins. En hið góða, sem við er barist, stendur ekki eitt sér eins og tré eða runni, heldur berst það með vindinum líkt og frækorn, og því verður ekki markað beð eða spillda, og það leggur ekki aðeins undir sig frjómoldina, heldur einnig þá sem í órækt er fallin, því að frækornið er síungt og eilíft, - það er þróunin, lífið.“

**Kristján Bender: Hinn fordæmdi**

**Bæ**

Undarlegt má það heita að vilja heldur kveðja fólk á ensku en íslensku. Þegar ég er kvaddur með orðskrípinu **bæ**, sem er auðvitað algerlega merkingarlaust, þá spyr ég stundum af hverju ég sé kvaddur á ensku. Það bregst varla að því er fremur illa tekið. Og einn sagði að ég ætti nú helst heima á Árbæjarsafni. Það má reyndar vel vera. Heldur vil ég eiga heima þar heldur en í einhverju bandarísku úthverfi, að minnsta kosti á meðan ég er á Íslandi. Af hverju er betra að segja **bæ** en **bless**? Vita menn hvað þetta **bæ** er? Það er reyndar úr ensku **bye** sem er stytting úr **good-bye** sem er aftur stytting á **God be with you**. **God** breyttist í **good** fyrir áhrif frá **good day** og **good night**. Það er auðvitað hlýlegt að segja **Guð veri með þér**, en **bæ** er ekkert nema vitleysa upp á íslensku. Þá er fallegra að biðja mönnum **blessunar** eða **sælu** upp á gamla móðinn. Vertu sæll / sæl. Vertu blessaður / blessuð. Má ekki lengur segja það? Er það púkalegt?

**Ég var ekki að sjá þig –**

sagði afgreiðslustúlka í bókabúð við viðskiptavin og minnir á nýja áráttu, ættaða úr ensku að sjálfsögðu. Þetta er því miður orðið ærið algengt. Á venjulegu máli er einfaldlega sagt: Ég sá þig ekki. Ekki er langt síðan ég heyrði mann segja: Hann er ekki að skilja þetta, í stað: Hann skilur þetta ekki. Nú höfum við að vísu svona orðfæri, eins og t.d.: Ég er að lesa. Ég er að bíða. Það er um að ræða athöfn sem tekur einhvern tíma. Samt segjum við ekki: Ég var að sofa. Við segjum: Ég svaf eða: Ég var sofandi. Ég nefni þetta (ekki: ég er að nefna þetta), því rétt er að vara sig á þessu orðbragði, ef menn vilja vanda málfar sitt.

**Fargjaldið kostar...**

heyrum við líka oft sagt, og er náttúrlega hrein endaleysa. Hvernig getur **gjald kostað**? Gjald merkir borgun, greiðsla og getur kannski „kostað“ óánægju og jafnvel tár - og er þá í yfirfærðri merkingu. En fargjald getur ekki kostað fjárútlát í sjálfu sér, heldur er það farið sem kostar sitt gjald. Þetta ætti nú að vera sæmilega skýrt.

**Braghenda**

Eftirfarandi braghenda varð til austur í Morsárdal:

*Stendur Bæjarstaðaskógur styrkum fótum*
*og dansar út að dalamótum*
*við drunur undan jökulrótum.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

## HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR TALAR FRÁ TEHERAN

# Sveitasæla í Íran

Ég er stödd núna í Norður-Íran í litlum bæ sem heitir Ghaemshar við Kaspíahafið. Hann er svo lítill að ég finn hann ekki á landakorti og Lonely Planet bókin mín hefur ekkert um hann að segja. Næsta þorp er Sari sem Lonely Planet upplýsir að rúmlega 200.000 manns búi í. Sem sagt algjört krummaskuð og sveit. En fólksfjöldinn nær samt hátt í íslenska fólksfjöldann, það er alltaf fyndið.

Ég er hér með Khenar vinkonu minni, fátækri og saklausri sveitastúlku sem býr núna í Teheran. Hún var æst í að sýna mér sveitina sína þannig að í gærmorgun var mér skellt upp í rútu og ekið af stað. Rútuferðir á þessum slóðum hafa alltaf sinn sjarma. Frábært útsýni og fjallasýn í gegnum Alborz-fjöllin, fimm tíma hoss og írönsk tónlist blöstuð alla leiðina, mjög hresst.

Við gistum hjá systur Khenar og fjölskyldu. Þau eiga átta ára stelpu sem talar stanslaust við mig á persnesku og er alveg sama þótt ég skilji ekki orð, og átján mánaða strák sem heimtar að ég haldi á honum og dansi öllum stundum. Það er eiginlega sama á hvaða heimili maður kemur það líður aldrei langur tími áður en tónlistin er blöstuð og stofan breytist í dansgólf. Írönsk tónlist er mjög hress og íranskur dans er vægast sagt mjög hress.

Fjölskyldan sem ég bý hjá er fátækt sveitafólk. Húsið sem hún býr í er í hálfgerði útilegu stemningu. Ég hef það á tilfinningunni að ef ég myndi halla mér hressilega upp að einum veggnum þá myndi húsið detta á hliðina. En fjölskyldan brosir bara breiðar í staðinn og afsakar fátæktina. Klósettið er útikamar við hliðina á hænsnakofanum þannig að hænan gaggar í eyrað á mér á meðan ég pissa. Vaskurinn er fyrir utan þannig að í gær burstaði ég tennurnar undir berum himni undir fullu tungli.

Í kringum húsið er garður þar sem húsmóðirin ræktar ýmsar matjurtir. Hún bregður sér til dæmis út í garð með skál og kemur með hana fulla af appelsínum og eplum til baka. Í Íran er appelsínuát nánast trúarbrögð. Appelsínur vaxa á trjánum út um allt og það er skylda að borða appelsínu eftir hverja máltíð. Appelsínurnar hérna eru reyndar ekki eðlilega góðar.



HANNA BJÖRK Í ÍRAN.

Það sama á eiginlega við um allan mat í Íran, hér ríkir mikil matarmenning. Í sveitinni, sem er eins og að skreppa aftur í tímann, sér húsmóðirin um að alltaf sé matur á borðum og maður hefur varla undan við að borða. Í hádeginu loka allar verslanir og skrifstofur í þrjá tíma og fjölskyldan kemur heim og borðar saman.

Í dag fór ég á markaðinn í þessu litla þorpi. Markaðir í þessum heimshluta eru alltaf mjög líflegir og troðnir af fólki, sölumönnum sem gala og góla og keppast hver við annan, mjög mikið að gerast. Stærsti hlutinn hérna var matar- og grænmetismarkaður. Allt var ótrúlega ferskt og fallegt, beint af ökrunum. Í gær fékk ég til dæmis heimagerða jógúrt beint úr beljunni.



LÍTILL STRÁKUR SVEIFLAR KEÐJU SEM TÁKNAR ÞJÁNINGU MÚSLIMA.

Andstæðurnar í þessu landi eru svo miklar og ég er að kynnast öllum skalanum. Núna er ég úti í sveit með þessu fátæka, góða fólki en fyrir þremur dögum var ég í brjáluðu partíi með skuggalega ríku liði í Teheran. Ekki bara „jet set Teheran“ heldur „jet set Middle-East“. Þarna var fólk frá Sádi-Arabíu, Dubaí og Teheran sem talar um peninga sem ég skil ekki einu sinni. Olíupeningar og bissness. Einkaflugvélar, partí, geðveikar íbúðir, einkabílstjórar, verslunarferðir og allt í boði. Ekkert skiptir máli. Þetta fólk lifir mjög hratt og mjög hratt, og einkennir Mið-Austurlönd jafn mikið og fátæka sveitafólkið. Öfgarnar eru svo miklar.

Þetta viðskiptalið er mjög alþjóðlegt og heimurinn er leikvöllur þess. Þess vegna er ekki skrítið að Dubaí hafi orðið svona mikil miðstöð viðskipta, þar sem Vesturlandabúar geta komið og stundað viðskipti við þessa miðausturlensku vini mína. Þessi hlið af Mið-Austurlöndum er mjög sterk og stundum minnir Teheran á New York, þó að í rauninni sé ekki hægt að líkja lífinu hér við aðra staði í heiminum.

Á markaðnum í dag fann ég aftur fyrir því hvað þetta sveitafólk er fátækt. Margir vildu ekki að ég tæki myndir af þeim vegna þess að þeir skammast sín fyrir fátæktina. Einu kaupin sem ég gerði var nýr trefill til að hylja hárið sem kostaði 30.000 rials sem eru um þrír dollarar. Strákurinn kom hlaupandi á eftir mér til að láta mig fá 10.000 rials til baka og brosti svo fallega. Hann vildi endilega selja mér trefilinn ódýrara. Hann er líklega bláfátækur og ég þarf ekkert á þessum dollara að halda en það voru ekki peningarnir sem skiptu máli heldur hugsunin. Og svo brosti hann hringinn.

## LAUGARDAGS KROSSGÁTAN










54 MP & BH

TALA · NÆSTUM · KLUKKA · ELDSNEYTI · BORÐAÐI · BLAÐ · LÍK · POTA · OFAN Á BRAUÐ · Á FÆTI · STAGL · MÁLMUR · TVEIR EINS · KÆRLEIKS · NÚMER · TIGNA · SÉR EFTIR · STARA · FRÁ · UMGERÐ · STOÐGRIND · HLUTI VERKS · HJÓLGJÖRÐ · FJÖLDI · LAUST BIT · HOSSA · GATA · ÞJÁLFA · UPP-HRÓPUN · ÁRSGAMALL · FÁTÆKRA-HVERFI · VONDUR · FRÚ · RÍKI Í ARABÍU · HAFA LEYFI · HIMNA · BLÓÐSUGA · FORFAÐIR · SPRÆNA · EKKI LÆS · SJÚK-DÓMUR Í ÖNDUNAR-FÆRUM · TAL · ÆXLUNAR-KORN · FJÁRHIRÐIR · FLJÓT-FÆRNI · AUMINGI · FLUGFÉLAG · BIRTA · KVENFLÍKA · GABBA · FUGL · TRÉ · FLATFÓTUR · SKYLDIR · HRÓPA · KRINGUM · MÁLMHÚÐA · TIL-FINNINGA-SEMI · HLAND · FLJÓTA Í VATNS-BORÐINU · MATAR-SAM-TÍNINGUR · TEGUND AF FER-HYRNINGI · ER · 950 · LÍÐA VEL · FLÝTIR · HÓPUR · ÓNEFNDUR · SKVETTA · SAMAN-BURÐAR-TENGING · RUNNI · ÁSAMT · TAUG · TEMJA

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

# TIL HAMINGJU NEYTENDUR

## MEÐ LÆKKUN VIRÐISAUKASKATTS Í 7%



~~2.199~~
1.890
7% VSK
Ólöf Arnalds
Við og við



~~2.199~~
1.890
7% VSK
Gus Gus
Forever




~~2.599~~
2.209
7% VSK
Kaiser chiefs
YOURS TRULY, ANGRY MOB
(cd+dvd



1.490
7% VSK
Ýmsir
Abbababb




~~1.499~~
1.290
7% VSK
Ýmsir
Karíus og Baktus



~~2.199~~
1.890
7% VSK
Norah Jones
Not too late




2.299
Skógarstríð
DVD




2.299
The Departed
DVD




2.299
The Queen
DVD

S·K·Í·F·A·N

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI

9.-11. mars
Brúðkaups-sýningin Já
Í Blómavali Skútuvogi

Þau fyrirtæki sem hafa áhuga á að sýna vörur sínar eða þjónstu á Brúðkaupssýningunni Já, eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við Elínu Maríu, **elin@blomaval.is eða** í síma 660 1979

blómaval
heillandi heimur

# STUÐ MILLI STRÍÐA Um uppruna hnakkavæðingar og aðdáun úr fjarska

**MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR** HEFUR ALLTAF STAÐIÐ MEÐ JOHN TRAVOLTA



Ég var ekki mjög gömul þegar ég varð fyrst „ástfangin“ af John Travolta. Að sjá hann á marglitu dansgólfi, í hvítum jakkafötum, stútfullan af sjálfsöryggi og þokka... vá! Hvílíkur maður. Mest af lýðnum bar hann og hér varð ekki aftur snúið.

Árin liðu og áfram þótti mér Travolta með kynþokkafyllstu mönnum jarðar. Jafnvel þegar hann lék í Look Who's Talking, Look Who's Talking Too og Look Who's Talking Now... og öllum öðrum fannst hann ömurlegur, þá stóð ég við mitt og fannst hann alltaf sætur.

Svo birtist hann í Pulp Fiction og skyndilega voru allir farnir að tala um hvað Travolta væri töff en ég dró augað í pung og smellti í góm eins og sú sem ein veit.

Áhrif Travolta á samtímann eru að mínu mati töluvert meiri en fólk áttar sig almennt á. Ég hef til að mynda þá kenningu að hann hafi verið fyrsti „hnakkinn“ sem sögur fara af. Eftir að Saturday Night Fever kom út greip um sig heljarinnar diskóæði sem teygði sig að sjálfsögðu hingað til Íslands og úr varð stétt sem kallaðist „diskófrík“. Diskófrík þessi þróuðust svo smátt og smátt yfir í súkkulaðitöffara, ljósagæja, tjokkóa og nú síðast hnakka.

Ég tel að hnakkinn svokallaði eigi ættir sínar að rekja til laugardagsfársins, en þar kemur okkur fyrir sjónir ungur maður sem veit ekkert skemmtilegra en að fara út að djamma. Svarthærður og vel vaxinn eins og tjokkó ber að vera, með skartgripi og í þröngum fötum... það þarf ekki mikla skerpu til að sjá að þessi atriði hafa haldið sér óbreytt frá 1977.

Drottinn (þó Travolta trúi tæplega á hann) blessaði líka þennan ágæta leikara með ægifagurri röddu og brosi sem gæti brætt jökla og járn. Ég held að mér eigi alltaf eftir að finnast hann sjarmatröll. Við getum orðið gömul saman, ég og Travolta, og ávallt verð ég þarna á hliðarlínunni... með fulla trú á honum á meðan hann veit ekki einu sinni að ég er til. Ég held að það sé líka bara einfaldast þannig.







## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 20
# milljónir í fyrsta vinning

# Jaaahúú! Nú er hann fjórfaldur!

**Taktu Lottó í áskrift á lotto.is eða náðu þér í lottómiða á næsta sölustað.**

Lottó

**!** **Kl. 17.00**

*Kammerhópurinn Nordic Affect heldur tónleika í Bókasal Þjóðmenningarhússins. Tónleikarnir bera yfirskriftina „Girni og viður“ en hópurinn leikur tónlist frá barokktímabilinu.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Litið til veðurs í ASÍ



**LESIÐ Í LANDSLAGIÐ** Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður.

Myndlistarkonan Guðrún Kristjánsdóttir opnar sýningu í Ásmundarsal og Gryfju Listasafns ASÍ í dag. Sýningin ber yfirskriftina „Veðurfar“ en listamaðurinn hefur hefur um árabil fágað og dýpkað nálgun og sýn á landslagsmyndina, bæði í málverkum sínum og með úrvinnslu í aðra miðla. Kannski má enn líta á málverkin sem ítarlegustu úrvinnsluna þar sem fletirnir spila við olíulit og striga en Guðrún vinnur jöfnum höndum í þrykk, myndbönd og flytur verkið beint á vegg eða rúðu, með málningu eða útskorinni fólíu.

Á sýningunni beitir Guðrún öllum þessum aðferðum til að teikna fram umlykjandi mynd, eins konar umhverfi, þar sem áhorfandanum er sökkt inn í veröld veðurskrifaðra forma og hugleiðinga um umhleypingar, birtu og skuggaspil. Áhorfandinn er kallaður inn í veðraheim sem er mjög heimilislegur og hversdagslegur Íslendingum. Um leið opnast heimur sem er fjarstæðukenndur þegar hið alltumlykjandi munstur er komið inn á gafl.

Guðrún les í landslagið eftir veðurfarinu og fylgist með því hvernig munstur umhleypinga, svo sem snjómunstur í leysingum og skaflar í hlíðum sækja á hugann eins og skrift í bók sem við ekki skiljum. Sú skrift verður ekki lesin eins og bók en krefst þó eins konar læsis sem er meira í ætt við lestur á blindraletri, í samþættingu upplifunar og afstrakt hugsunar.

Sýningin stendur til 25. mars.

## > Ekki missa af...

tónleikum í **Kassanum** í Þjóðleikhúsinu kl. 17 í dag en þar leika **Sigurður Flosason, Ómar Guðjónsson** og **Agnar Már Magnússon** ásamt Kára Árnasyni lög af geisladiskinum **Úr skel**. Diskurinn er gefinn út til styrktar **Árna Ibsen**, leikskáldi og rithöfundi, og rennur allur ágóði af tónleikunum og sölu disksins til umönnunarsjóðs hans.





**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS** Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari leikur einleik með sveitinni á morgun.

# Sameinaðir kraftar

Tónlistarskólinn á Akureyri heldur dag tónlistarskólanna hátíðlegan og efnir til mikillar músíkveislu ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands um helgina.

Ketilhúsið ómar af músík í allan dag en þar munu nemendur á öllum stigum koma fram og leika fjölbreytta tónlist á ýmis hljóðfæri. Fyrstu tónleikarnir hefjast kl. 11 og síðan á klukkustundarfresti fram eftir degi. Lokatónleikar dagsins kl. 17 eru helgaðir minningu Þorgerðar S. Eiríksdóttur sem var píanónemandi við skólann en lést af slysförum í London þar sem hún stundaði framhaldsnám. Á tónleikunum koma fram nemendur í framhaldsdeild skólans. Ókeypis er á alla tónleikana í Ketilhúsinu en tekið á móti frjálsum framlögum í Þorgerðarsjóð.

Veislan heldur áfram á morgun en þá leika nemendur skólans ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í Akureyrarkirkju kl. 16 og leika strengjasveitir þeirra saman. Á efnisskránni er tónlist eftir Hafliða Hallgrímsson, Hróðmar Inga Sigurbjörnsson, Otto Respighi, Albinoni, Mascagni, Britten og Vivaldi. Stjórnandi á tónleikunum er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Einleikari á fiðlu er Lára Sóley Jóhannsdóttir en hún leikur einleik í Vetrinum eftir Vivaldi. Lára Sóley hóf fiðlunám sitt við Tónlistarskóla Húsavíkur en fór þaðan í Tónlistarskólann á Akureyri og síðar í framhaldsnám til Englands. Hún lauk prófi frá The Royal Welsh College of Music and Drama sumarið 2006. Við útskrift hlaut Lára „The Peter Esswood Price“ fyrir góðan námsárangur. Hún starfar nú sem fiðlukennari við Tónlistarskólann á Akureyri.

# Bera saman bækur

Tilkynnt verður um verðlaunahafa bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs næstkomandi mánudag. Verðlaunin eru veitt árlega fyrir fagurbókmenntir sem skrifaðar eru á einu af norrænu tungumálunum. Til greina koma skáldsögur, leikrit, ljóða-, smásagna- eða ritgerðasöfn og önnur bókmenntaverk.

Markmið verðlaunaveitingarinnar er að auka áhuga Norðurlandabúa á bókmenntum og tungumáli nágrannalandanna og á sameiginlegri menningararfleifð Norðurlanda en verðlaunaupphæðin nemur 350 þúsundum danskra króna.

Skáldsögurnar Rokland eftir Hallgrím Helgason og Sumarljós og svo kemur nóttin eftir Jón Kalman Stefánsson eru tilnefndar til verðlaunanna fyrir Íslands hönd í ár.

Í fyrra hlaut sænski rithöfundurinn Göran Sonnevi verðlaunin en árið á undan hlaut Sjón verðlaunin fyrir bók sína Skugga-Baldur. Aðrir íslenskir höfundar sem hlotið hafa þennan heiður eru Einar Már Guðmundsson, Fríða Á. Sigurðardóttir, Thor Vilhjálmsson, Snorri Hjartarson og Ólafur Jóhann Sigurðsson.

Á morgun verður haldið málþing um norrænar samtímabókmenntir í Þjóðarbókhlöðunni þar sem meðlimir dómnefndar verðlaunanna munu fjalla um helstu strauma í norrænum bókmenntum um þessar mundir. Soffía Auður Birgisdóttir, formaður dómnefndar, setur málþingið en þátttakendur koma víða að frá Norðurlöndunum og hafa sérþekkingu á bókmenntum heimalands síns. Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur mun ræða um íslenskar bókmenntir. Að erindunum loknum mun Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson fundarstjóri vera með samantekt.

Samkomuhaldið er forvitnilegt, ekki síst í ljósi þess að það er samfara dómnefndarstörfum – þessa helgi verða nefndarmenn að komast að niðurstöðu um hver fær verðlaunin. Íslenskir höfundar hafa lýst því að tilnefningin ein og sér í fyrsta skipti sé því líkust að fá högg í magann. Heldur er ólíklegt að þeir Hallgrímur og Jón fái verðlaunin í ár. Hefur reglan virst vera sú að þau gangi milli þjóðanna. En allt er einu sinni fyrst.

Dagskráin í Þjóðarbókhlöðunni hefst kl. 14 á morgun. Framsögur eru á norrænum tungumálum, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.




# Í minningu Hallgríms

Sýning á verkum Einars Jónssonar myndhöggvara verður opnuð í forkirkju Hallgrímskirkju í dag. Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, opnar sýninguna kl. 17 en hún er unnin í samvinnu Listvinafélags Hallgrímskirkju og Hallgrímssafnaðar við Listasafn Einars Jónssonar sem lánar verkin.



**EINAR JÓNSSON MYNDHÖGGVARI**

Á sýningunni eru þrjú gifsverk, Mold frá 1904-1908, Natura Mater frá 1906 og Minnismerki Hallgríms Péturssonar frá 1914-1922, sem öll eru hugsuð sem minnismerki látinna og viðfangsefni þeirra mót lífs og dauða, hringrás lífsins og sigur andans yfir efninu. Stærst verkanna er Minnismerki Hallgríms Péturssonar sem Einar hóf að gera þegar þrjú hundruð ár voru liðin frá fæðingu séra Hallgríms og er verkið hylling til sálmaskáldsins. Er þar sérstaklega vísað til Passíusálmanna með myndum af hinum fjórtán stöðvum á píslargöngu Krists og eru ljósmyndir af þeirri myndröð á sýningunni. Minning séra Hallgríms mun hafa verið Einari sérlega hugleikin og í safni hans er líkan að Hallgrímskirkju sem myndir eru af á sýningunni. Sýningin stendur til loka maímánaðar og er opin á sama tíma og kirkjan.

Við opnun sýningarinnar syngur Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar.

www.ellingsen.is

Nýjasta nýtt í fellihýsum



Meðal fjölda nýjunga má nefna hin frábæru Fleetwood Evolution-fellihýsi. Þau eru eins og sniðin að íslenskum fjallvegum, með flutningspalli fyrir fjórhjól, torfæruhjól eða önnur útivistarleikföng.



Opið laugardag 10–16
sunnudag 12–16



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Himinn og haf / SÍA - 9070241


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
KASTARADAGAR
2995-
1995-
995-
2495-
1495-
2995-
995-
3995-
2995-
3995-
1995-
2995-
1995-
3495-
995-
LITIR: STÁL, HVÍTT, ANTIK OG GYLLT
3995-
2995-
1995-
3995-
2995-
3995-
2995-
995-
1995-
2495-
2495-
1495-
995-
2995-
1995-
3995-
995-
2995-
1595-
895-
995-
995-
1995-
495-
1995-
3995-
2995-
4995-
1495-
4995-
1995-
2995-
1595-
1995-
995-
1695-
995-
1595-
1995-
995-
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sunnudagur 4.mars kl:17 Uppselt
Sunnudagur 11.mars kl:17 örfá sæti laus
Sunnudagur 18.mars kl:17
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frumsýning fim. 21. mars kl. 20
2. sýn. sun. 27. mars kl. 20
3. sýn. fim. 29. mars kl. 20
Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
GLITNIR
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun 4/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 11/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00, sun. 22/4 kl. 14:00. **Sýningum lýkur í apríl!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar í kvöld lau. 3/3 **uppselt, þri. 6/3 nokkur sæti laus.** Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus,** 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Mán. 12/3 uppselt, þri. 13/3 uppselt.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
**Þri. 6/3 kl. 17:00 örfá sæti laus, Sun. 11/3 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**

Kúlan

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Í dag lau. 3/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**, sun. 4/3 kl. 13:30 **uppselt** og kl. 15:00 **uppselt**, lau. 10/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 11/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus,** lau. 17/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **nokkur sæti laus**.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Fös 9/3 kl. 20 Síðasta sýning

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 10/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20

MEIN KAMPF
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 4/3 kl. 20 Sun 11/3 kl. 22
Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20, í kvöld kl. 22:30, Fim 8/3 kl. 21,
Lau 10/3 kl. 14, Fim 15/3 kl. 20, Fös 16/3 kl. 21,
Lau 24/3 kl. 20, Lau 24/3 kl. 22:30
Uppselt á allar þessar sýningar!
Lau 31/3 kl. 14 AUKAS. Mið 4/4 kl. 20 AUKAS.
Sun 15/4 kl. 14 AUKAS. Mán 16/4 kl. 21 AUKAS.
Fim 19/4 kl. 14 AUKAS. Fim 19/4 kl. 17 AUKAS.
Fim 19/4 kl. 21 AUKAS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Mán 5/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Þri 6/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Mið 7/3 kl. 20 FORSÝNING UPPS.
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Sun 4/3 kl. 20 UPPS.
Fim 8/3 kl. 20 UPPS. Fös 9/3 kl. 20 UPPS.
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20
Lau 24/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 4/3 kl. 14 Sun 11/3 kl. 14
Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14
Síðustu sýningar

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Fim 8/3 kl. 20
Fös 9/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 4/3 kl. 13,14, 15, Sun 11/3 kl.13, 14, 15,
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Sun 4/3 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Sun 11/3 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Bjórblautur hasar

Fléttan í leikritinu Killer Joe er kunnugleg saga um örvæntingarfullar tilraunir undirmálsfólks sem reynir að komast í álnir. Sagan hefur verið sögð grilljón sinnum áður, en á sviðinu í Borgarleikhúsinu lifnar hún við í dæmalaust skemmtilegri sýningu.

Þetta er grimm tilvera þar sem þeir sem mega sín lítils troða á þeim sem mega sín ennþá minna og réttlæta græðgina í nafni væntumþykju og ástar. Persónurnar eru litríkar og leikhópurinn nýtir sér það vel, þetta er óborganleg fjölskylda sem undir lok verksins situr þrúguð, barin og kúguð við eldhúsborðið og borðar sinn KFC. Þetta er dálítið blóðug sýning enda hverfist verkið um morð og agalegar afleiðingar þess að svíkja sína nánustu en aðstæðurnar eru yfirgengilega fyndnar. Maður spyr sig hvers vegna þetta verk er sett upp núna, rúmum tíu árum frá frumsýningu þess í Bandaríkjunum, en svarið hlýtur að felast í þeirri staðreynd að ófarir annarra eru eilíft aðhlátursefni og í leikritinu felst fremur góðlátleg árás á líf hjólhýsapakks sem nú er móðins að gantast með.

Leikhópurinn glansar í þessu ótótlega umhverfi hvíta hyskisins. Þröstur Leó leikur fjölskylduföðurinn Ansel, dugminni luðra hefur sjaldan sést og uppskar leikarinn heilmikinn hlátur en einnig meðaumkun. Börnin hans Dottie (Unnur Ösp) og Chris (Þorvaldur Davíð) eru engin afbragðseintök heldur, hvað þá kvendið Sharla sem Maríanna Clara túlkar frábærlega. Björn Thors er einnig frábær í titilhlutverki leigumorðingjans og lögreglumannsins Joe sem er svo trylltur en samt næstum barnalegri en hin vanþroskaða Dottie. Samleikur Björns og Unnar er aðallímið í sýningunni og það heldur allan tímann. Tímasetningar þeirra eru afar vel hugsaðar, bæði í gríni og dramatík. Samband Dottie og bróðurins er ekki jafn vel heppnað en persóna Chris er að mínu mati veikasti hlekkurinn í sýningunni því frammistaða Þorvaldar var að mínu mati alls ekki jafn sterk og hinna leikaranna.

Orðfærið fannst mér líka full fágað hjá þessu aumingjans fólki, persónurnar bölvuðu dálítið en voru annars næstum of vel máli farnar. Ekki veit ég hvort svo hafi verið á frummálinu einnig. Tónlist Péturs Ben er virkilega góð og viðeigandi, mátulega svöl og rykug fyrir andrúmsloft sýningarinnar. Leikmynd Vytautas Narbutas er vel heppnuð að vanda. Reyndar vinnur Litla sviðið gegn innilokuninni sem vísast plagar persónurnar en umhverfið er hugvitsamlegt - yfirgengilega hlaðið af drasli og vísunum. Búningar Filippíu Elísdóttur eru síðan kirsuberið á þessum ofhlaðna ís, alveg stórskemmtilega óviðeigandi klæðnaðurinn var afbragð, sér í lagi múnderingar Joe. Á hinn bóginn fannst mér lýsingin sem notuð var milli senanna afar óþægileg lausn á algengum vanda.

Stefán Baldursson leikstjóri valdi í áherslum sínum kunnáttusamlega blöndu af háði og meðaumkun og það er gott jafnvægi í þessari sýningu, sem að mínu mati er vel heppnuð afþreying fyrir fólk sem lætur sér ekki bregða við smá ofbeldi og bjórblautan hasar.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**LEIKLIST**

**Killer Joe eftir Tracy Letts**

**Skámáni** sýnir í Borgarleikhúsinu
**Leikstjórn og þýðing:** Stefán Baldursson/ **Leikarar:** Björn Thors, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Þröstur Leó Gunnarsson.

★★★★

Fyrirtaks afþreying með hárréttri blöndu af gríni og spennu.


KRINGLU KRÁIN
Hljómsveitin Roff Tops í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

28 1 2 **3** 4 5 6

**Laugardagur**

### LEIKLIST

☐ 20.30 **Gleðileikhúsið** sýnir verkið **Ismerica: Take the tour with Paris and Tyra**. Mæting er við **Kramhúsið** í Bergstaðastræti.

### OPNANIR

☐ 14.00 Myndlistarmaðurinn **Snorri Ásmundsson** opnar sýningu í **Populus Tremula** í **Listagilinu** á **Akureyri**. Á sýningunni gefur að líta verk af ýmsum toga, til dæmis vatnslitamyndir, teikningar og málverk. Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga milli kl. 14 og 16.

☐ 16.00 Listamennirnir **Andrea Maack, Unnur Mjöll S. Leifsdóttir** og **Serge Comte** opna sýningu í gallerí **Suðsuðvestur**, Hafnargötu 22, **Keflavík**. Sýningin verður opin á föstudögum milli kl. 16 og 18 og um helgar milli kl. 14. og 17.30. Sýningin stendur til 25. mars.

☐ 17.00 Ljósmyndarinn **Spessi** sýnir í **DaLí** gallery á **Akureyri**. Á sýningunni eru myndir af vistarverum en yfirskrift hennar, samnefnd nýlegri bók listamannsins, er **Locations**. Sýningin stendur til 22. mars og er opin á föstudögum milli 14 og 18.

### FUNDIR

☐ 11.30 Félagsfundur **Parísar**, félags þeirra sem eru einar/einir, er á **Kringlukránni**.

☐ 14.00 Aðalfundur **Félags eldri borgara** í **Kópavogi** verður haldin í **Gullsmára 13**. Á fundinum verður kosinn nýr formaður og hluti stjórnar auk venjulegra aðalfundarstarfa.

### SAMKOMUR

☐ 15.00 Móttaka í **Hátíðarsal Háskóla Íslands** í tilefni af opnun **Cervantes-stofu** á **Íslandi**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Halaleikhópurinn
sýnir nýtt íslenskt leikrit
BATNANDI MAÐUR
eftir Ármann Guðmundsson
í leikstjórn höfundar
3. mars kl. 20.30
11. mars kl. 17.00
16. mars kl. 20.30
17. mars kl. 20.30
sími 552-9188
midi@halaleikhopurinn.is
www.halaleikhopurinn.is
Hátún 12 að norðanverðu

**Hvers vegna er einmitt nú brýn þörf á þingframboði eldri borgara og öryrkja?**

Baráttusamtök eldri borgara (55+) og öryrkja boða til almenns framboðsfundar sunnudaginn 4. mars 2007 kl. 14:00 að Grand Hótel við Sigtún í Reykjavík.

**Fundarefni:** Sameiginlegt framboð eldri borgara og öryrkja í þingkosningunum 12. maí 2007 í samvinnu við fulltrúa frá Átakshópi öryrkja.

**Dagskrá:**
1. Formaður Baráttusamtakanna, Arndís H. Björnsdóttir, ávarpar fundargesti og flytur stutt erindi um stöðu eldri borgara í "velferðarsamfélaginu".
2. Erindi um stöðu aldraðra í bótakerfinu: Einar Guðmundsson
3. Aðild að lífeyrissjóðunum. Kristján S. Guðmundsson.
4. Gerð verður grein fyrir drögum að verkefnaskrá framboðsins.
5. Lögð verður fram tillaga að 3 einstaklingum í undirbúningsnefnd framboðsins.
6. Tillaga um samþykkt sameiginlegs framboðs eldri borgara og öryrkja í samvinnu við fulltrúa úr átakshópi öryrkja.

Baráttusamtökin leggja áherslu á að sem flestir mæti. Alflest okkar eldast og aldrei hefur verið meiri nauðsyn en nú að sjá til þess að okkur verði tryggt gott og áhyggjulaust ævikvöld. Standið vörð um ævikvöld ykkar og mætið sem flest - ungir sem aldnir.

**Baráttusamtökin.**



TILBOÐ
320GB HARÐDISKUR
SPECIAL EDITION
Special Edition harðdiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður
VERÐ 6.890
Öll verð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
MSI 8800GTS OC
3DMark 2006
MSI 8800GTS 320 OC 9534
Önnur 8800GTS 320 8591
Það nýjasta frá MSI, yfirklukkað GeForce8 NX8800GTS skjákort með ofur hraðvirkt 320MB 1700MHz DDR3 vinnsluminni. Kemur með HDTV stuðning, TV-út og Dual DVI. Frábært PCI-Express 16x skjákort. Styður DirectX 10
VERÐ 32.900
22" ACER SKJÁR
acer
22" Acer AL2216WSd LCD breiðtjaldsskjár með 1680x1050 upplausn • 700:1 í skerpu • 5ms viðbragðstíma • VGA og DVI tengi • Aðeins 4.8kg • Svartur og silfurlitaður Flottur skjár fyrir leikina, vinnuna og heimilið
VERÐ 35.900
MSI 8800GTX
MSI GeForce8 8800GTX PCI-E 16X skjákort 768MB 1800MHz DDR3 vinnsluminni HDTV, TV-út, Dual DVI. Styður DirectX 10
VERÐ 64.900
19" ACER SKJÁR
19" Acer AL1916C LCD skjár • 1280x1024 700:1 í skerpu • 5ms viðbragðstími VGA tengi • aðeins 5.6kg • silfurlitur
VERÐ 21.900
20" ACER SKJÁR
20" Acer AL2016W LCD breiðtjaldsskjár 1680x1050 • 500:1 í skerpu, 8ms viðbragðstími • VGA tengi • silfurlitur
VERÐ 24.900
19" ACER SKJÁR
19" Acer 1951CS Gamers Edition Slimline LCD skjár CrystalBrite • 1280x1024 700:1 í skerpu • 4ms • VGA og DVI tengi
VERÐ 29.900
Fortron 400W ATX2.0 aflgjafi með 12cm viftu
VERÐ 4.990
Corsair HX 520W aflgjafi með 12cm viftu
VERÐ 11.900
420W Colors It 8034 turnkassi, svartur
VERÐ 4.990
Coolermaster Mystique 631, silfur ál turnkassi
VERÐ 11.900
1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill
VERÐ 1.990
4GB Corsair USB lykill, Vatns- og höggþolinn
VERÐ 5.590
8GB Corsair USB lykill, Vatns- og höggþolinn
VERÐ 12.900
16GB Corsair USB lykill, Vatns- og höggþolinn
VERÐ 17.900
TÖLVULISTINN
Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735

## > Við mælum með...

... Benetint frá Benefit. Frábær eðlilegur roði á kinnar og varir. Fæst á www.benefitcosmetics.com




**útlit**

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN: KRISTRÚN HAFÞÓRSDÓTTIR TÍSKUSPEKÚLANT

# *Diskóáratugurinn í uppáhaldi*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, já, en samt svona hæfilega mikið, hef til dæmis rosa gaman af því að skoða fallegar flíkur og kíkja í tískublöðin.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?/hvernig myndu vinir þínir gera það?** Hann er afslappaður en um leið útpældur.

**Uppáhaldsfatahönnuður/fatamerki:** Chanel, Balenciaga, Louboutin, Vivienne Westwood, Helicopter o.fl.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Ég er ekki vön að eltast við stíl annarra en Chloe Sevigny stendur alltaf fyrir sínu.

**Litirnir þínir:** Grænn, svartur, hvítur, fjólublár... eru ekki allir litir fallegir?

**Hverju ertu veikust fyrir?** Fallegum varaglossum, kjólum og hælaskóm

**Hvað er heitast hjá þér í augnablikinu?** Rauð sólgleraugu, fallegar prjónaflíkur og Tsubi-gallabuxur.

**Bannað:** Að vera ekki samkvæmur sjálfum sér og klæða sig ekki eftir eigin sannfæringu.

**Uppáhaldsverslun:** Urban Outfitters, Liborius, All Saints og Intermix.

**Hvaða áratugur finnst þér hafa haft flottustu tísku allra tímabila?** Diskótímabilið með öllu sínu glitri og glamúr.

**Þrjár uppáhaldsflíkur/Af hverju eru þær í uppáhaldi?** Indjánastígvélin mín, Mélodie Wolf-kjóllinn og leðurjakkinn minn, einfaldlega því að þetta eru flíkur sem mér líður alltaf vel í.

**Hvað þyrfti að hreinsa út úr fataskápnum fyrir vorið?** Allar þykku ullarpeysurnar og prjónakjólana.

**Hvert færir þú í verslunarferð með fullt af peningum og þú fengir að ferðast í tímavél?** Þarf enga tímavél, en ég myndi líklega skella mér aftur til New York, það er algjört æði að versla þar!





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Elsa María Blöndal**

# *Að vera eða ekki vera ... á rauða dreglinum*

Óskarsverðlaunahátíðin hefur á síðustu árum breyst í eina stærstu og áhrifamestu tískusýningu í heimi. Kjólarnir eru að verða mun eftirminnilegri en hinar bestu kvikmyndir sem vinna til verðlaunanna. Þeir eru ekki endilega mjög margir sem muna hver vann óskarsverðlaunin sem besta leikkonan eða fyrir bestu myndina fyrir fimm árum. En hver man ekki eftir einstökm tískumómentum á rauða dreglinum? Svanakjóllinn hennar Bjarkar (hann var víst flottur!), GAP stuttermabolurinn sem Sharon Stone klæddist eftir að hafa tætt af sér augabrúnirnar í stresskasti yfir að „eiga ekkert til að vera í" og sló algerlega í gegn, eða hinn gullfallegi vintage Valentino-síðkjóll sem prýddi Juliu Roberts og heillaði hún alla upp úr skónum á rauða dreglinum það ár. Samkvæmt tískuspekúlöntum ytra var óskarstískan fín í ár. Engir ofsa skandalar og fremur elegant andi sveif yfir vötnum. Ég viðurkenni fúslega að síðkjólarnir á óskarnum vekja ekki mikinn áhuga hjá mér sem tískuáhugamanneskju. Þó er vissulega alltaf forvitnilegt að sjá hverjar þyrftu verulega að fara að athuga sín mál hvað smekk varðar og hverjar breytast í sannkallaðar drottningar þegar þær tipla á tánum yfir dregilinn góða. Sumar kunna að bera fallega hönnun á einstaklega yfirvegaðan og fallegan hátt líkt og kjóllinn hafi valið þær, en ekki öfugt. Mikilvægi óskarskjólanna verður líklega seint ofmetið hjá tískuhönnuðunum en mistök eru heldur ekki fyrirgefin auðveldlega. Það mun alltaf hafa ótrúleg áhrif þegar stórstjarna gengur inn dregilinn rauða í áhrifamiklum kjól.



# Sumarkápur og sumar kápur

Ekki geta allar kápur orðið sumarkápur. Það verður að segjast að brúnin á manni lyftist um þó nokkra sentimetra þegar hugsað er til bjartari daga með vorblæ í lofti og ilms af nýútsprungnu laufi. Og hún lyftist jafnvel enn frekar þegar hugað er að öllum fallegu sumarfötunum sem í boði eru. Ó, hve fallegt er ekki úrvalið á sumarkápunum í ár! 60s-blærinn svífur enn yfir vötnum, þó ekki endilega á mjög afgerandi hátt, einnig glittir í sjóliðastíl með beltum um mittið en umfram allt er um að gera að hafa þær nógu klassískar.

Hér eru nokkur afskaplega góð dæmi. Og svo er bara að draga fram sippubandið ... - emb



**SVARTIR SAUMAR** Hvít kápa með svörtum saumum og tölum frá Companys, Kringlunni.



**SKÆR, VÆN OG GRÆN** Hér er undurfögur kápa frá Vivienne Westwood frá haustlínunni 2007.





**DIMMBLÁ OG DÁSAMLEG** Falleg kápa með ljósum doppum og sixtís-sniði og kraga. Frá Whistles, Kringlunni.



**SJÓLIÐASTÍLL** Blá-hvít-rauð köflótt og létt kápa frá Whistles, Kringlunni.



**SUMARLEG** Smart svart/hvít blómamunstruð sumarleg kápa frá Next, Kringlunni

Sérstakt tilboð á fermingarmyndatöku býðst þeim sem versla E-wear kjóla eða jakkaföt í TOPSHOP I TOPMAN



## TÍSKUFYRIRMYND: VIVIENNE WESTWOOD - PÖNKDROTTNINGIN

Vivienne Westwood er sannarlega það sem má kalla tískugoðsögn. Hún er að stærstum hluta ábyrg fyrir því sem við þekkjum sem pönktísku. Hún byrjaði að hanna föt ásamt þáverandi manni sínum Malcolm McLaren (umboðsmanni hinna goðsagnakenndu Sex Pistols) á sjöunda áratugnum en saman ráku þau búðina SEX/Seditionaries á King's Road í London. Í hönnun sinni notuðu þau þau BDSM bindingabúnað, öryggisnælur, hjólakeðjur og gaddaólar. En Westwood gekk enn lengra og blandaði einnig hefðbundnari efnum saman við, m.a. köflóttum skoskum ullardúkum (sem gjarnan eru notaðir við gerð skotapilsa) og sjokkeraði það almenning jafnvel enn meira. Vivienne Westwood gerði byltingu innan tískuheimsins og áhrifa hennar gætir sannarlega enn þann dag í dag. Með fyrstu sýningu sinni, Sjóræningjasýningunni (the Pirate Collection) árið 1981 sýndi hún og sannaði að hún var meira en stjórnlaus pönkari. Þar nýtti hún ekki aðeins áhrif unglinga og götumenningar heldur einnig tæknilega og hefðbundna kunnáttu sína. „Gull og fjársjóðir, ævintýri og landfundir“ voru einkunnarorð þessarar sýningar og eiga vel við Westwood sem tískuhönnuð. Hún hefur ávallt nýtt sér söguleg áhrif afskaplega mikið, sýningar hennar hafa borið nöfn á borð við Witches, Pagan og Time Machine. Hún er líka talin ábyrg fyrir að hafa komið korselettum aftur inn í tískuheiminn. Búðin hennar er enn til staðar á King's Road en ber nú nafnið World's End og þar selur hún hina víðfrægu Anglomania-línu sína. Einnig kenndi hún tískuhönnun í Berlín og Vínarborg í mörg ár en hefur nú látið af kennslustörfum og býr og starfar með kærastanum sínum Andreasi í Lundúnum. - emb



**TÍSKUMÓGULL** Vivienne Westwood innleiddi pönk í tískuna.



**SEXÝ** Kjóll úr sumarlínu Vivienne Westwood 2007.



**SEXY OG TÖFF** Frá vor- og sumarlínu Vivienne Westwood 2007 í París. Fleginn síðkjóll og pönkaralegir skór og taska.



**APPELSÍNUGULIR SAUMAR** Svört kápa með fallegum saum á kraga og belti og tölum í stíl. Þarna glittir í stílhreinan sjóliðastílinn.










fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Ósköp venjuleg stelpa

Brasilíska ofurfyrirsætan Gisele Bundchen segist vera ósköp venjuleg stelpa sem hafi gaman af íþróttum og að eyða tíma með vinkonum sínum og kærasta, ruðningshetjunni Tom Brady.

„Ég dýrka íþróttir. Ég hef haft mikinn áhuga á þeim síðan ég var lítil stelpa,“ sagði Gisele í viðtali við Vanity Fair. „Ef maður spáir í það þá er eini munurinn á mér og öðru fólki sá að ég ferðast miklu meira.“

Gisele segist hafa áhuga á að eignast börn í framtíðinni en kærastinn Brady á von á barni með fyrrverandi kærustu sinni, leikkonunni Bridget Moynahan. „Foreldrar mínir hafa verið giftir í 35 ár og eiga sex börn. Ég er samt bara 26 ára, þannig að ég hef nógan tíma.“ Gisele ætlar að einbeita sér að vinnunni á næstunni enda er nóg að gera. „Ég hef yndi af að dansa en þegar ég er að vinna fer ég aldrei í partí eða á næturklúbba.“

Hún segist enn hafa samband við fyrrverandi kærasta sinn Leonardo DiCaprio. „Við hittumst ennþá af og til og mér þykir mjög vænt um fjölskylduna hans. Eftir svona langt samband er eðlilegt að verða náinn fjölskyldu viðkomandi.“


**GISELE BUNDCHEN** Brasilíska fyrirsætan segist vera ósköp venjuleg stelpa.





**INCUBUS** Vinsældir sveitarinnar hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár og hún er meðal þeirra vinsælustu í dag.

# Sköpuna urinn vir

**Bandaríska stórsveitin Incubus heldur risatónleika í Laugardalshöllinni í kvöld. Steinþór Helgi Arnsteinsson bjallaði í gítarleikarann hárprúða Mike Einzeiger og ræddi við hann um nu-metalinn, af hverju hann fílar ekki hiphop og fleira.**

Incubus á langa og farsæla sögu að baki þrátt fyrir að hafa upplifað tímana tvenna. Sveitin var stofnuð af Mike, Brandon Boyd og Jose Pasillas þegar þeir félagar voru aðeins fimmtán ára gamlir en þeir eru allir enn í fullu fjöri með sveitinni. Nýjasta plata hljómsveitarinnar, Light Grenades (þeirra sjötta í röðinni), fór rakleiðis í fyrsta sæti Billboard-listans í lok síðasta árs og sveitin lauk nýverið við tónleikaferð um Bandaríkin og Kanada en miðar á hana seldust upp á einum degi.

Mike var staddur á heimili sínu í Malibu og hvíldi lúin bein fyrir næsta verkefni eftir fyrrnefnda tónleikaferð þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Næsta verkefni er einmitt Ísland sem Mike hlakkar, venju samkvæmt, mikið til. „Ég hef heyrt að þar séu mjög fallegir jöklar, eldfjöll og konur... og já, karlmenn líka. Ég hef líka heyrt að það sé mjög virkt lista- og tónlistarlíf í landinu, mikið að gerast og virðist spennandi,“ útskýrir Mike galvaskur.

Þegar sveitin var að stíga sín fyrstu spor á stjörnuhimni bandarísku rokksenunnar var sveitin iðulega flokkuð með nu-metal sveitum á borð við Korn, Deftones og jafnvel Limp Bizkit. Mike er reyndar ekkert sérstaklega ósáttur við flokkunina enda segir hann að þetta hafi verið það vinsælasta á sínum tíma og að allir tónlistarblaðamenn hafi verið sólgnir í stefnuna. „Núna, hins vegar, láta margar af þessum sveitum og blaðamönnum eins og þetta hafi aldrei átt sér stað, eins og þeim hafi aldrei líkað við þessa tónlist á þeim tíma.“

Þegar Mike er spurður hvort honum hafi fundist hinar nu-metal sveitirnar beinlínist vondar er hann ekki alveg tilbúinn að samþykkja það skilyrðislaust en bendir samt á þá staðreynd að flestar þeirra séu nú hættar og þá væntanlega af ástæðu. „Ég held að okkar tónlist hafi ekki átt svo mikið sameiginlegt með þessum sveitum, því annars hefðum við ekki náð að lifa svona lengi. Mér er samt illa við að segja vonda hluti um aðrar hljómsveitir. Ég lít



# rkraft-kjaður



**MIKE EINZEIGER** Hiphop er ekki hluti af orðaforða hans.

samt ekki upp til þessarar tegundar tónlistar. Ég er til dæmis heldur ekkert hrifinn af hiphop tónlist.“

Aðspurður hvað honum líki hins vegar við nefnir Mike meðal annars fönk og soul, sem eru einmitt forverar hiphops. Á Mike kannski sameiginlegt með hiphoppi að koma frá sömu rótunum? Hann samþykkir það reyndar en segir að þrátt fyrir það sé hiphop einfaldlega ekki hluti af hans tónlistarlega orðaforða.

Eftir örlítið meira þras um nu-metalinn, hiphop og fönk er röðin komin að nýju plötunni, Light Grenades. Nafnið segir Mike að sé meira tilvitnun í sprengingu hugmynda og sköpunargleði heldur en andstríðsáróður, sem þó megi túlka á einhvern hátt í nafninu og á plötunni. En hver eru næstu skref Incubus? „Ég veit ekki alveg, við erum kannski ekki byrjaðir að þróa með okkur hugmyndir um næstu plötu. Við erum eingöngu nýbyrjaðir að fylgja nýju plötunni eftir. Það þarf miklu orku til þess að búa til plötu og ég þarf að geta einbeitt mér almennilega að henni. Þessa stundina erum við einfaldlega að einbeita okkur að næstu verkefnum,“ segir Mike. Að því búnu er honum sleppt við frekari spurningar enda betra að hafa manninn vel úthvíldan og einbeittan fyrir tónleikana í kvöld en húsið verður opnað klukkan 20.00 og sjá Mínus-menn um upphitunina. Þegar þetta er skrifað eru enn til örfáir miðar á tónleikana en óseldir miðar verða fáanlegir eftir hádegi í dag í Laugardalshöll.

# Listasýning Lynch

Listasýning með verkum eftir leikstjórann David Lynch hefur verið opnuð í Cartier-stofnuninni í París. Sýningin nefnist The Air Is On Fire og þar gefur að líta erótískar ljósmyndir frá nítjándu öld, málverk af limlestum líkömum og ýmislegt fleira óvenjulegt.

Þrátt fyrir að sýningarstjórinn segi verk Lynch vera frekar brengluð segist Lynch sjálfur vera hamingjusamur maður. „Margar af þessum hugmyndum hafa ekkert með gáfur að gera,“ sagði Lynch. „Þetta er meira hugsað sem frumleg svaðilför.“

Mörg verkanna ná aftur til háskólaára Lynch, er hann stundaði listnám í Boston. Á meðal þekktustu kvikmynda hans eru Blue Velvet, Eraserhead, Mulholland Drive og Wild at Heart auk þess sem sjónvarpsþættir hans Twin Peaks nutu töluverðra vinsælda.

Listsýningin stendur til 27. maí næstkomandi.



**DAVID LYNCH** Leikstjórinn þekkti hefur opnað listasýningu í París.

# Icky Thump kemur út

Rokkdúettinn The White Stripes gefur út sína sjöttu plötu, Icky Thump, síðar á þessu ári. Þetta verður fyrsta plata sveitarinnar síðan Get Behind Me Satan kom út fyrir tveimur árum.

„Við erum að gera okkar besta til að platan komi út eins fljótt og hægt er,“ sögðu þau Jack og Meg White á heimasíðu sinni. Kemur platan út undir merkjum Warner Bros. sem The White Stripes samdi við eftir að V2-plötufyrirtækið lagði upp laupana.

Á meðal laga á nýju plötunni verða I´m Slowly Turning Into You, Catch Hell Blues, Little Cream Soda og You Don´t Know What Love Is (You Just Do What You´re Told).



**THE WHITE STRIPES** Rokkdúettinn gefur út plötuna Icky Thump síðar á þessu ári.


FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Málefnaráðstefna Frjálslynda flokksins

**Mannúðleg markaðshyggja**
**Einstaklinginn í öndvegi**

Grand Hótel Reykjavík: Laugardaginn 3. mars n.k. kl. 10.



Dagskrá: Laugardagur 3. mars 2007 • Ráðstefnustjóri: Tryggvi Agnarsson

10.00 - 10.10 Ráðstefnan sett: Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.
10.10 - 10.25 Skattar og velferð: Stefán Ólafsson, prófessor.
10.25 - 10.35 Fyrirspurnir.
10.35 - 10.50 Landnýting og landvernd: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, arkitekt.
10.50 - 11.00 Fyrirspurnir.
11.00 - 11.10 Kaffihlé
11.10 - 11.30 Ísland á tímum alþjóðavæðingar: Þorvaldur Gylfason, prófessor.
11.30 - 11.40 Fyrirspurnir.
11.40 - 12.00 Okur og almenningur: Guðmundur Ólafsson, prófessor.
12.00 - 12.10 Fyrirspurnir.
12.10 - 13.00 Matur.
Kl. 13.00 Skipting í starfshópa:
a. Mannúðleg markaðshyggja:
Velferðarmál, aldraðir, öryrkjar, skattamál, uppbygging atvinnurekstrar.
b. Landnýting í sátt við landvernd / samgöngumál.
c. Burt með gjafakvótann og gjafir á þjóðareign.
d. Okur og almenningur / gengi og gjaldmiðill.
e. Utanríkismál og innflytjendur.

Kl.13.00-15.00 Starfshópar starfa.
Kl.15.00 Umræður / ráðstefnuslit.
Kl.17.00 Móttaka.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

www.xf.is











# Vilja barn frá Víetnam

Leikkonan Angelina Jolie og kærasti hennar Brad Pitt ætla að ættleiða barn frá Víetnam. Búið er að leggja inn beiðnina um ættleiðinguna úti í Víetnam og eiga þau nú eftir af fá samþykki yfirvalda.

Jolie og Pitt eiga fyrir þrjú börn, hinn fimm ára Maddox sem var ættleiddur frá Kambódíu, hina tveggja ára Zahara sem var ættleidd frá Eþíópíu og loks dótturina Shiloh sem þau eignuðust saman í maí síðastliðnum.



**JOLIE OG PITT** Leikaraparið vill ættleiða barn frá Víetnam.










Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| PARIS, JE T'AIME | kl. 3:30 - 5:45-8-10:20 | | LETTERS FR.. | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 |
| MON PETIT DOIGT | kl. 3:45 - 5:45 | | PERFUME | kl. 3 - 5 | B.i. 12 |
| LE PETIT LIEUTENANT | kl. 8 | | DREAMGIRLS | kl. 8 | Leyfð |
| LOULOU | kl. 10:15 | | FORELDRAR | kl. 3 | Leyfð |
| BREAKING AND... | kl. 10:40 | B.i. 12 | BABEL | kl. 10:40 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 1:30 - 3:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | ALPHA DOG | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 |
| MUSIC & LYRICS VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| SMOKIN' ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | THE BRIDGE... | kl. 1:30 -3:40-5:50 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl. 8 - 10:20 | B.i.12 | VEFURINN... m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |
| | | | SKOLAÐ Í... m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 9 - 10:20 - 11 | LEYFÐ | DIGITAL |
| BLOOG DIAMOND | kl. 8 - 10:40 | B.i. 16 | DIGITAL |
| THE BRIDGE... | kl. 1:30 - 4 - 6:10 | LEYFÐ | |
| VEFURINN... m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | LEYFÐ | DIGITAL |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 1:50 | LEYFÐ | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| BRIDGE TO TERAB... | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| VEFURINN... m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| GHOST RIDER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| VEFURINN HENNAR... m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |

www.SAMbio.is ( 575 8900 www.SAMbio.is


# *Frjótt ímyndunarafl Simone*

Émilie Simon heldur tónleika í Háskólabíó annað kvöld í tengslum við frönsku menningarhátíðina Fransk vor á Íslandi. Émilie nýtur mikilla vinsælda í Frakklandi.

Barnslegt ímyndunarafl söngkonunnar frá Suður-Frakklandi nýttist vel við gerð tónlistar fyrir kvikmyndina ísköldu Ferðalag mörgæsanna. Þótti hún eiga stóran þátt í velgengni þeirrar myndar en kvikmyndin hlaut Óskarsverðlaunin sem besta heimildarmyndin fyrir tæpum tveimur árum. Þegar frumraun Émilie kom út árið 2003 var hún þegar í stað borin saman við prinsessu rafpoppsins, Björk Guðmundsdóttur. Einnig hefur henni verið líkt við söngkonuna Kate Bush og binda Frakkar miklar vonir við söngkonuna um að hún verði eitt af stóru nöfnunum í tónlistarheiminum.

Á síðustu plötu sinni, Végétal, lætur hún enn ljós sitt skína ásamt því að fjöldi reyndra tónlistarmanna er henni innan handar á plötunni, meðal annarra Simon Edwards, sem hefur m.a. leikið á bassa með Talk Talk, Beth Gibbons og Alain Bashung.

Tónleikarnir í Háskólabíói byrja klukkan 20.00 og teljast þeir einn af stóru viðburðum hátíðarinnar. Miðaverð er 2.900 krónur.



**ÉMILIE SIMON** Simon heldur tónleika í Háskólabíói annað kvöld í tengslum við frönsku menningarhátíðina Franskt vor á Íslandi.

# Muse valin best á NME

Rokksveitin Muse var valin besta breska sveitin á NME-tónlistarverðlaununum sem voru afhent á dögunum. The Arctic Monkeys hlaut tvenn verðlaun, þar á meðal fyrir bestu plötuna, Whatever People Say I Am, That´s What I´m Not.

Bandaríska rokksveitin My Chemical Romance var kjörin besta erlenda sveitin. Bestu nýliðarnir voru valdir The Klaxons, sem spiluðu á síðustu Iceland Airwaves-hátíð hér á landi. Kasabian var valin besta tónleikasveitin.

The Killers fékk verðlaun fyrir besta tónlistarmyndbandið og The View fyrir bestu smáskífuna.



**MUSE** Rokksveitin Muse var valin besta breska sveitin á NME-tónlistarverðlaununum.




## > Generalprufan fyrir bikarúrslitin

Generalprufan fyrir bikarúrslitaleik karla í handbolta fer fram í Ásgarði í Garðabæ í dag þegar Stjarnan tekur á móti Fram í DHL-deild karla. Liðin mætast á sama tíma eftir viku í sjálfum bikarúrslitaleiknum í Laugardalshöllinni. Bæði ollu þau vonbrigðum fyrir jól en hafa verið að ná sér á strik í síðustu leikjum, Stjarnan hefur unnið sex deildarleiki í röð og Framliðið er búið að skora 118 mörk í síðustu þremur leikjum sínum í deild og bikar.



spor

sport@frettabla

ÞÓRA B. HELGADÓTTIR: LEIKUR SINN FYRSTA LEIK MEÐ LEUVEN Í BELGÍU Í DAG

# *Bestu liðin heima væru best í Belgíu*

Landsliðsmarkvörðurinn Þóra B. Helgadóttir leikur í dag sinn fyrsta leik með belgíska úrvalsdeildarliðinu Oud-Heverlee Leuven þegar það heimsækir lið KFC Lentezon Beerse.

„Leuven er með ágætislið," sagði Þóra við Fréttablaðið en liðið er sem stendur í sjötta sæti deildarinnar. „Það hefur reyndar gengið frekar illa upp á síðkastið en liðið var í þriðja sæti fyrr á tímabilinu."

Aðeins fjögur stig er í liðið í þriðja sætið og því mikil barátta um það sæti. KFC Rapide Wezemaal er í efsta sæti deildarinnar með fullt hús stiga eftir sautján leiki en Anderlecht er í öðru sæti, sex stigum á eftir.

Beerse, andstæðingar Leuven í dag, eru í ellefta sæti deildarinnar. Alls eru fjórtán lið í deildinni og hófst keppnin í september og lýkur um miðjan maímánuð.

Hún segir getumuninn á belgísku úrvalsdeildinni og þeirri íslensku ekki vera það mikinn. „Ég held að bestu liðin heima væru best hér í Belgíu. Á móti kemur þó að breiddin er meiri hér."

Hún segir að sér hafi verið afar vel tekið af leikmönnum liðsins. „Það kom mér reyndar á óvart að ég fékk strax að spila. Ég hef aðeins verið hér í tvær vikur og leikið einn leik með varaliðinu."

Þóra er í vinnu í Brussel þar sem hún býr, en Leuven er í aðeins 20 kílómetra fjarlægð. Hún segir að það sé óvíst hvenær hún komi heim á nýjan leik.

„Það er alveg óráðið. Ég mun ekki spila heima í sumar en held auðvitað áfram með landsliðinu," sagði hún en hún fer með liðinu í æfingabúðir í Algarve nú á mánudaginn.

„Þetta hefur verið skemmtileg reynsla. Ég er alltaf að koma mér betur fyrir og hlakka til að spila í dag."

Þóra er samningsbundin Breiðabliki en var lánuð til belgíska liðsins nú í haust þegar ljóst var að hún myndi flytja þangað vegna vinnu sinnar.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Iceland Expresss deild karla*

| KR-HAMAR/SELFOSS | 75-52 |
|---|---|

**Stig KR:** Jeremiah Sola 18 (8 fráköst), Fannar Ólafsson 14 (9 frák.), Edmund Azemi 14, Tyson Patterson 9 (7 stolnir, 6 stoðs.), Darri Hilmarsson 7, Brynjar Björnsson 4, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 4 (3 varin), Steinar Kaldal 3, Eyþór Magnússon 2.
**Stig Hamars/Selfoss:** George Byrd 21 (14 fráköst, 3 varin), Marvin Valdimarsson 10, Bojan Bojovic 6, Svavar Páll Pálsson 5, Friðrik Hreinsson 3, Lárus Jónsson 3, Tryggvi Úlfsson 2, Bragi Bjarnason 2.

| HAUKAR-ÍR | 95-97 |
|---|---|

Staða Hauka er mjög slæm. Þeir þurfa nú að vinna bæði Njarðvík og Hamar/Selfoss og treysta á að hvorki Þór Þorlákshöfn né Fjölnir fái fleiri stig því annars er Hafnarfjarðarliðið fallið í 1. deild eftir 24 ára samfella veru í úrvalsdeildinni.

### *Handboltalandslið kvenna*

| ÍSLAND-TÉKKLAND | 30-25 |
|---|---|

**Mörk Íslands:** Hrafnhildur Skúladóttir 10, Drífa Skúladóttir 4, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 4, Rakel Dögg Bragadóttir 3, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Auður Jónsdóttir 1 og Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1.

# Auðvelt og afgerandi hjá KR-ingum

**KR sigraði loks Hamar/Selfoss í DHL-höllinni í gær eftir að hafa tapaði tvívegis fyrir liðinu fyrr í vetur. KR vann 23 stiga sigur, Hamar/Selfoss skoraði aðeins 52 stig og tapaði sínum fjórða leik í röð.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar unnu mjög auðveldan 23 stiga sigur á Hamar/Selfoss í DHL-Höllinni í gær, liðinu sem hafði unnið þá tvívegis í vetur, þar á meðal slegið þá út úr bikarnum. Nú átti KR-liðið hinsvegar öll svör við sóknarleik Hamars/Selfoss sem skoraði aðeins 52 stig nýtti aðeins 35% skota sinna og tapaði 27 boltum.

„Það var eins og það væri eitthvað andleysi yfir Hamarsliðinu og að þeir tryðu því aldrei að þær gætu unnið þennan leik," sagði Fannar Ólafsson, fyrirliði KR.

„Við ætlum að klára okkar leiki og vonast til þess að Skallagrímur tapi á móti Snæfelli svo að við náum 2. sætinu. Við erum annars að slípa hlutina hjá okkur og ætlum að toppa í úrslitakeppninni," segir Fannar sem var ánægður með svæðispressuna sem riðlaði algjörlega sóknarleik HS og átti mikinn þátt í öllum töpuðu boltunum og lélegu skotunum sem liðið tók í gær.

Það var ekki að sjá á þessum leik hvernig HS vann KR tvívegis fyrr í vetur. „Skytturnar þeirra fengu engan frið og við fórum einmitt með það inn í þennan leik að gefa þeim ekkert því Friðrik og Hallgrímur hafa verið að klára okkur í síðustu leikjum," segir Fannar um lykilbreytinguna á milli leikja en HS-liðið klikkaði á 12 af 13 þriggja stiga skotum sínum og þeir Hallgrímur Brynjólfsson og Friðrik Hreinsson skoruðu til samans aðeins 3 stig en höfðu skoraði 54 stig í hinum tveimur leikjunum

Hamar/Selfoss er nú búið að tapa fjórum leikjum í röð og 7 af síðustu 8 og það er ekki hægt að segja að liðið sé að koma á góðu róli inn í úrslitakeppnina ef liðið kemst þangað því framundan eru leikir við lið sem berjast fyrir lífi sínu. **- óój**



**ERFITT** George Byrd fékk ekki mikla hjálp frá félögum sínum í Hamar/Selfoss gegn KR í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STÆRSTA HUNDASÝNING SEM HALDIN HEFUR VERIÐ Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI
760 HUNDAR AF 75 TEGUNDUM VERÐA SÝNDIR!






HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
félag allra hundaeigenda - stofnað 1969

Alþjóðleg hundasýning Hundaræktarfélags Íslands
3.- 4. mars í reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Danmörku, Írlandi, Finnlandi og Slóveníu

Sýningin hefst kl. 9 á laugardag og kl. 8.30 á sunnudag.
Áætluð dagskrárlok um kl. 17 báða dagana

Meðal viðburða:

- Tælega 50 börn og unglingar keppa um titilinn besti ungi sýnandinn
- Ungviði og hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Kynning á starfi Unglinga- og Íþróttadeildar HRFÍ
- Viðamikil starfsemi félagsins kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningarbásar - ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree
Fyrir hundinn þinn



Agria Dýravernd

FCI

Sjá dagskrá sýningar á www.hrfi.is
Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fullorðna
Börn yngri en 12 í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 300 kr.



**FÉLAGAR** Þeir félagar Bellamy og Riise féllust í faðma eftir Barca-leikinn.

Craig Bellamy:

## Missti stjórn á skapi mínu

**FÓTBOLTI** Skapofsamaðurinn Craig Bellamy hefur í fyrsta skipti tjáð sig um það sem gekk á milli hans og John Arne Riise en Bellamy var sagður hafa lamið Riise í fæturna með golfkylfu eftir gott kvöld í Portúgal.

„Ég missti stjórn á skapi mínu í nokkrar sekúndur. John hefur tekið þessu ótrúlega vel. Við æfðum saman strax um morguninn og þá var allt í góðu,“ sagði Bellamy sem var sektaður um 80 þúsund pund fyrir athæfið.

„Þetta byrjaði allt í karókí. Ég söng eitt lag og það var „Red, Red Wine“ því Jerzy Dudek var að drekka rauðvín. Þannig var ruglstemningin. Ég reyndi að fá Riise upp til að syngja en hann vildi það ekki og var ósáttur við að ég setti pressu á hann og lét mig vita af því. Það voru allir orðnir rólegir þegar við fórum upp á hótel en þá missti ég stjórn á mér í nokkrar sekúndur. Ég fór inn til Johns og sagði honum að haga sér ekki aftur svona fyrir framan félagana. Það var allt og sumt. Ég vildi bara tala við hann í einrúmi,“ sagði Bellamy. **- hbg**

Stig dregin af West Ham?

## Yrði dauðadómur fyrir félagið

**FÓTBOLTI** Ensk knattspyrnuyfirvöld rannsaka nú hvort ólöglega hafi verið staðið að skráningu Argentínumannanna Carlos Tevez og Javier Mascherano þegar þeir gengu til liðs við West Ham í haust. Fyrirtækið MSI sá um félagaskiptin en þeir eiga samningsrétt leikmannanna. West Ham er nú grunað um að hafa ekki afhent öll gögn er þetta varðar og er það brot á lögum enska knattspyrnusambandsins.

Svo gæti farið að stig yrðu dregin af West Ham vegna þessa en það yrði nær örugglega til þess að liðið félli úr ensku úrvalsdeildinni. Liðið er nú níu stigum á eftir liðinu í 17. sæti deildarinnar. **- esá**



**GUÐJÓN** Hér í leik með U-21 landsliði Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðjón Baldvinsson:

## Til La Manga með Álasundi

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson mun fara með Álasundi í vikuæfingaferð til La Manga á Spáni í næstu viku. Hann hefur verið að æfa með liðinu undanfarna daga og átti góða innkomu í tapleik liðsins gegn Djurgården í fyrrakvöld.

„Guðjón átti jákvæða innkomu. Hann gæti orðið góð viðbót við okkar lið,“ sagði Per Joar Hansen, þjálfari Álasunds, eftir leikinn.

Haraldur Freyr Guðmundsson er á mála hjá félaginu. **- esá**

Keflvíkingar hafa gengið í gegnum alls konar mótlæti í körfuboltanum í vetur:

# Nú meiðast menn í hverjum leik

**KÖRFUBOLTI** Það er eins og Keflvíkingar þurfi að ganga í gegnum allt hugsanlegt mótlæti í körfuboltanum í vetur og staða liðsins hefur vissulega borið keim af því.

Liðið hefur verið óheppið með erlenda leikmenn og skipt þrisvar um Kana og einu sinni um Evrópuleikmann. Fyrirliði liðsins, Magnús Þór Gunnarsson, lenti í því að missa allt sitt í bruna og nú til að bæta enn á hafa meiðsli hrannast upp í síðustu leikjum. Bakvörðurinn Arnar Freyr Jónsson meiddist illa í sigurleik á Hamar/Selfoss á sunnudaginn og á fimmtudagskvöldið missti liðið tvo lykilmenn, Bandaríkjamanninn Tony Harris og Jón Norðdal Hafsteinsson út af ,meidda í fyrri hálfleik.

„Það er hópferð hjá Keflavíkurliðinu upp á sjúkrahús,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkurliðsins, í léttum tón þegar Fréttablaðið forvitnaðist um meiðsli leikmanna liðsins.

„Ég held að þetta sé ekkert alvarlegt en það er leiðinlegt svona rétt fyrir úrslitakeppni að menn séu að detta í svona meiðsli,“ segir Sigurður sem lítur þó á jákvæðu hliðarnar.

„Við verðum bara að taka á þessu og vinna okkur í gegnum þetta. Það fengu að spreyta sig menn sem hafa lítið fengið að spila í vetur og það var það jákvæða við þetta því við eigum fullt af mönnum,“ sagði Sigurður en nafni hans Sigurðsson skoraði 15 stig á 13 mínútum og hinn 17 ára gamli Þröstur Leó Jóhannsson var með 10 stig, 4 stoðsendingar og 3 varin skot á sínum 16 mínútum. **- óój**



**BJARTSÝNN** Sigurður Ingimundarson bindur vonir við að þeir Jón Norðdal Hafsteinsson og Tony Harris verði klárir í leikinn á móti Grindavík á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

H:N markaðssamskipti / SÍA

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL
Níu lyklar mannauðsstjórnunar
- mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera
hefst 6. mars
Stjórnandinn - Ráðgjafinn
- í samstarfi við ParX viðskiptaráðgjöf
hefst 13. mars
Gerð viðskiptaáætlana
- í samstarfi við ParX viðskiptaráðgjöf
hefst 14. mars
Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 20. mars
Starfsþróun - leið til aukinnar samkeppnishæfni
hefst 21. mars
Florence Kennedy: Vinnustofa í samningatækni
hefst 26. mars

SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN
Starfsandi í ríkisstofnunum
hefst 6. mars

FÉLAGS- & HEILBRIGÐISSVIÐ
Cognitive-behavioural treatment of child anxiety (kennt á ensku)
haldið 15. mars
Viðtalstækni - meðferðarviðtalið
hefst 26. mars
Fíkniefni, verkun, einkenni og útlit
haldið 29. mars

MENNING, SJÁLFSRÆKT & TUNGUMÁL
Hagnýt danska - þjálfun í talmáli
hefst 6. mars
Spænska III
hefst 6. mars

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI
Rafmagnsþekking fyrir byggingarmenn
haldið 19. mars
Að ná tökum á þarfagreiningaferli hugbúnaðar
hefst 26. mars

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is



**TÖFFARI** Ryan Giggs er töffari og ávallt vinsæll hjá kvenfólkinu. Hann sést hér sautján ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Liverpool-Man. Utd:

## Blóðug barátta

**FÓTBOLTI** Það verður háð stríð á Anfield klukkan 12.45 í dag þegar hinir fornu fjendur Liverpool og Man. Utd mætast.

Liverpool hefur ekki tapað síðustu 30 heimaleikjum í deildinni og ekki fengið á sig mörk í síðustu 9 leikjum á Anfield. Leikur liðanna á Anfield í fyrra endaði með markalausu jafntefli. Sigri Liverpool verður það fimmtugasti sigur liðsins á United á móti 55 sigrum Rauða djöflanna. Dómari leiksins er Martin Atkinson - hbg



**EFTIRMINNILEGASTA MARKIÐ** Mark Giggs gegn Arsenal í bikarnum 14. apríl 1999 er hans eftirminnilegasta með United.

# Tímamót hjá goðsögninni Giggs

**Velski vængmaðurinn Ryan Giggs leikur sinn 700. leik með Manchester United í dag er liðið sækir Liverpool heim í ensku úrvalsdeildinni. Hann hefur verið í eldlínunni með United síðan 1991 og unnið allt sem hægt er að vinna með félagsliði. Einn mesti hæfileikamaðurinn í sögu United, segja sérfræðingar.**

**FÓTBOLTI** Það varð mikið fjölmiðlafár á Englandi þegar Ryan Giggs sló í gegn í upphafi tíunda áratugarins. Þá hafði annar eins hæfileikamaður ekki komið fram í enska boltanum í háa herrans tíð. Fjölmiðlar byrjuðu strax að líkja Giggs við United-goðsögnina George Best.

Minnugur örlaga Best sló Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, umsvifalaust skjaldborg utan um ungstirnið og meinaði honum í mörg ár að tala við fjölmiðlamenn. Sú aðferð Fergusons virkaði því Giggs hlaut engan skaða af þeirri gífurlegu fjölmiðlathygli sem hann hlaut og hefur alla tíð verið með báða fætur á jörðinni.

Hann hefur í raun aldrei gefið mikið af sér út á við. Þá sjaldan hann gefur viðtöl er hann frekar þurr á manninn og óspennandi og sú mynd sem fæst af honum í fjölmiðlum á víst lítið skylt við manninn sjálfan. Roy Keane lýsti Giggs sem alvöru karakter og hrikalega fyndnum í ævisögu sinni.

Sagt er að Giggs sé hrókur alls fagnaðar þegar United hefur unnið titla og þá stekkur þessi annars hlédrægi leikmaður upp á borð og rappar ef svo ber undir. Félagar hans segja að honum líki annars ekki við sviðsljósið og forðist það í raun eins og heitan eldinn. Þess vegna var Giggs mjög ánægður þegar stjarna Davids Beckham byrjaði að skína því Becks líkaði sviðsljósið og það dró athyglina frá Wales-verjanum.

Sir Alex Ferguson uppgötvaði Giggs mjög ungan að aldri og þegar Giggs var aðeins fimmtán ára gamall sagði hann fólki nákomnu sér að Giggs ætti eftir að verða stórstjarna. Hann væri sérstakur.

Giggs lék sinn fyrsta leik fyrir aðallið Manchester United aðeins sextán ára gamall og í dag verða leikirnir með liðinu komnir í 700, sem er magnað miðað við þá staðreynd að Giggs er aðeins 33 ára gamall.

Lykillinn að velgengni Giggs að margra mati er hversu vel honum hefur tekist að fóta sig utan vallar en ungur að aldri sletti hann úr klaufunum og sló sér upp með frægum fyrirsætum og sjónvarpskonum. Hann missti þó aldrei fótanna og hægði snemma á lífi sínu og lífsstíl. Giggs er samkvæmt félögum sínum maður sem vill fá að lifa sínu lífi í friði en er engu að síður léttur á æfingasvæðinu þar sem beittur og kaldhæðinn húmor hans nýtur sín til hins ítrasta.

Hæfileikar Giggs eru af náttúrunnar hendi og hann getur gert hluti við boltann sem ekki er öllum gefið. Hraði hans, jafnvægi og útsjónarsemi hafa skilað United mörgum stigum í gegnum tíðina.

Giggs er einnig mjög fjölhæfur leikmaður sem hefur margfaldað verðgildi sitt á síðustu árum með því að leysa stöðu framherja og miðjumanns með miklum sóma. Það hefur komið mörgum á óvart hversu fjölhæfur hann er í raun og veru.

Annað sem hefur ávallt einkennt Giggs er hungrið en það virðist engu skipta hversu marga titla hann hefur unnið, hann vill alltaf vinna til fleiri verðlauna.

Giggs er þegar orðinn goðsögn hjá Man. Utd og hans verður alla tíð minnst sem eins af bestu leikmönnum í sögu félagsins. Hann hefur unnið allt sem hægt er að vinna með Man. Utd og það eina sem hefur vantað er árangur með landsliði.

Hann gat valið á milli þess að spila fyrir England eða Wales. Hann byrjaði að leika með unglingaliðum Englands en ákvað síðan frekar óvænt að spila fyrir Wales, sem hefur aldrei náð árangri.

Það er ákveðin kaldhæðni í því að allan feril Giggs hefur enska landsliðið sárlega vantað vinstri kantmann og margir spyrja sig að því hvað enska landsliðið hefði gert hefði Giggs leikið fyrir það.

henry@frettabladid.is



**GOÐSÖGN** Ryan Giggs stígur í 700. skipti fram á stóra sviðið með Man. Utd í dag er liðið mætir Liverpool á Anfield. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

### RYAN GIGGS

| | |
|---|---|
| Fæddur: | 29. nóvember 1973. |
| Fyrsti leikur: Gegn Everton 2. mars 1991. | |
| Leikir: | 699 |
| Mörk: | 140 |
| Enskir meistaratitlar: | 8 |
| Enskir bikartitlar: | 4 |
| Meistaradeildartitill: | 1 |
| Deildarbikartitlar: | 2 |
| Heimsmeistarakeppni félagsliða: | 1 |
| Landsleikir fyrir Wales: | 54 |
| Mörk | 9 |


Lúxus á einstöku verði

Úrval lúxusbíla á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu núna í Bílaland B&L og gerðu frábær kaup!




BMW 530i
Nýskr: 09/2003, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár




LAND ROVER - RANGE ROVER
Nýskr: 09/2003






Síðasti dagur útsölu
Gott úrval af lúxusbílum á staðnum! Komdu strax í dag, höfum opið til kl. 16!




MercedesBenz
Nýskr: 05/2006, 2500cc
Sjálfskiptur, silfraður
Ekinn 6.000 þ.
Verð kr. 4.690.000
Tilboð kr. 3.750.000



VOLVO XC90 V8
Nýskr: 11/2005, 4400cc
Sjálfskiptur, hvítur
Ekinn 15.000 þ.
Verð kr. 6.190.000
Tilboð kr. 4.950.000



TOYOTA Land Cruiser V6
Nýskr: 01/2006, 4000cc
Sjálfskiptur, hvítur
Ekinn 19.000 þ.
Verð kr. 5.420.000
Tilboð kr. 4.650.000




LAND ROVER - RANGE ROVER
Nýskr: 07/2004, 3000cc dísel
Sjálfskiptur, ljósgrænn
Ekinn 45.000 þ.
Verð kr. 6.780.000
Tilboð kr. 5.850.000

bíla land B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.


Geggjuð tilboð
OPIÐ Í DAG 10-17 - FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
MARSTILBOÐ
8BLS BÆKLINGUR
TOLVUTEK
Verið velkomin
Geggjuð tilboð
FARTÖLVU UPPFÆRSLUR
TOLVUTEK
TOLVUTEK
GIGABYTE
WD
320GB
6.990
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Laugardag
10:00 - 17:00
Sunnudag
12-:00-17:00

## > Anne Hathaway

Þessi tuttugu og fjögurra ára gamla leikkona er fædd og uppalin í Brooklyn í New York. Hathaway, sem er skírð í höfuðið á eiginkonu Williams Shakespeare, komst á kortið með leik sínum í Disney-myndunum The Princess Diaries, Ella Enchanted, og The Princess Diaries 2: Royal Engagement, sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld. Hún sagði skilið við Disney-heiminn árið 2005, og lék til dæmis í hinni umdeildu Brokeback Mountain. Á síðasta ári sló hún síðan í gegn þegar hún lék á móti Meryl Streep í The Devil Wears Prada. Í nýjustu mynd Hathaway bregður hún sér hins vegar í líki enska rithöfundarins Jane Austen, en sú mynd er væntanleg í haust.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR VILL EKKI AÐ FÓLK HORFI Á HRYLLINGSMYNDIR

# Stranglega bönnuð Jakobi

Undirritaður er alger kveif þegar hryllingsmyndir eru annars vegar. Í gærkvöldi horfði ég til dæmis ekki á „I Know What You Did Last Summer" á Stöð 2. Taugakerfi þess miðaldra manns sem hér skrifar býður ekki upp á slíkt. Verstar eru myndir sem vísa í satanisma, geðveiki og drauga. Omen og Shining eru myndir sem kostuðu að ég svaf lengi með ljósið kveikt. Brúður eru líka ískyggilegar einhverra hluta vegna. Og börn – tvíburarnir í Shining. Ég er alger aumingi þegar hryllingsmyndir eru annars vegar.

Vitað er að fjöldi manna hefur gaman að þessu. Skrifaðar hafa verið lærðar ritgerðir um gagnsemi þess að láta hræða sig. En samt. Í ljósi aukinnar móraliseringar í samfélaginu – allt skal nú miðast við móðgunarþröskuld hysterískustu kerlinganna í Vesturbænum – þá er ég líklega bestur allra til þess fallinn að meta hvort leyfa eigi sýningar hryllingsmynda eða ekki. Býð mig hér með fram. Réttast er að ég fari fyrir hryllingsmyndadeild kvikmyndaeftirlits ríkisins. Þá yrði nú frekar veifað öngvu tré en röngu. Myndir bannaðar frekar en leyfðar til að vera öruggur á því.



Eitt sinn ætlaði ég að hræða líftóruna úr krakkaskröttunum og leyfði þeim að horfa á Omen sem þá var sýnd á Bíórásinni. Þó hún væri stranglega bönnuð börnum og þau alltof ung samkvæmt uppskriftinni. (Reyndar er vonlaust að taka mark á þessum merkingum en það er önnur saga.) Sjálfur var ég með glennta skjáina og hárið upp í loft eins og ég fengi stöðugt rafstuð. En þau létu sér hvergi bregða. Fannst þetta frekar dauft. Og hafa þetta á mig ef ég ætla að setja þeim stólinn fyrir dyrnar með að horfa á einhvern viðbjóðinn. „Heyrðu! Þú leyfðir okkur að horfa á Omen!" Og horfa á mig þessu ískalda djöfullega augnaráði. Staða sem ekki hefði þurft að koma upp. Því Omen hefði hreinlega aldrei fengist sýnd hér á landi hefði ég þá verið kominn þangað sem ég ætla mér: Að vera í aðstöðu til að banna öðru fólki að horfa á allt það sem misbýður mér sjálfum.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Vesturálman RÚV



▶ **19.10** Freddie Stöð 2



▶ **19.40** Everybody Hates Chris Skjár einn



▶ **22.00** The Life Aquatic with Steve Zissou Stöð 2 Bíó



▶ **22.20** Supernatural Sirkus

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**08.06 Litla prinsessan** (3:30)
**08.17 Lubbi læknir** (52:52)
**08.29 Snillingarnir** (25:28)
**08.55 Sigga ligga lá** (51:52)
**09.08 Hundaþúfan** (3:6)
**09.15 Stundin okkar (e)**
**09.40 Kastljós**
**10.10 EM í frjálsum íþróttum innanhúss** Bein útsending frá Birmingham.
**12.00 Gettu betur (e)** (2:7)
**13.00 Alpasyrpa**
**13.25 EM í frjálsum íþróttum innanhúss** Bein útsending frá Birmingham.
**16.30 Íslandsmótið í handbolta** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Fram í DHL-deild karla.
**18.00 Táknmálsfréttir**
▶**18.10 Vesturálman** (4:22) (West Wing)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
**20.50 Þerna á Manhattan** (Maid in Manhattan) Bandarísk bíómynd frá 2002.
**22.35 Í loft upp** (Blown Away) Bandarísk spennumynd frá 1994.
**00.30 Allir elska Alice** (Alla älskar Alice) Sænsk verðlaunamynd frá 2002.
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Cheaper by the Dozen**
**08.00 Bride & Prejudice**
**10.00 Princess Diaries 2**
**12.00 Doctor Dolittle**
**14.00 Cheaper by the Dozen**
**16.00 Bride & Prejudice**
**18.00 Princess Diaries 2: The Royal Engagement**
**20.00 Doctor Dolittle** Aðalhlutverk: Eddie Murphy. Leyfð öllum aldurshópum.
▶**22.00 The Life Aquatic with Steve Zissou**
**00.00 Special Forces**
**02.00 Pretty When You Cry**
**04.00 The Life Aquatic**

## 2

**07.00 Ruff's Patch**
**07.10 Gordon the Garden Gnome**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir** (1:11) (e)
**07.40 Barney**
**08.05 Engie Benjy** (Véla-Villi)
**08.15 Grallararnir** (Tiny Toons)
**09.00 Justice League Unlimited**
**09.25 Kalli kanína og félagar**
**09.45 Tracey McBean**
**10.00 A.T.O.M.**
**10.25 Stolen Summer** (Sumarævintýri) Ljúfsár uppvaxtarsaga fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um ungan guðhræddan 8 ára gamlan dreng sem setur sér það verkefni í að hjálpa einhverjum að komast til himna.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**14.30 X-Factor (e)** (15:20) (Úrslit 7)
**15.50 X-Factor - úrslit símakosninga**
**16.20 The New Adventures of Old Christin** (1:13) Nýr gamanþáttur sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum.
**17.00 Sjálfstætt fólk**
**17.45 60 mínútur** (60 Minutes)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
▶**19.10 Freddie** (21:22) (Móðir allra afa)
**19.30 Joey** (5:22)Í kvöld reynir Joey að sannfæra húseiganda um að selja sér húsið sitt við litla hrifningu Ginu.
**19.50 Stelpurnar** (9:20)
**20.15 Must love dogs** (Verður að elska hunda) Bráðskemmtileg gamanmynd sem segir frá konu sem á í vandræðum með að jafna sig eftir skilnað og því ákveður systir hennar að setja inn auglýsingu fyrir hana á stefnumótasíðu. Aðalhlutverk: Diane Lane, John Cusack, Elizabeth Perkins. Leikstjóri: Gary David Goldberg. 2005.
**21.55 Beyond Borders** (Án landamæra) Dramatísk og ástríðufull spennumynd með Angelinu Jolie og Clive Owen. 2003. Stranglega bönnuð börnum.
**00.00 Envy** (Öfund)
**01.35 In the Shadows**
**03.20 Knockaround Guys**
**04.50 Freddie (21:22)**
**05.10 Joey - NÝTT (5:22)**
**05.30 Stelpurnar (9:20)**
**05.50 Fréttir**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**16.35 Trading Spouses (e)**
**17.20 KF Nörd** (7:15) (Fjölmiðlafár í Borgarnesi) Nördunum hefur ekki gengið eins vel og þeir vonuðust eftir. Stákarnir eru þó langt frá því að vera búnir að gefast upp. Næsta verkefni þeirra er að mæta landsfrægum fjölmiðlamönnum í sannkölluðum hörkuleik. Meðal leikmanna sem þeir mæta eru, Hermann Gunnarsson, Simmi Idold, Ívar Guðmundsson á Bylgjunni og margir fleiri.
**18.00 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.55 3. hæð til vinstri** (30:39) Í blokk einni í Reykjavík búa vinirnir Bragi og Hrafntinna. Bragi er bókmenntafræðingur sem þráir ekkert heitar en að gerast kennari en Fjóla er listamaður. Dag einn flytur bróðir Braga inn til vinanna og lífið í íbúðinni raskast við það. Til þess að halda friðinn í íbúðinni ákveða þau að videoblogga um líf sitt á heimilinu og fá þannig útrás fyrir reiðina. 3.hæð til vinstri er 5 mínútna videoblogg á hverjum degi á Sirkus klukkan 19:55
**20.00 South Park (e)**
**20.30 American Dad 3 (e)**
**21.00 The Loop (e)** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann.
**21.30 Smith - NÝTT (e)**
▶**22.20 Supernatural (3:22)**
**23.10 Dave Chappelle**
**23.40 Tuesday Night Book Club - NÝT (e)**
**00.25 Twenty Four (18:24) (e)**
**01.10 Entertainment Tonight (e)**
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**09.00 2006 World Pool (e)**
**10.45 Vörutorg**
**11.45 Rachael Ray (e)**
**14.00 MotoGP - Upphitun (e)** SkjárEinn mun sýna beint frá öllum 18 mótum ársins og fjörið hefst 10. mars. Í dag eru ökuþórar og mótorhjólin kynnt fyrir áhorfendum en hjólin eru kraftmeiri en nokkru sinni fyrr.
**15.30 Top Gear (e)**
**16.25 Psych (e)**
**17.15 Parental Control (e)**
**17.40 Fyrstu skrefin - NÝTT (e)**
**18.10 Survivor: Fiji (e)**
**19.10 Game tíví (e)**
▶**19.40 Everybody Hates Chris (e)**
**20.10 What I Like About You**
**20.35 Parental Control**
**21.00 Fyndnasti Maður Íslands 2007 - NÝTT** Íslenskir grínistar fá tækifæri til að láta ljós sitt skína. Haldnar verða fjórar undankeppnir og þeir bestu komast áfram í úrslitin, sem fara fram í byrjun apríl. Hver keppandi fær að hámarki 10 mínútur til að sanna sig.
**22.00 Battlestar Galactica**
**22.45 The Discovery of Heaven** Hollensk mynd frá árinu 2001 sem vakti verðskuldaða athygli. Guð er ósáttur við mannkynið og vill endurheimta steintöflurnar tvær sem hann gaf Móses með boðorðunum tíu. Það reynist þó flóknara en hann hafði gert ráð fyrir. Óvenjuleg mynd sem kemur skemmtilega á óvart. Leikstjóri er Jeroen Krabbé.
**00.55 Dexter (e)**
**01.45 The Silvia Night Show (e)**
**02.15 Nightmares and Dreamscapes**
**03.05 Vörutorg**
**04.05 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**11.45 Upphitun (e)**
**12.15 Liverpool - Man. Utd. (beint)** Bein útsending frá sannkölluðum stórleik.
**14.50 Arsenal - Reading (beint)** Á sama tíma eru aðrir leikir sýndir á hliðarrásum.
**16.05 Portsmouth - Chelsea (beint)**
**18.15 Liverp. - Man. Utd. (frá 03. mars)**
**20.15 Fulham - Aston V. (frá 03. mars)**
**22.15 Newcastle - Middlesbrough**




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.15**

### Must Love Dogs



Sprenghlægileg og rómantísk mynd með þeim John Cusack og Diane Lane í aðalhlutverkum. Lane leikur nýfráskilda konu sem á erfitt með að hefja nýtt líf. Vinir hennar og fjölskylda hafa stökustu áhyggjur af henni og það endar með því að sett er auglýsing á einkamálasíðu án hennar vitundar. Eftir nokkur skelfileg stefnumót hittir hún Jake, sem á í jafnmiklum vandræðum með einkalífið og hún sjálf.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ THE NEW ADVENTURES OF OLD CHRISTINE Á STÖÐ 2 KL. 16.20**



Fyrir þá sem fá ekki nóg af Seinfeld er um að gera að fylgjast með The New Adventures of Old Christine, sem Stöð 2 hefur til sýninga. Þar fer Julia Louis-Dreyfus úr Seinfeld með hlutverk Christine Campbell, fráskilinnar móður og eiganda líkamsræktarstöðvar. Hún er kölluð „old Christine“ af þeim sökum að fyrrum eiginmaður hennar hefur tekið saman við konu sem einnig heitir Christine, og er því kölluð sú nýja.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Laugardagur til lukku **08.00** Fréttir **08.05** Músík að morgni dags **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hlustir
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Hugsað heim (7:8)
**21.05** Pipar og salt
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lestur Passíusálma (24:50)
**22.22** Flakk
**23.10** Danslög
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**09.05** PGA Tour 2007 - Highlights
**10.00** Það helsta í PGA mótaröðinni
**10.25** Pro bull riding (Las Vegas, NV - Mandalay Bay / Thomas & Mack, Part 2)
**11.20** World Supercross GP 2006-2007 (Georgia Dome)
**12.15** NBA deildin (Miami - Detroit)
**14.15** Meistaradeild Evrópu (Porto - Chelsea)
**15.55** Meistaradeildin með Guðna Bergs
**16.25** Arnold Schwarzenegger mótið
**16.50** Football Icon (Football Icons 2)
Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.
**17.35** Football Icon (Football Icons 2)
**18.20** Spænski boltinn - upphitun
**18.50** Spænski boltinn (Valencia - Celta)
Bein útsending
**20.50** Spænski boltinn (Sevilla - Barcelona)
Sannkallaður stórleikur í spænska boltanum. Liðin sem skipst hafa á því að sitja í toppsætinu í vetur, Sevilla og Barcelona. Heimavöllur Sevilla er víðfrægur en þar leika Spánverjar gjarnan landsleiki. Leikur Barcelona hefur verið upp og ofan að undanförnu og spurning hvort landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen fái ekki tækifæri.
**22.50** Box - Samuel Peter vs. Jam
**23.55** Hnefaleikar (Felix Trinidad - Ricardo Mayorga)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.30** Gurli Gris **6.35** Noddy **6.50** Disney Sjov **7.50** Frikvarter **8.15** Barda **8.45** Dragejægerne **9.10** Troldspejlet **9.35** Lovens vogtere **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Ungdomsprogram **10.30** Viften **11.00** TV Avisen **11.10** Kløvedal i Kina **12.10** Boogie Listen **13.15** Hiv stikket ud med Master Fatman **14.15** Fire i én **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.10** Danish Music Awards **18.30** Martin og Alexandra **19.00** Danish Music Awards 2007 **21.00** Kriminalkommissær Barnaby **22.35** En hot date **0.05** Den 11. time **0.35** Boogie Listen

### DR 2

**7.00** En plads i livet **7.30** Vejen til Tyrkiet **8.00** Attention småbørn **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Nyheder fra Grønland **9.30** Atletik: EM indendørs **16.30** De uheldige helte **17.30** De danske jøder **18.10** Emir Kusturica - en følsom barbar 1**9.00** DR2 Fotografiets mestre **19.03** Årets pressefoto **19.15** Før og efter klikket **19.25** Alle billeder har en historie **19.35** Magnum N.Y.C. **19.45** 3 x Magnum **20.30** Robert Capa **21.20** Magnum Dias **21.30** Deadline **21.50** Jersild & Spin **22.20** Normalerweize **22.45** Familie på livstid **23.05** Trailer Park Boys **23.30** Murder City

### SVT 1

**7.00** BoliBompa **7.01** Meckar-Micke **7.15** Dagens visa **7.20** Zoé Kézako **7.35** I Mumindalen **8.00** Karamelli **8.30** Sagoträdet **8.45** Riddaren av Pelargonien **9.00** Klister **9.15** Rea **9.40** Amigo **10.15** Antikrundan **11.15** Uppdrag Granskning **12.15** Leende guldbruna ögon **13.15** Friidrotts-EM i Birmingham **16.30** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **17.00** Disneydags **18.00** Skokartongens hemlighet **18.25** Radiohjälpen hjälper **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2007 **20.30** Brottskod: Försvunnen **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.0** Så ska det låta **23.05** Peeping Tom - en smygtittare **0.45** Sändningar från SVT24 **4.15** Skidor: VM i Sapporo **5.00** Skidor: VM i Sapporo




## PERSÓNAN



*Einar Sveinbjörnsson*

**Aldur:** 41
**Starf:** Aðstoðarmaður umhverfisráðherra og veðurfræðingur.
**Fjölskylda:** Kvæntur með þrjú börn.
**Foreldrar:** Sveinbjörn Sigurðsson tæknifræðingur og Vény Lúðvíksdóttir, kennari í Hafnarfirði.
**Búseta:** Í Eikarási í Garðabæ.
**Stjörnumerki:** Hrútur.
**Einar** Sveinbjörnsson veðurfræðingur spáði fyrir um svifrykstopp í höfuðborginni í vikunni og kom þannig umræðunni af stað.

# Trommari lýsir mótórhjólakeppni

Björgvin Ploder, trommari Sniglabandsins, lýsir mótorhjólaþættinum Motogp sem hóf göngu sína á Skjá einum um síðustu helgi.

Það eru hæg heimatökin hjá Björgvini því hann starfar sem hljóðmaður á Skjá einum og var hann meira en lítið æstur þegar hann frétti af því að stöðin hefði fest kaup á uppáhaldsþættinum sínum. „Ég er búinn að fylgjast með þessu í tólf til fimmtán ár á Eurosport,“ segir Björgvin. „Ég fór beint í mína yfirmenn og sagðist ætla að lýsa þessu.“ Áttu yfirmennirnir erfitt að standast þessa ákveðni Björgvins og réðu hann á staðnum. „Þessi keppni er í sama flokki og Formúlan er fyrir bílana. Þetta er samt ekki keppni í því hver er fljótastur að skipta um dekk eða setja bensín á, heldur keppni í því hver er fljótastur að keyra. Þeir stoppa ekkert og það er ofboðslega skemmtilegt að fylgjast með þessu,“ segir hann og bætir því við að hraðskreiðustu hjólin fari upp í 300 km hraða. Björgvin er, eins og gefur að skilja, forfallinn mótorhjólaáhugamaður og á hvorki fleiri né færri en fjögur hjól. Eitt þeirra er ´67 módel en hin þrjú eru ´80 módel. Átján ár eru nú liðin síðan hann fór með félögum sínum í Sniglabandinu í eftirminnilega mótorhjólaferð til Sovétríkjanna þáverandi, þar sem þeir feyktust um á fákum sínum og héldu tíu tónleika. „Við vorum í mánuð í Sovét og þvældumst um öll Eystrasaltsríkin, fórum til Moskvu, Hvíta Rússlands og síðan til Leníngrad, sem núna heitir St. Pétursborg. Ég hef aldrei verið jafnfrægur og þá en það vissi bara enginn af því.“ - fb



**Á MÓTORFÁKNUM** Björgvin Ploder ekur um á sama mótorhjóli og var notað í frægu myndbandi Sniglabandsins við lagið sívinsæla Jólahjól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2** himinn **6** persónufornafn **8** klettasprunga **9** snîkjudýr **11** málmur **12** heill **14** jurt **16** hvað **17** loka **18** kærleikur **20** í röð **21** yfirbragð.
**LÓÐRÉTT**
**1** hríma **3** einnig **4** peningamál **5** blekking **7** bungast **10** rá **13** hár **15** stefna **16** rámur **19** golfáhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** loft, **6** ég, **8** gjá, **9** lús, **11** ál, **12** allur, **14** pálmi, **16** ha, **17** lás, **18** ást, **20** lm, **21** stíl.
**LÓÐRÉTT: 1** héla, **3** og, **4** fjármál, **5** tál, **7** gúlpast, **10** slá, **13** ull, **15** ismi, **16** hás, **19** tí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Pétur Gautur.
2. „Bubbi fallinn!“
3. Matthías Bjarnason.

MARKAÐURINN
Einfalt mál
á www.visir.is alla daga




**VEKJA ATHYGLI** KK og Maggi Eiríks hafa vakið mikla athygli í Sjanghæ. Hér eru þeir ásamt Óttari Felix Haukssyni útgefanda, sem er lengst til vinstri.

### KK OG MAGGI EIRÍKS: FAGNA ÁRI SVÍNSINS Á HINUM ENDA HEIMSINS

# Íslenskur blús í Kína

„Kínverjar hafa ekki kynnst blúsnum að ráði en eru þó hrifnir af honum, sérstaklega hér í Sjanghæ sem er hliðið að umheiminum í þessum efnum,“ segir tónlistarmaðurinn KK. Þeir Magnús Eiríksson hafa dvalið ásamt Óttari Felix Haukssyni útgefanda í Sjanghæ í Kína undanfarið við upptökur á nýrri plötu, sem gefin verður út þar í landi sem og á Íslandi í sumar.

Í kvöld troða þeir upp á tónleikum undir yfirskriftinni Kveðja frá Íslandi. KK og Magnús voru að stilla saman strengi sína þegar Fréttablaðið truflaði þá. „Ár svínsins gekk í garð hér í landi fyrir skemmstu og nýárshátíðin stendur yfir fram á sunnudag,“ segir KK. „Við vorum fengnir til að spila á tónleikum í Borgarleikhúsinu í Sjanghæ í tilefni af hátíðarhöldunum og ætlum að bjóða upp alls kyns blús og tökum mikið af lögum eftir okkur sjálfa. Bæði platan og tónleikarnir hafa átt sér langan aðdraganda og það er gaman að þetta er að verða að raunveruleika.“ KK er ekki alls ókunnugur Kína, því þetta er í þriðja sinn sem hann heimsækir landið. „Ég fór fyrst til Peking árið 1999 og fyrir hálfu öðru ári kom ég fram á listahátíð hér í Sjanghæ. Það hafa engar smá breytingar átt sér stað á þessum stutta tíma, þetta er orðin ein öflugasta þjóð í heimi.“

Tónleikar KK og Magnúsar hafa vakið athygli fjölmiðla í Sjanghæ, fjórar sjónvarpsstöðvar og níu dagblöð hafa fjallað um þá, til dæmis birtist viðtal við KK í dagblaðinu Shanghai Daily, þar sem honum er lýst sem „endurreisnarmanni blústónlistarinnar“. „Okkur hefur verið tekið afskaplega vel,“ segir blúsarinn. „Okkur var til dæmis boðið í siglingu eftir fallegri á í grennd við borgina. Um borð fengum við meðal annars ljúffengan mat en vorum frekar lengi að borða og frekar en að senda okkur í land án þess að klára matinn var bátnum bara snúið við og tekinn aukahringur. Okkur líður eins og kóngafólki hér.“ bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið greindi frá því í gær að á biskupsstofu er mönnum ekki skemmt vegna fréttaskýringar **Kristins Hrafnssonar** um stöðu kirkjunnar. Biskup skrifaði Kompási harðort bréf þar sem hann fordæmdi fréttaflutninginn. Og Kristinn kominn út af sakramentinu. Þessi orrahríð hefur hins vegar í för með sér afar sérstæða stöðu. **Adda Steina Björnsdóttir**, talsmaður biskups, er gift **Þóri Guðmundssyni** sem situr í ritstjórn Kompáss. Ljúft og skylt er þó að greina frá því að meðan málið var tekið fyrir þar á bæ og viðbrögð við hinu harðorða bréfi rædd vék Þórir sæti.



Nú þegar stanslaus fréttaflutningur er af uppgangi í málverkasölu heyrist að sjónvarpsstjarnan **Logi Bergmann Eiðsson** setji í frístundum upp alpahúfu og stilli sér upp fyrir framan trönurnar með pensil í hendi. Hefur hann þegar selt nokkrar myndir og er mikils af honum að vænta í fjarlægri framtíð þegar fræknum ferli á skjánum lýkur.



Nú stendur yfir undankeppni í Fyndnasta manni Íslands. Á fimmtudag í Austurbæ mátti engu muna að **Hákon nokkur U. Seljan Jóhannsson** myndi sigra og skeikaði aðeins einu desibili en árangur er metinn með hávaðamæling á undirtektum áhorfenda. **Helgi** heitir bróðir Hákons og er sjónvarpsstjarna. Hann vill meina að bróðir sinn hafi verið miklu fyndnari en **Kári Björn Þorleifsson** sá sem sigraði. En þrátt fyrir ákóf hvatningaróp Helga mátti hann sín lítils gegn öflugu klappliði Kára.



Langur Laugardagur
á Laugaveginum
Opið 11-**18** í dag
Allt fullt af nýjum vörum
Fermingarfatnaður í miklu úrvali
galleri laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

# Kíló af smjöri á 15 mínútum

Óvenjuleg keppni fer fram á veitinga- og kúrekastaðnum Tony´s County undir Ingólfsfjalli í kvöld þegar bitist verður um sigur í smjöráti. Hafa keppendur fimmtán mínútur til að slafra í sig einu kílói af smjöri og sá sem er fljótastur fær að launum fimmtíu þúsund krónur í verðlaun.

Að sögn Eymundar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Tony´s County, munu að minnsta kosti fjórir taka þátt. „Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið gert nokkru sinni áður,“ segir Eymundur, sem var að borða harðfisk og vantaði smjör þegar hann fékk hugmyndina.

Til að hafa vaðið fyrir neðan sig ákvað Eymundur að fá hjúkrunarfræðing til að vera á staðnum ef eitthvað kemur upp á. Einnig verða fötur á gólfinu ef menn þurfa að kasta upp. „Við höfðum samband við lækni og hann segir að þetta sé óþverri inn í æðarnar að fá þetta í svona magni á svona stuttum tíma en þetta er ekki hættulegt. Það er helst að það verði mjúkar hægðir á eftir,“ segir Eymundur, sem opnaði staðinn rétt fyrir síðustu jól. Segir hann viðtökurnar hafa verið framar vonum og fjölmargir hópar og fyrirtæki hafi sótt Tony´s heim og drukkið í sig amerísku kúrekamenninguna.



**KÚREKAR SUÐURSINS** Eymundur Gunnarsson, til vinstri, í kúrekadressinu sínu ásamt veitingastjóranum Sverri Inga Garðarssyni.

Auk smjörátsins bjóða Eymundur og félagar upp á ýmsar aðrar uppákomur. Má þar nefna Coyoty Ugly-kvöld sem var haldið í fyrsta sinn í gærkvöldi þar sem léttklæddar barstúlkur stukku upp á borð og helltu í gestina, líkt og í samnefndri kvikmynd. - fb



PANASONIC DVD UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISKI
BT
1. Pásaðu fréttirnar eða leikinn með TimeSlip
2. Taktu upp án þess að leita að tómri spólu eða diski
3. Láttu tækið sjálfvirkt taka upp uppáhalds þátt-öinn þinn í hverri viku
4. Færðu upptökur af VHS eða Hi8 yfir á DVD án þess að kveikja á tölvunni
5. Skoðaðu ljósmyndir úr myndavélinni með SD kortalesara
6. Divx afspilun
Panasonic
AS SEEN ON TV
HDD & DVD
Panasonic
29.999
DMRES15
DVD upptökutæki
2.699
Raðgreiðslur 12 mán.
24.999
Staðgreitt
Panasonic
59.999
DMREH55
160GB
Allt að 254 klst. upptaka
4.999
Raðgreiðslur 12 mán.
49.999
Staðgreitt
Panasonic
71.999
DMREH65
250GB
Allt að 443 klst. upptaka
HDMI tengi fyrir stafræna mynd
5.999
Raðgreiðslur 12 mán.
59.999
Staðgreitt
17" FARTÖLVA Á RUGLVERÐI
17"
Frábær fermingar-tilboð í BT
TOSHIBA
PSPADE-00M00VN5
TOSHIBA SATELLITE P100-454
Intel® Core 2 Duo T5500
17" WXGA HB TrueBrite
- Upplausn 1440 x 900
nVIDIA GeForce Go 7600 128MB
2GB DDR Minni (Mest 4GB)
100GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 5 - 1
Harman Kardon® hátalarar
SRS® TruSurround XT™ System og SRS® WOW
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Vökvaþolið lyklaborð
HD to go - mobile High Definition viewing
Rafhlöðuending 2:50 (Mobile Mark™)
Þyngd 3.6kg
Microsoft® Windows® Vista Premium
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
WinDVD™
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum
Satellite
30.000kr. VERÐLÆKKUN
*9.745
mv. 24 mán
400 GB
FYLGIR
22.999
Core 2 Duo
-40% hraðvirkari
100GB harður diskur
-fyrir gögnin
GeForce Go 7600
-Fyrir leikina
DV Ready
-fyrir tökuvélina
2GB minni
-Fyrir vinnsluna
Þráðlaust net
-til þæginda
6.950
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
9.745
*Raðgreiðslur 24 mán.
179.999
Staðgreitt

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Verðfangar

Á dögunum fengum við parið þá undursamlegu hugmynd að bregða okkur út fyrir landsteinana í eina litla helgarferð, svona rétt til að hlaða batteríin áður en undirritaður steypir sér í kosningabaráttu og fer að hlaupa um kjördæmið eins og byssubrandur til þess að tala uppi á kössum í stórmörkuðum, taka í höndina á borgurunum og dreifa bæklingum. Við uppveðruðumst við þessa hugmynd og náðum í dagatölin okkar. Þarna var helgi laus, upplagt að skjótast til London, þar sem við getum meira að segja fengið ókeypis gistingu. Þessi stórbrotna ráðagjörð átti ekki að geta mistekist. Við vorum byrjuð að pakka í huganum.

**EN** svo fórum við á netið. London er í alfaraleið, þannig að við bjuggumst við að undir eins myndu poppa upp á netsíðum flugfélaganna aðlaðandi tilboð um flugfarseðla. Þrjú flugfélög fljúga þessa leið, Iceland Express, Icelandair og British Airwaves, þannig að þarna ætti að vera samkeppni. Og mars er ekki beinlínis háannatími, að því er ég best veit. Við bjuggumst því við að það hlyti að vera hægt að fljúga til London fyrir tæplega 20 þúsund krónur á mann, ef ekki minna. Það er alla vega sú tala sem maður heyrir yfirleitt, þegar flugfélögin auglýsa.

**NIÐURSTAÐA** verðkönnunar okkar var þessi: Ódýrustu farmiðarnir sem flugfélögin gátu boðið okkur upp á voru á bilinu 60 þúsund til 85 þúsund krónur fyrir okkur bæði. Þannig var nú það. Ég ítreka að ég er að tala um London, ekki Suður-Afríku eða Fiji-eyjar. Og þetta voru bara flugmiðarnir. Eitt flugfélagið reyndi að koma betur út úr verðsamanburðinum með því að láta flugvallarskattana og önnur gjöld koma inn í verðið á síðari stigum bókunarferlisins, en við sáum í gegnum það. Skattar og gjöld fyrir okkur bæði reyndust í öllum tilvikum vera í kringum 20 þúsund kallinn.

**HUGMYNDIN** var skotin niður. Þetta voru ekki réttlætanlegar summur fyrir þriggja daga ferð. En segjum nú sem svo að okkur hefði dottið í hug í staðinn að vera sannir Íslendingar og skreppa í flugferð innanlands, til dæmis til Akureyrar á skíði. Nú vill svo til að við athuguðum það fyrr í vetur. Bara farið þangað reyndist vera á u.þ.b. 40 þúsund krónur fyrir tvo. „Það er bara eins og að fara til London," sögðum við þá. Tómt mál að tala um landið sem eitt atvinnusvæði meðan það kostar formúur að ferðast um það, hugsaði ég, pólitískt.

**ÉG** held að niðurstaðan úr þessu öllu sé sú að líklega förum við ekki hænufet. Í mesta lagi í bíó. Það er líklega eina ódýra leiðin sem Íslendingar hafa til þess að flýja veruleikann, án þess að fara á hausinn. Ef boðið væri upp á skipasiglingar eins og á tímum Fjölnismanna á þolanlegu verði myndi ég slá til. Það er nokkuð ljóst að eitthvað þarf að gera í málinu. Íslendingar eru verðfangar í eigin landi. Ég er alvarlega að íhuga að setja á flot flöskuskeyti, í anda Róbinson Krúsó, með beiðni um neyðaraðstoð.


